



# FLATASKÓLI



ÁRSSKÝRSLA  
SKÓLAÁRIÐ 2009 – 2010

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Annáll skólaársins .....	3
1. Ýmsar upplýsingar.....	9
Stjórnendur Flataskóla.....	9
Nefndir og ráð.....	9
Skóladagatal .....	10
Skipting námsgreina .....	11
2. Nemendur Flataskóla.....	12
3. Starfsmenn Flataskóla .....	13
4. Þróunarstarf og símenntun starfsmanna .....	16
SMT- skólafærni.....	16
Þróunarverkefnið – Útikennsla í Flataskóla .....	18
Grænfánaverkefnið .....	21
Heimaskólaverkefni – vettvangsnám kennaranema .....	25
5. Skýrsla sjálfsmatsnefndar .....	26
Skorkort Flataskóla 2009 - 2010 .....	29
6. Samstarf heimilis og skóla.....	33
Námskynningarfundir .....	33
Foreldradagar.....	33
Skýrsla skólaráðs Flataskóla.....	33
Skýrsla foreldrafélags Flataskóla .....	34
Bekkjarfulltrúar .....	35
7. Skýrslur umsjónarkennara .....	37
Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk.....	37
Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk.....	40
Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk.....	42
Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk.....	43
Samræmd könnunarpróf í 4. bekk – niðurstöður.....	46
Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk.....	47
Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk.....	50
Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk.....	52
Samræmd könnunarpróf í 7. bekk - niðurstöður .....	55
8. Skýrsla um sérkennslu .....	56
9. Skýrslur list- og verkgreinakennara.....	59
Hönnun og smíði í 4. - 7. bekk .....	59
Textílmennt.....	60
Myndmennt.....	63
Mósaík í 5. bekk .....	65
Sund.....	65
Íþróttir.....	67
Heimilisfræði.....	68
Tónmennt.....	70
10. Ýmsar skýrslur.....	74
Skýrsla námsráðgjafa.....	74
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu - og upplýsingatækni.....	76
Skýrsla skólabókasafns.....	83
Skýrsla tómstundaheimilis Flataskóla .....	87

## Inngangur

Ársskýrsla Flataskóla kemur nú út í níunda sinn. Markmiðið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í Flataskóla ár hvert. Í hverri nýrri skýrslu er reynt að gera betur og bæta inn nýjum þáttum, þó flest sé með hefðbundnu sniði. Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á vefsíðu skólans, <http://www.flataskoli.is>.

Ársskýrslunni er dreift á rafrænu formi til foreldrafulltrúa í skólaráði, formanns foreldrafélags Flataskóla, fulltrúa í skólanefnd Garðabæjar, forstöðumanns fræðslu- og menningar sviðs og deildarstjóra skóladeildar. Aðeins eru prentuð tvö eintök af skýrslunni sem eru varðveitt á bókasafni Flataskóla og skjalasafni á bæjarskrifstofum Garðabæjar. Skýrslan er einnig aðgengileg á heimasíðu skólans.

## Annáll skólaársins

Hér verða raktir þeir fjölmörgu viðburðir sem áttu sér stað í Flataskóla skólaárið 2009-2010. Fjallað verður almennt um skólastarfið, gert grein fyrir ýmsum viðburðum og verkefnum sem unnið var með. Nánar má lesa um aðra þætti skólastarfsins í einstökum köflum skýrslunnar.

Skólastarfið hófst með því að starfsmenn mættu til starfa 13. ágúst að loknu sumarleyfi og hófu vinnu við undirbúning skólaársins. Dagana 19. – 23. ágúst fóru starfsmenn Flataskóla í velheppnaða námsferð til Noregs. Þar kynntu þeir sér SMT-skólaferni og útikennslu. Tóku þar m.a. þátt í útikennslunámskeiði í norskum skóla, dvöldu daglangt úti í skógi og unnu þar ýmis verkefni. Mikil ánægja var meðal starfsmanna með námsferðina.

Formleg skólasetning Flataskóla var mánudaginn 24. ágúst, þegar nemendur komu fyrsta skóladaginn. Ánægjulegt var að sjá hversu margir foreldrar og forráðamenn mættu við skólasetningar. Skólastarf hófst síðan hjá hverjum árgangi strax að lokinni skólasetningu.

Byrjun skólastarfsins var að venju helguð hópeflis- og samskiptapema hjá öllum nemendum. Þar var áhersla lögð á að efla félagsleg samskipti og bekkjarandann. Í fyrstu viku var einnig umferðavika og kom þá lögreglan og heimsótti nemendur í 2., 4. og 6. bekkjum. Fengu nemendur þá fræðslu um umferðarreglur, hjálmanotkun, notkun endurskinsmerkja. Einnig ræddi hann við nemendur um búðarhnúpl og skemmdarverk.

Í nóvember var ein vika helguð vináttu. Markmið vikunnar var að efla vináttu og samkennd í skólanum og kynna og festa betur í sessi skilning á síðum skólans. Vinabekkir heimsóttu hver annan og skiptust m.a. á vinaböndum. Eldri nemendur kynntu fyrir yngri nemendum síði skólans og allir nemendur skólans unnu með síðina á skapandi hátt. Afrakstur þeirrar vinnu var síðan til sýnis á göngum skólans. Einnig skrifuðu nemendur falleg orð um vináttuna á miða og settu á sameiginlegt vinatré skólans. Í lok vikunnar fóru svo allir nemendur og starfsmenn út og mynduðu vinakeðju í kringum skólann. Þótti þetta átak takast mjög vel og vinabekkir styrktu vináttu sína og kynntust betur.

Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember, var að venju haldinn hátíðlegur í Flataskóla. Tvær hátíðardagskrár voru fluttar í sal skólans þar sem allir nemendur voru virkir þátttakendur undir stjórn Hjördísar Ástráðsdóttur, tónmenntakennara sem átti veg og vanda að undirbúningi.

Eins og undanfarin ár heimsóttu skólann margir góðir gestir. Gídeonfélagar færðu nemendum í 5. bekk Nýja testamentið að gjöf. Konur úr Lionsklúbbnum Eik komu í heimsókn í skólann og færðu nemendum góðar gjafir. Gáfu þær nemendum í 2. bekk litabækur sem m.a. er ætlað að vekja athygli nemenda á eldvörnum og kenna þeim neyðarnúmerið 112.

Síðustu helgina í nóvember stóð foreldrafélag Flataskóla fyrir jólaföndri í skólanum. Var þá glatt á hjalla og fjölskyldur fönndruðu saman.

Í desember var að venju svokallaður rugldagur og er sá dagur orðin föst hefð í skólanum. Þá var öllu snúið við í Flataskóla. Störf allra starfsmanna lentu í potti og dró hver og einn sér nýtt starf og leysti það af hendi fram að hádegi þann dag, m.a. kenndi skólastjórinn íþróttir, skólaliðar unnu sem kennarar og kennarar afgreiddu í matsalnum. Markmiðið með deginum var að hafa gaman af og fá tilbreytingu í skólastarfið en einnig að starfsmenn kynntust betur störfum hvers annars og að nemendur fengju tækifæri til að kynnst starfsmönnum á annan hátt. Að mati nemenda og starfsmanna var dagurinn vel heppnaður og allir skemmtu sér vel.



Kátir starfsmenn á rugldeginum

Árleg aðventuguðspjónusta Flataskóla fór fram í Vídalínskirkju sunnudaginn 14. desember. Nemendur 5. bekkja fluttu helgileik undir stjórn Hjördísar Ástráðsdóttur, tónmenntakennara og einnig var ljóðalestur og leikið á hljóðfæri. Fjöldi kirkjugesta tók virkan þátt í athöfninni og nemendur stóðu sig með mikilli þryði.

Foreldrafélags Flataskóla bauð nemendum í 7. bekk og foreldrum þeirra á fyrirlestur hjá Páli Ólafssyni félagsráðgjafa í janúar. Í fyrirlestrinum gaf Páll ýmis góð ráð um samskipti foreldra og barna og benti á góðar leiðir til að leysa ágreining sem oft vill koma upp.

Tvisvar sinnum á skólaárinu var í gangi svokallaður 100 miða leikur meðal starfsmanna og nemenda skólans. Það voru vikurnar 2. – 13. nóvember og 8. – 19. mars. Leikurinn gekk út á það að tveir starfsmenn á dag fengu hvor um sig fimm sérstaka hrósmiða sem þeir áttu að gefa tíu nemendum sem þeim fannst fara sérstaklega vel eftir síðum Flataskóla. Nemendur vissu ekki hvaða starfsmenn voru með miðana hverju sinni. Þegar nemandi fékk miða dró hann númer og setti miðann á það númer á spjald sem staðsett var hjá skrifstofu skólans. Markmið leiksins er að nemendur fari eftir síðum skólans, sýni fyrirmyndarhegðun og allir hjálpist að við að skapa jákvætt andrúmsloft í skólanum. Verðlaunin í leiknum voru fyrirfram ákveðin og skrifuð á blað ásamt upplýsingum um

hvaða röð á spjaldinu ynni. Þessar upplýsingar voru settar í lokað umslag sem var geymt á skrifstofu skólans en sýnilegt öllum. Í lok leiksins var síðan tilkynnt hver verðlaunin voru og hvaða nemendur fengu þau. Verðlaunin voru annars vegar að fara saman á kaffihús og hins vegar sameiginleg pitsuveisla fyrir verðlaunahafa

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk fór fram í félagsheimili Seltjarnarness þriðjudaginn 24. mars. Nemendur úr Grunnskóla Seltjarnarness og grunnskólum í Garðabæ lásu brot úr skáldverki og ljóð. Þátttakendur komu frá Flataskóla, Hofstaðaskóla, Sjálandsskóla og frá Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi. Það var nemandi í Sjálandsskóla sem var í fyrsta sæti þetta árið.

Ljóðahátíð var haldin í apríl og er hún orðin árlegur viðburður í skólastarfinu. Fyrir hátíðina var ljóðsamkeppni sem allir nemendur skólans tóku þátt í. Nemendur í 1. og 2. bekk unnu með rímljóð, í 3. og 4. bekk var unnið með hækur, í 5. og 6. bekk voru það ferskeytlur og í 7. bekk nútíma- og óhefðbundin ljóð. Ragnar Aðalsteinsson rithöfundur fjallaði um ljóð og ljóðagerð við nemendur í 5. og 6. bekk fyrir ljóðsamkeppnina. Herdís Egilsdóttir kennari og rithöfundur var gestur á ljóðahátíðinni þar sem veitt voru verðlaun í ljóðsamkeppni Flataskóla og fengu vinningshafar bókaverðlaun. Verðlaunaljóð skólans var eftir Önnu Bjarnsteinsdóttur í 7. bekk.

Í apríl var haldið fjöltefli í Flataskóla. Alls tóku 95 nemendur frá 1. til 7. bekk þátt í mótinu. Páll Sigurðsson, formaður Taflfélags Garðabæjar kom með fimm stúlkur úr stúlknalandsliði Íslands og tefldu þær við nemendur. Þær voru að undirbúa sig til að taka þátt í Norðurlandamóti stúlkna í skólaskák. Fjölteflið stóð í tæpa þrjá tíma og var gaman að fylgjast með áhugasömum nemendum. Sumir sýndu snilldartakta í taflmennsku og vonandi á skákíþróttin eftir að eflast enn meir í skólanum. Þær Kristjana Ósk Kristinsdóttir og Heiða Mist Kristjánsdóttir úr 7. bekk gerðu jafntefli sem er glæsilegur árangur.

Í lok apríl tók Flataskóli þátt í listadögum barna og ungmenna í Garðabæ. Nemendur í skólans unnu með fugla á ýmsan máta og var gengið út frá því að útfæra verkefnið á mismunandi hátt í árgöngunum. Í 1. bekk var unnið með fuglagrímur sem nemendur báru í skruðgöngu á opunarhátíð listadaga. Í 2. bekk var unnið að ljóðagerð í fuglahús. Í 3. bekk bjuggu nemendur til leikbrúður og sömdu leikrit upp úr ævintýrum sem þau völdu sjálf. Leikritin sýndu síðan nemendur fyrir fjölda áhorfenda í skólanum á listadögum. Nemendur í 4. bekkur gerðu fótspor risafugls bæði úti og inni og fuglinn sjálfur var svo settur upp í hátíðarsal. Nemendur í 5. bekkur bjuggu til flugdreka og sýndu þá á listadögum. Nemendur í 6. bekk bjuggu til oregami-óróa og tóku einnig þátt í opunarhátíðinni með stompatriði undir stjórn Hjördísar tónmenntakennara. Nemendur í 7. bekk bjuggu til fugla úr frauðplasti og settu vængi á þá úr silkipappír. Einnig voru búnir til þrír risafuglar af nemendum í myndmennt sem staðsettir eru í stigagangi við bókasafn skólans. Öll þessi listaverk nemenda voru til sýnis á listadögum í skólanum og mörg þeirra munu prýða skólann áfram næstu árin.

Í byrjun maí voru haldnir hinir árlegu Flataskólaleikar þar sem nemendum var skipt í aldursblandaða hópa og tóku þátt í hinum ýmsu íþróttum. Áhersla var á óhefðbundnar íþróttir eins og hælահark, dekkjahlaup og stígvélakast. Þóttu leikarnir takast einstaklega vel og gaman var að sjá hve eldri nemendur voru duglegir að aðstoða þá yngri.

Nemendur í 3. og 6. bekk unnu saman í maí að hreinsun á Hraunsholtslæk og tóku þannig þátt í hreinsunarátaki bæjarins. Fyrir það fékk skólinn að launum hvatningarstyrk frá bænum sem nýttur er til útikennsluverkefna nemenda.

Vímuvarnarhlaup Lions, undir stjórn Lionsklúbbsins Eikar, fór að venju fram í maí og nemendur 5. bekkja tóku þátt í hlaupinu. Fyrir hlaupið fræddi Sigrún María Jörundsdóttir,

handboltakona og fyrrum nemandi Flataskóla nemendur um skaðsemi vímuefna og hvatti þau til heilsusamlegra lífnaðarháttá. Vinningsliðið þetta árið var úr 5. HL.

Á vorönn tók Flataskóli annað ári í röð þátt í eTwinningverkefninu Schoolovision sem er rafrænt skólasamstarf í Evrópu. Verkefnið Schoolovision er unnið í samvinnu við 34 önnur Evrópulönd. Verkefnið er í anda Eurovisionsöngvakeppninnar og var aðeins einn skóli frá hverju landi þátttakandi. Flataskóli var þannig fulltrúi Íslands í verkefninu. Í mars voru valdir fulltrúar Flataskóla úr hópi fjórtán flytjenda úr 4. – 7. bekk í svokölluðu Flatóvision. Fulltrúar Flataskóla í ár voru átta stúlkur úr 5. bekk sem sungu og dönsuðu Abbalagið Dancing Queenþ. Myndbandið við lagið var meðal annars tekið upp í vettvangsferð nemenda í 5. bekk þegar þeir skoðuðu friðarsúluna í Viðey. Þriðjudaginn 25. maí var svo formleg stigagjöf í Schoolovision. Hvert land hafði búið til myndband þar sem nemendur sungu og dönsuðu og settu á bloggsíðu verkefnisins. Vikurnar á undan höfðu nemendur skoðað og gefið stig fyrir myndböndin sem voru á bloggsíðunni. Flataskóli var í beinu sambandi í klukkutíma við flest öll hin löndin og gefin voru stig að hætti Eurovision fyrir myndböndin. Úrslitin urðu þau að Flataskóli vann keppnina og var að sjálfsgöðu mikil gleði í skólanum með það. Verkefnið fékk mikla athygli og var m.a. umfjöllun um það í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins.



Mikil gleði með sigur í Schoolovision

Fleiri eTwinningverkefni voru í gangi í skólanum og má þar nefna *A Snapshot of Europe* undri stjórn Kolbrúnar Svölu Hjaltadóttur kennsluráðgjafa í upplýsingamennt. Það var verkefni um stafræna ljósmyndun og fóru samskipti í því fram á netinu. Verkefnið gekk út á það grunnskólanemendur tóku myndir af náttúrunni/fólki sem síðan voru sendar á vef verkefnisins. Um 30 skólar í Evrópu tóku þátt í verkefninu og var Flataskóli eini skólinn á Íslandi sem tók þátt því aðeins einn skóli frá hverju Evrópulandi fékk að taka þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins var að nemendur lærðu að taka stafrænar myndir, gætu litið eftir tækifærum að góðu myndefni í nánasta umhverfi sínu og kynntust umhverfi og menningu landa í Evrópu. Svo skemmtilega vildi til að einn nemandi Flataskóla Aníta Theodórsdóttir í 5. bekk vann í einum flokki keppninnar fyrir mynd sem hún tók af eldgosinu á Fimmvörðuhálsi.

Nemendur í 4. bekk undir stjórn Olgu Snorradóttur, Ingibjargar Baldursdóttur og Kolbrúnar Svölu Hjaltadóttur tóku þátt í eTwinningverkefni sem var samstarfsverkefni við nemendur í enskum skóla "Carlton Primary School" í tengslum við lestur og ritun. Verkefnið kallast "Let's read, write and talk together". Markmiðið með verkefninu var að efla læsi og lesskilning og tengja við enskunám nemenda.



Einnig tóku nemendur í 1. bekk undir stjórn Rögnu Gunnarsdóttur og Rakelar Svansdóttur þátt í eTwinningverkefninu *Books Make Friends* ásamt sjö öðrum Evrópuríkjum. Verkefnið gekk út á að kynna bækur frá öðrum löndum og að nemendur uppgötvu hinn undraverða bókaheim. Markmiðið var einnig að í gegnum bækurnar eignist nemendur vini og að bækurnar og sögupersónur þeirra verði gæddar lífi til að auka áhuga nemenda á að lesa bækur. Nemendur hvers lands kynntu bók frá landinu og þurftu bæði höfundur og sá sem myndskreytir bókina að vera frá heimalandinu.

Þá er í gangi í skólanum Cominiusarverkefnið *Vængjaðir vinir* sem Hjördís Ástráðsdóttir stýrir og er það verkefni styrkt af Cominusarverkefni Evrópusambandsins. Það eru þrjú Evrópulönd sem taka þátt í verkefninu *Vængjaðir vinir* þ.e. Ísland, England og Spánn. Megináherslan er á fugla í nærumhverfi heimaskóla. Meðal annars læra nemendur lög um fugla á frummáli, fara í fuglaskoðunarferðir, lesa um fugla og vinna ýmis önnur verkefni um fugla. Kennarar í verkefninu hittast á verkefnafundum í þáttökulöndunum og á þessu skólaári fóru fimm kennarar skólans í slíkar ferðir. Hjördís fór með Margréti Haraldsdóttur og Kolbrúnu Svölu Hjaltadóttur til Englands og með Guðrödi Rail og Olgu Snorradóttur til Kanaríeyja. Þar voru heimsóttir skólar og þátttakendur í verkefninu báru saman bækur sínar um áframhaldandi vinnu í verkefninu.

Árvið rýmingaræfing fór fram í skólanum þriðjudaginn 11. maí og var skólinn rýmdur eftir ákveðinni rýmingaráætlun. Í þetta skiptið var æfingin undirbúin og starfsfólk vissi hvenær brunabjöllurnar færu af stað. Markmiðið með æfingunni var að viðhalda þekkingu nemenda á rýmingarleiðum, að allir þekki neyðarhringingar og skoða hvort einhverjir hnökra væru á rýmingaráætlun skólans. Það er skemmst frá því að segja að æfingin tókst vel og var allur skólinn rýmdur á rúmum fjórum mínútum.

Í maí heimsóttu Flataskóla fulltrúar frá Kiwanisklúbbnum Setbergi og færðu nemendum í 1. bekk hjólahjálma að gjöf. Hvöttu þeir börnin til að nota þá alltaf þegar þau hjóla, eru á hlaupahjóli eða línuskautum.

Síðustu dagar skólaársins, í maí og júní, voru að venju notaðir til útiveru og vorferða. Nemendur fóru í hjólaferðir og ýmsar skoðunarferðir. Þessar ferðir eru hluti af skipulögðu skólastarfi vetrarins og eru því eins mikilvægar og aðrir þættir í námi nemenda. Föstudaginn 4. júní var íþróttadagur. Þá voru nemendur í skipulagðri íþróttadagskrá allan daginn og grillveisla, þar sem allir fengu pylsu og djús, var í boði skólans. Síðasti kennsludagur var þriðjudagurinn 8. júní og kvöddu þá nemendur Sigurveigu skólastjóra formlega á sal. Hún lætur nú af störfum eftir sex ár sem skólastjóri Flataskóla. Nemendur færðu henni sem kveðjugjöf mynd og kort en allir nemendur skólans höfðu komið að gerð þeirra.



Nemendur kveðja Sigurveigu skólastjóra

Skólanum var slitið við hátíðlega athöfn í 51. skiptið fimmtudaginn 10. júní. Nemendur allra bekkjardeilda mættu í hátíðarsal skólans og margir foreldrar komu ásamt börnum sínum á skólaslitin. Sérstök athöfn var í tilefni útskriftar nemenda í 7. bekk. Við athöfnina lék Margrét Halla Hansdóttir Löf á píanó, Anna Bjarnsteinsdóttir flutti verðlaunaljóð sitt úr ljóðasamkeppni Flataskóla og Kristjana Ósk Kristinsdóttir flutti ávarp sem fulltrúi nemenda. Veittar voru viðurkenningar frá Kiwanisklúbbnum Setbergi fyrir góðan árangur í íslensku og voru það þau Hrafnkell Þráinsson, Kristjana Ósk Kristinsdóttir og Sara Þrastardóttir sem fengu þær. Einnig veitti skólinn viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur og voru það þau Gunnhildur Halla Ármannsdóttir sem fékk viðurkenningu fyrir list- og verkgreinar, Kristjana Ósk Kristinsdóttir fyrir góðan árangur í stærðfræði, Guðmundur Ásgeir Guðmundsson fyrir íþróttir og Adam Jarron fyrir góðar framfarir í námi. Við athöfnina heiðruðu einnig fulltrúar foreldra í 7. bekk Hjördísi Ástráðsdóttur tónmenntakennara sérstaklega fyrir þátt hennar í lista- og menningaruppeldi barnanna. Að athöfn lokinni var efnt til kaffisamsætis.

Af framangreindu er ljóst að mjög fjölbreytt starf fór fram í Flataskóla á liðnu skólaári. Hér hefur þó aðeins verið stiklað á stóru en í skýrslunni verður m.a. fjallað nánar um skólastarfið í einstökum árgöngum, þó ógerningur sé að gefa tæmandi mynd af öllu því starfi sem unnið er í skólanum ár hvert.

Garðabæ í júní 2010

Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri



Stoltir nemendur í 7. bekk með viðurkenningar við skólaslit



## 1. Ýmsar upplýsingar

### **Stjórnendur Flataskóla**

Skólastjóri  
Aðstoðarskólastjóri  
Deildarstjóri 1.- 4. bekk  
Deildarstjóri 5.- 7. bekk

Sigurveig Sæmundsdóttir  
Helga María Guðmundsdóttir  
M. Elín Guðmundsdóttir  
Skúli Kristjánsson Þorvaldz

### **Nefndir og ráð**

#### Skólaráð

Anna Bjarnsteinsdóttir (nemandi)  
Auður Gunnarsdóttir (kennari)  
Edda Rósa Gunnarsdóttir (foreldri)  
Hrafnkell Þráinsson (nemandi)  
Kristinn Tryggvi Gunnarsson (foreldri)  
Olga Guðrún Snorradóttir (kennari)  
S. Helena Jónasdóttir (stuðningsfulltrúi og skólaliði)  
Sigurveig Sæmundsdóttir (skólastjóri)  
Þórhildur Ólafsdóttir (foreldri)

#### Fulltrúi kennara í skólanefnd

Margrét Ásdís Haraldsdóttir  
Til vara: Ragna Gunnarsdóttir

#### Nemendaverndarráð

Ásta Bára Jónsdóttir  
Helga María Guðmundsdóttir  
M. Elín Guðmundsdóttir  
Ólöf Stefánsdóttir  
Skúli Kristjánsson Þorvaldz  
Sigurveig Sæmundsdóttir  
Trausti Valsson

#### Stjórn starfsmannafélags

Anna Lena Halldórsdóttir  
Ragna Gunnarsdóttir  
Rakel Svansdóttir  
Sóley Björgvinsdóttir

#### Sjálfsmatshópur

Jóna Guðrún Oddsdóttir  
Kolbrún Hjaltadóttir  
M. Elín Guðmundsdóttir  
Ólöf Sighvatsdóttir  
Sigurveig Sæmundsdóttir

#### Stýrihópur SMT - Skólafærni

Ásta Bára Jónsdóttir  
Elín Ása Þorsteinsdóttir  
Helga María Guðmundsdóttir  
M. Elín Guðmundsdóttir  
Ragna Gunnarsdóttir  
Sigrún Guðmundsdóttir  
Skúli Kristjánsson Þorvaldz

#### Þróunarverkefnið – Grænfáninn

Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir  
Helga María Guðmundsdóttir  
Ragna Gunnarsdóttir

<u>Þróunarverkefnið – Útikennsla</u>	Anna Lena Halldórsdóttir Ragna Gunnarsdóttir
<u>Þróunarverkefnið – Byrjendalæsi</u>	Guðlaug Einarsdóttir
<u>Fagstjórn enskukennslu í 1. – 4. bekk</u>	Hjördís Ástráðsdóttir Margrét Ásdís Haraldsdóttir
<u>Áfallaráð</u>	Ásta B. Jónsdóttir Helga María Guðmundsdóttir Jóna Guðrún Oddsdóttir Olga Guðrún Snorradóttir Ólöf Stefánsdóttir
<u>Ritstjórn heimasíðu</u>	Kolbrún Svala Hjaltadóttir

## **Skóladagatal**

Starfsemi Flataskóla var í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2009 - 2010. Það var unnið í samráði við foreldraráð skólans og skólaskrifstofu. Sjá nánar á heimasíðu skólans <http://flataskoli.is>. Skólasetning var 24. ágúst 2009. Jólaskemmtanir voru 18. desember og jólaleyfi frá 21. desember til 5. janúar 2010. Vetrarleyfi var frá 15. – 19. febrúar og páskaleyfi frá 29. mars – 6. apríl. Skólaslit voru 10. júní 2010.



Dugnaðardrengir í 2. bekk

## Skipting námsgreina

Námsgrein/árgangur	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.
Íslenska	8	8	8	8	7,5	6,5	7
Stærðfræði (þar af 1 kest. í stærðfræðistofu)	6	6	6	6	6	6	6
Samfélagsfræði/kristinfræði	4	4	4	3	4	4	4
Náttúrufræði	3	3	2	2	3	3	3
Enska	**1	**1	**1	1	3	3	3
Danska							3
Lífsleikni	1	1	1	1	1	1	1
Upplýsinga- og tæknimennt	1	1	1	1	1	1	1
List- og verkgreinar *	3	3	3	4	4	4	4
Heimilisfræði	*	*	*	*	*	*	*
Hönnun/smíði	*	*	*	*	*	*	*
Textílmennnt/myndmennt	*	*	*	*	*	*	*
Tónmennt – fjöldasöngur	1,5	1,5	2,5	2,5	2,5	1,5	Námskeið
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2
Sund	***1	***1	1	1	1	1	1
<b>Samtals</b>	<b>32,5</b>	<b>32,5</b>	<b>32,5</b>	<b>32,5</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>35</b>

\*List- og verkgreinar í viðkomandi árgangi skiptust þannig:

1. – 3. bekkur Nemendahópnum skipt í þrjá hópa í handmennt – heimilisfræði - tölvur/leikræna tjáningu.
4. bekkur: Nemendahópnum skipt í tvo hópa: textílmennnt/myndmennt 2 kest., heimilisfræði/smíði 2 kest.
5. bekkur: Lotukerfi - nemendahópnum skipt í fjóra hópa: textílmennnt – heimilisfræði – myndmennt – smíði/hönnun.
6. bekkur: Lotukerfi nemendahópnum skipt í fjóra hópa: textílmennnt – heimilisfræði – myndmennt – smíði/hönnun.
7. bekkur: Lotukerfi nemendahópnum skipt í fjóra hópa: textílmennnt – heimilisfræði – myndmennt – smíði/hönnun

\*\* Enskukennsla í 1. – 3. bekk er í formi söngs og leikja.

\*\*\*Sund í 1. – 2. bekk kennt á námskeiðum í 1, 5 kest. á dag. Nemendum skipt í fámenna hópa og hver hópur fer í 16 skipti eftir skólatíma.



Gaman í sundi

## 2. Nemendur Flataskóla

Skólaárið 2009-2010 voru alls 285 nemendur í Flataskóla, þarf af 149 drengir og 136 stúlkur. Skipting nemenda í árganga var misjöfn. Í 1. bekk voru 26 nemendur í tveimur umsjónarhópum. Í 2. bekk voru 35 nemendur í tveimur umsjónarhópum. Í 3. bekk voru 34 nemendur í tveimur umsjónarhópum. Í 4. bekk voru 19 nemendur í einum umsjónarhópi. Í 5. bekk voru 65 nemendur í þremur umsjónarhópum. Í 6. bekk voru 55 nemendur í þremur umsjónarhópum og í 7. bekk voru 51 nemendur í þremur umsjónarhópum.

### Nemendafjöldi skiptist á eftirfarandi hátt eftir umsjónarhópum:


	piltar	stúlkur	alls	umsjónarkennarar
1. RG	5	8	13	Ragna Gunnarsdóttir
1. RS	7	6	13	Rakel Svansdóttir
2. MH	9	8	17	Margrét Haraldsdóttir
2. SG	12	6	18	Svanhvít Guðbjartsdóttir
3. EP	5	11	16	Erna Þorleifsdóttir
3. HG	7	11	18	Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir
4. OS	9	9	19	Olga Guðrún Snorradóttir
5. AG	12	9	20	Auður Gunnarsdóttir
5. HL	14	9	22	Hanna Lóa Friðjónsdóttir
5. KP	12	11	23	Kristín Ósk Þorleifsdóttir
6. AH	9	8	17	Anna Lena Halldórsdóttir
6. ÁS	12	6	18	Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttis
6. ÓS	10	10	20	Ólöf Sighvatsdóttir
7. EÁ	9	8	17	Elín Ása Þorsteinsdóttir
7. HSG	8	9	18	Helga Sigríður Guðjónsdóttir
7. HP	10	8	16	Hafþór Þorleifsson
	<b>149</b>	<b>136</b>	<b>285</b>	





Fjör í bandý á íþróttadegi

Fjöldi nemenda í Flataskóla síðustu fimm ár:

	2005	2006	2007	2008	2009
Fjöldi nemenda	417	357	316	325	285







### 3. Starfsmenn Flataskóla

Skólaárið 2009 - 2010 voru starfandi við skólann 56 starfsmenn. Þarf af voru 34 kennarar og stjórnendur, átta skólaliðar, fjórir stuðningsfulltrúar, fimm starfsmenn tómsundaheimilis og sex aðrir starfsmenn. Starfsmannahópurinn samanstendur af fagmenntuðum og ófaglærðum sem vinna saman með hagsmunum nemenda að leiðarljósi. Eftirfarandi starfsmenn störfuðu við skólann skólaárið 2009-2010:


Nafn:	Stöðuheiti:	Stöðuhlutfall:
Anna Lena Halldórsdóttir	umsjónarkennari í 6. bekk	67%
Anna Sigríður Pálsdóttir	starfsmaður tómsundaheimilis	50%
Anna Rósa Skarphéðinsdóttir	heimilisfræðikennari	66,67%
Ari Halldór Hjaltason	starfsmaður tómsundaheimilis	25%
Auður Gunnarsdóttir	umsjónarkennari í 5. bekk	67%
Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir	umsjónarkennari í 6. bekk	100%
Árný Björk Birgisdóttir	myndmenntakennari	50%
Ásgerður Guðmundsdóttir	kennari í afleysingum	100%
Áslaug Pálsdóttir	skólaliði	100%
Ásta B. Jónsdóttir	námsráðgjafi	50%
Birna Pálsdóttir	stuðningsfulltrúi í 6. bekk	60%
Bryndís Þórarinsdóttir	smíðakennari í 4.- 6. bekk	67%
Dóra Þórisdóttir	umsjónarmaður tómsundaheimilis	75%
Dóra Þórisdóttir	stuðningsfulltrúi í 3. bekk	25%
Elfa Dögg Einarsdóttir	kennari	50%
Elín Ása Þorsteinsdóttir	umsjónarkennari í 7. bekk	100%
Erna Þorleifsdóttir	umsjónarkennari í 3. bekk	100%
Eva Rós Sigurðardóttir	starfsmaður tómsundaheimilis	22,50%
Guðbjörg Ragnarsdóttir	sérkennari í 5. -7. bekk	100%
Guðlaug Einarsdóttir	sérkennari í 1. og 2. bekk	67%
Guðríður Rail	textílkennari	100%
Guðríður Sveinsdóttir	nýbúakennsla	stundakennsla
Hafþór Þorleifsson	umsjónarkennari í 7. bekk	100%
Halla Rósenkranz Guðmundsd.	umsjónarkennari í 3. bekk	100%
Hanna Lóa Friðjónsdóttir	umsjónarkennari í 5. bekk	100%
Hannes Ingi Geirsson	íþróttakennari	100%
Helga Sigríður Guðjónsdóttir	umsjónarkennari í 7. bekk	100%
Helga María Guðmundsdóttir	aðstoðarskólástjóri	100%
Hjördís Ástráðsdóttir	tónmenntakennari	100%
Hulda Íris Sigursveinsdóttir	þroskaþjálfari	100%
Ingibjörg Baldursdóttir	bókasafnsfræðingur	100%
Jóna Guðrún Oddsdóttir	ritari	100%
Jónína Sigrún Ólafsdóttir	starfsmaður tómsundaheimilis	50%
Kolbrún Svala Hjaltadóttir	kennsluráðgjafi í tölvum	100%
Kristín Ósk Þorleifsdóttir	umsjónarkennari í 5. bekk	50%
Linda Þorvaldsdóttir	stuðningsfulltrúi í 2. bekk	60%
M.Elín Guðmundsdóttir	deildarstjóri yngra stigs í 1.- 4. bekk	100%
Margrét Ásdís Haraldsdóttir	umsjónarkennari í 2. bekk	100%
Olga G. Snorradóttir	umsjónarkennari í 4. bekk	100%
Ólöf Sighvatsdóttir	umsjónarkennari í 6. bekk	100%
Patrik Hudek	skólaliði	80%
Ragna Gunnarsdóttir	umsjónarkennari í 1. bekk	100%
Rakel Svansdóttir	umsjónarkennari í 1. bekk	67%
Rannveig G. Lund	sérkennari í 3. og 4. bekk	50%
Sigfríður Elsa Ingvarsdóttir	skólaliði	50%
Sigrún Guðmundsdóttir	skólaliði	100%




Sigrún Linda Loftsdóttir	skólaliði	50%
Sigurbjörg Helena Jónasdóttir	stuðningsfulltrúi - skólaliði	90%
Sigurlaug Stefánsdóttir	skólaliði	50%
Sigurveig Sæmundsdóttir	skólastjóri	100%
Skúli Kristjánsson Þorvaldz	deildarstjóri eldra stigs í 5.-7. bekk	100%
Sóley Björgvinsdóttir	matráður starfsmanna	65%
Sólveig Jóhannsdóttir	skólaliði/stuðningsfulltrúi	60%
Stefania Paula Bizoi	skólaliði	80%
Svanhvít Guðbjartsdóttir	umsjónarkennari í 2. bekk	100%
Yousef Sheikh Mohammad	umsjónarmaður húss	100%

Helga Sigríður Guðjónsdóttir var í veikindaleyfi hluta úr vetri og leysti þá Ásgerður Guðmundsdóttir hana af. Hannes Ingi Geirsson íþróttakennari fór í feðraorlof á haustönn og leysti þá Einar Ólafsson hann af. Elfa Dögg Einarsdóttir fór í veikindaleyfi á vorönn og leystu þá kennarar í viðkomandi árgögnum hana af. Ágústa Sigurbjörgsdóttir fór í fæðingarorlof á vorönn og leysti þá Ásgerður Guðmundsdóttir hana af. Ásgerður Baldursdóttir lét af störfum sem umsjónarmaður tómstundaheimilisins um áramótin og tók Dóra Þórisdóttir við hennar starfi.

Skólaárið 2009-2010 var Elín Birna Guðmundsdóttir íþróttakennari í námsleyf og mun hún koma til starfa á næsta skólaári. Á næsta skólaári mun Skúli Kristjánsson Þorvaldz deildarstjóri vera í launalauslu leyfi.

Í lok skólaársins lét Sigurveig Sæmundsdóttir skólastjóri af störfum og mun hún nú fara á eftirlaun. Eru henni færðar kærar þakkir fyrir góð störf fyrir Flataskóla og óskað velfarnaðar og alls hins besta í framtíðinni.





## 4. Þróunarstarf og símenntun starfsmanna

### **SMT- skólafærni**

Í lok skólaársins 2005-2006 var ákveðið að fara af stað með þróunarverkefnið SMT-skólafærni. Markmið SMT-skólafærni er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Þessi nálgun byggir á margra ára rannsóknum sérfræðinga í Oregon í Bandaríkjunum og er framkvæmd í samráði við þá.

SMT-skólafærni byggir á hugmyndafræði PMT-foreldrafærni og er framkvæmd undir merkjum þeirrar þjónustueiningar, sem verið hefur leiðandi hér á landi í notkun og útbreiðslu PMT verkfæra til uppalenda. PMT (*Parent Management Training*) verkfærin eru vel rannsökuð af færustu sérfræðingum, notkun þeirra stuðlar að góðri aðlögun barna og þau eru því afar mikilvæg hjálpartæki. Foreldrum býðst að tileinka sér PMT- foreldrafærni jafnframt því sem skólasamfélagið á möguleika á innleiðingu SMT-skólafærni.

Undirbúningsvinna fór fram á svokölluðu undirbúningsári, þ.e. skólaárið 2006-2007, þær aðferðir sem þróaðar voru á undirbúningsári voru síðan innleiddar í skólasamfélagið á fyrsta framkvæmdarári sem var skólaárið 2007-2008.

Stýrihópur starfsmanna hefur haldið utan um þróunarverkefnið frá upphafi. Í þeim hópi eru Ásta Bára Jónsdóttir, námsráðgjafi, Elín Ása Þorsteinsdóttir, kennari, Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólalastjóri, Ragna Gunnarsdóttir kennari, Sigrún Guðmundsdóttir, skólaliði og Skúli K. Þorvaldz deildarstjóri á eldra stigi. M. Elín Guðmundsdóttir deildarstjóri á yngra stigi bættist í hópinn á skólaárinu 2008-2009 og Sigurveig Sæmundsdóttir skólalastjóri hefur setið fundi með stýrihópnum. Stýrihópurinn hefur notið ráðgjafar Önnu Maríu Frímansdóttur sálfræðings á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Stýrihópurinn hefur fundað reglulega tvisvar sinnum í mánuði og vann áfram skólaárið 2009-2010 við að innleiða SMT-skólafærni með áherslu á lausnaleit og að koma upp lausnateymi innan skólans. Lausnateymi er skipað stjórnendum skólans, námsráðgjafa og kennara. Teymið vinnur með mál nemenda sem eiga við sérstaka hegðunarferðileika að stríða.

Stýrihópurinn heimsótti Víðistaðaskóla í Hafnarfirði og kynnti sér þá vinnu sem þar hefur farið fram í SMT-skólafærni en skólinn hefur unnið í verkefninu lengst skóla í Hafnarfirði. Fékk SMT-teymi Flataskóla sérstaka kynningu á vinnu lausnateymis skólans.

Starfsmenn skólans fengu fræðslu um SMT-skólafærni í heimsókn í norska skóla á skipulagsdögum í ágúst 2009. Það var hluti af námsferð starfsmanna til Noregs. Einnig fengu starfsmenn fræðslu um lausnaleit á skipulagsdegi í október.

Í nóvember var lagður fyrir í skólanum svokallaður SET-listi (e. School-wide Evaluation Tool) en það er staðlaður spurningarlisti sem hefur það að markmiði að meta hversu vel hefur gengið að innleiða SMT-skólafærni í skólum. Það var óháður fulltrúi frá Víðistaðaskóla sem lagði listann fyrir í Flataskóla og var hann lagður fyrir stjórnanda, 10 starfsmenn og 15 nemendur sem voru valdir af handahófi.

Hér má sjá niðurstöður spurningarlistans:

A - Reglur skilgreindar – <b>4/4 = 100%</b>
B - Reglur kenndar – <b>7/10 = 70%</b> Þar vantaði upp á nemendur og starfsmenn gætu allir staðfest hverjir væru yfirsíði skólans sem eru ábyrgð og virðing. Aðeins 70% aðspurðra gátu nefnt yfirsíðina.
C – Vövarandi hvatningakerfi – <b>6/6 = 100%</b>
D- Viðbrögð við óæskilegri hegðun – <b>7/8 = 88%</b>
E- eftirlit og ákvarðanatataka – <b>7/8 = 88%</b> Vantar að starfsmenn séu upplýstir um niðurstöður skráningarmiða að minnsta kosti þrisvar sinnum eða oftár á ári
F - Stjórnun - <b>14/16 = 88%</b> Vantar áætlun um úrbætur með sérstökum markmiðum og að teymið gefi upplýsingar til starfsmanna um framfarir minnst fjórum sinnum á ári.
G- Stuðningur sveitafélags <b>4/4 = 100%</b>

### Úrvinnslutafla

Stig alls:	A = 4/4 100%	B= 7/10 70%	C= 6/6 100%	D= 7/8 88%	E= 7/8 88%
	F= 14/16 88%	G= 4/4 100%	Meðaltal= 634/7 <b>90,6%</b>		

Samkvæmt listanum er talið að skólar sem fá 80% eða meira í heildarmeðaltal séu að innleiða og vinna eftir SMT – skólafærni á fullnægjandi hátt. Við í Flataskóla getum því verið nokkuð ánægð með hvernig til hefur tekist hjá okkur en jafnframt höfum við til viðmiðunar hvað megi gera betur.

Á þessu skólaári var skipulögð sérstök skólafærnivika í nóvember og var tilgangur þeirrar viku að festa SMT- skólafærnina betur í sessi í skólanum. Þá unnu allir árgangar að útfærslu á síðum skólans á skapandi hátt. Sett var upp sýning á göngum skólans á afrakstri þeirrar sköpunarvinnu. Einnig var tvisvar sinnum á skólaárinu skipulagður svokallaður *Hundraðmiðaeikur* sem allir nemendur og starfsmenn voru þátttakendur í og stóð yfir í tvær vikur í hvort sinn. Vakti leikurinn mikla lukku og hefur þannig fest sig í sessi í starfsáætlun skólans.



Ánægðir vinningshafar í hundraðmiðaleiknum að hausti og vori

Á næsta skólaári verður unnið frekar að því að þróa svokallað lausnateymi í skólanum en það hefur það að markmiði að styðja við þá nemendur sem eru í áhættu vegna hegðunarerfiðleika og þá nemendur sem sýna hegðunarerfiðleika. Einnig verður unnið nánar að því að þjálfa kennara í að nota svokallaða lausnarleit.

*Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólalastjóri*

## **Þróunarverkefnið – Útikennsla í Flataskóla**

Vorið 2008 fékk Flataskóli styrk úr Þróunarsjóði grunnskólans til að hefja verkefnið *Útikennsla í Flataskóla*. Stýrihópur var skipaður um verkefnið og sér hann um, ásamt skólalastjórnendum, að halda utanum verkefnið. Stýrihópurinn er skipaður þeim Önnu Lenu Halldórsdóttur og Rögnu Gunnarsdóttur. Þær eru beinir tengiliðir við sín stig og vinna saman að aukinni fræðslu og eflingu á útikennslu.



Við hófum veturinn á því að fara í námsferð til Noregs þar sem við fórum í heimsókn í Lutvannskole og fengum að taka þátt í útikennslu. Þar vorum við að höggva eld, elda mat og huga að ýmsu sem þarf að gera í kringum það. Við fengum að fylgja nemendum eftir í einn dag. Þetta var ógleymanleg upplifun og gaman að sjá hvað hægt er að gera úti í náttúrunni.

Starfsmenn Flataskóla við útieldun í Noregi

Skipulagsdagur í september var nýttur í vinnu um útikennslu. Það sem átti að gera þann dag var að búa til verkefni og laga aðstöðu fyrir útikennslu efnivið. Starfsfólki Flataskóla var skipt í hópa og fékk hver hópur verkefni sem hann átti að vinna, m.a. voru búnir til stígar fyrir mismundi aldurshópa, ratleikir, blómaspjöld og stafrófsdúkar svo eitthvað sé nefnt. Í framhaldi af þessum degi vorum við með útikennsluviku. Þá var lögð áhersla á að allir færu út með sinn hóp, bæði umsjónarkennarar og fagkennarar að minnsta kosti þrjá tíma yfir vikuna. Viðkomandi kennari skráði svo á þar til gert blað hvað hann hafði gert úti með sínum hópi.

Í Vigdísarlundi (við Stekkjarflöt) er búið að koma upp skilti sem Bryndís Þórarinsdóttir smíðakennara hjálpaði til við ásamt snöggum sem hugsaðir voru til að hengja upp töskur eða útifatnað. Því miður hafa verið unnin skemmdarverk á bæði snögunum og skiltinu sem var sett upp og stefnt er að því að laga það í haust.

Í vetur var komið upp aðstöðu fyrir útikennsluna og fengum við til þess sérstaka geymslu. Þar er nú dót sem eingöngu tengist útikennslunni geymt svo að það sé aðgengilegt fyrir alla. Þar má finna m.a. alla ratleiki, útileikföng og bolta til að nota í útikennslu. Töluvert hefur bæst í geymsluna á árinu af dóti sem nýtist vel í útikennslu en stefnan er að þar verði enn meiri fjölbreytni. Á innra neti skólans er einnig mappa fyrir útikennslu og þar er því safnað saman sem er á rafrænuformi.



Það stóð til að láta nemendur mála t.d. París, hnitakerfi og talnarunur á skólalóðina en því hefur verið frestað fram að hausti og mun Anna Lena taka sína nemendur í það verkefni í haust. Næsta haust verða útbúnir góðir grillpinnar úr kústsköfum og rústfrú. Í vor voru keyptir boltar til að hafa í útikennslugeymslunni og einnig áskotnaðist okkur frauðdýna sem við klipptum niður og nú eigum við setdýnur fyrir nokkra.

Í apríl kom Guðmundur Finnbogason og var með kynningu fyrir starfsmenn á útelðun sem fram fór í Vigdísarlundi. Það námskeið heppnaðist vel og varð mörgum hvatning til að prufa sig áfram.



Allir árgangar skólans hafa fengið útikennslu að einhverju marki á þessu skólaári bæði með umsjónarkennurum sínum eða í list- og verkgreinakennslu. Hér að neðan má lesa um nokkur þeirra fjölmörgu verkefna sem hafa verið unnin í vetur:

- 1. bekkur fór að jafnaði út einu sinni í viku. Meðal þess sem nemendur gerðu var að telja steina og laufblöð og skoða form í umhverfinu. Farið var í stafakeilu og orð búin til úr „föllunum“ stöfum/keilum og farið í klukkuratleik. Nemendur elduðu úti með umsjónarkennurum og fóru einnig í fjölmarga leiki bæði skipulagða og frjálsa.

- 2. bekkur fór út einu sinni í viku í tvo tíma í senn. Unnin voru fjölbreytt verkefni tengd íslensku, stærðfræði og náttúrufræði. Meðal þess sem gert var er: hjólaferð, Vigdísarstígur, klukkuratleikur og mælingaverkefni. 1. og 2. bekkur unnu einnig saman að útikennsludögum að vori sem heppnuðust mjög vel.



- 3. bekkur fór út einu sinni í viku í klukkutíma í senn og unnu bæði hauststíg og Vigdísarstíg en þar var einna helst unnið var með verkefni tengd stærðfræði og íslensku. Nemendur unnu einnig með form í náttúrunni og unnu hlutbundið með hluti úr náttúrunni í sambandi við með margföldun. Þá var einnig farið í margar ferðir og í fuglaskoðun í sambandi við Comeniusarverkefnið *Vængjaðir vinir*

- 4. bekkur vann mikið af mælingarverkefnum úti bæði tíma og lengdarmælingum. Þá fóru nemendur í fuglaskoðun og fjöruferð.

- 5. bekkur fór út einu sinni í viku. Allur árgangurinn var saman og tveir kennarar voru með hópinn.

- 6. bekkur fór meðal annars í ratleik á ensku um klukkuna, nemendur fóru út til að vinna verkefni um mælingar ásamt því að gera tilraunir með hraða. 6. bekkur var

einnig með fastan útitíma og var hann bæði nýttur í frjálsa og skipulagða leiki.

- 7. bekkur nýtti sér stafrófsdúkinn sem gerður var á starfsdegi.
- Heimilisfræðikennarar hafa boðið nemendum upp á þá nýng að færa hluta af kennslunni út og unni þeir eftirfarandi verkefni: grillaðar pylsur í felum á teini fyrir 7. bekk og 6. bekk. 6 bekkur gerði einnig eplabáta sem settir voru í álbakka með smjörva og kanelsykri. 1. bekkur hitaði kakó.
- Myndmenntakennarinn hefur farið út með nemendum með pappaspjöld, pappír, blýanta og penna og unnið í hrauninu og í kringum lækinn. Þar hafa þeir skoðað og teiknað umhverfi sitt, trén, lækinn, hraunið, gróðurinn og stundum húsin í kring og hvort annað.
- Fjölbreytt útikennsla hefur verið í kringum tónmenntina. Í sambandi við COMENIUSAR verkefnið *Vængjaðir vinir* hafa verið settir upp fuglafóðrarar á skólalóðinni og fuglaskoðanir og myndatökur viðhafðar. Meðal annarra verkefna sem unnin hafa verið í tónmennt má helst nefna Stomp, Ljóðað í lurkinn og fjölmargar menningarferðir. Margir árgangar áttu notalega stund í Vigdísarlundi fyrir jólin og oftast ekki var heitt kakó og piparkökur á boðstólnum og lesin var jólasaga.
- Smíðakennarinn hefur farið og náð í efni með nemendum úr nálægum garði og unnið síðan úr því í smíðastofunni. Í vor var síðasti tíminn í fjórða og fimmta bekk notaður til að kenna þeim að saga tré rétt og síðan var hópurinn úti í garði og tálgaði fígúrur úr greinunum.



Það er einkar ánægjulegt hve vel kennarar hafa tekið útikennslunni og hafa allir árgangar í auknum mæli farið út og unnið námsverkefni utandyra hvort heldur sem er á skólalóðinni, í nágrenni hennar eða á öðrum stöðum.

Anna Lena Halldórsdóttir og Ragna Gunnarsdóttir

## Grænfánaverkefnið

Flataskóli hefur síðustu ár lagt ríka áherslu á umhverfismál. Stórt skref var stigið á því sviði þegar sótt var um þátttöku í grænfánaverkefni Landverndar haustið 2005. Þá setti skólasamfélagið sér ný markmið til að stefna að. Í skólanum hefur verið unnið með skrefin sjö og gerðar úrbætur í umhverfisstarfi skólans bæði hvað varðar rekstur og umhverfismennt.

Í ágúst 2009 fóru starfsmenn Flataskóla í námsferð til Noregs og sóttu þar m.a. útikennslunámskeið í norskum skóla. Var sú ferð mjög lærdómsrík og skilaði sér í fjölbreyttum verkefnum fyrir nemendur.

Í október 2009 var fylltur út gátlisti um stöðu umhverfismála í skólanum. Það voru fulltrúar kennara og stjórnenda í umhverfisnefnd sem sáu um það. Þar kemur fram að margir hlutir eru í mjög góðu lagi og ýmislegt hefur verið bætt frá því síðast þegar listinn var fylltur út.

Nemendur í 3. bekk settu upp fuglafóðrara í tré á skólalóð í nóvember. Það er hluti af Comeniusarverkefni sem unnið er á yngri stigi.



Nemendur í 3. bekk setja upp fuglafóðrara í tré á skólalóð

Farið var yfir markmið skólans í umhverfismálum og ný markmið sett fram um áframhaldandi starf í skólanum.

Nemendur í umhverfisnefnd skipulögðu kynningu fyrir samnemendur um umhverfismál og fór sú kynning fram í febrúar. Nemendur í umhverfisnefnd fóru þá í alla bekk og fóru yfir helstu atriði í umhverfismálum í skólanum.

Nokkuð vel hefur gengið að framfylgja markmiðum umhverfisstefnu skólans og hafa orðið heilmiklar framfarir á mörgum sviðum. Umhverfisnefndin er virk í eftirliti með því hvort farið sé eftir umhverfisstefnunni.

Dregið hefur úr pappírnotkun í skólanum og eru nemendur og kennarar hvattir til að endurnýta pappír eins og kostur er svo sem með því nota pappír úr endurvinnslukassa. Kennarar ljósrita báðum megin á blöð ef kostur er og ljósrita ekki að óþörfu. Litaprentari er notaður í lágmarki og hefur aðeins ritari skólans heimild til að prenta út í lit fyrir starfsmenn. Þá fara skilaboð, heim til nemenda, oftast í tölvupósti og upplýsingar eru birtar á heimasíðu svo sem námsvísar, skóladagatal o.fl. Í hverri skólastofu er kassi fyrir

pappír sem ljósritunarpappír er safnað í. Sama á við í öðrum rýmum skólans. Pappírnum er skilað til endurvinnslu. Samskipti við heimili fara að miklu leiti fram í gegnum tölvupóst.

Nemendur koma ekki með fernudrykki í skólann en drekka vatn í margnota glösum sem geymd eru í skólanum. Þeir nemendur sem koma með drykki að heiman eru hvattir til að koma með þá í endurnýtanlegum umbúðum s.s. brúsum. Einnig geta nemendur keypt áskrift í mjólk sem þeir sækja í mjólkurkælivél í matsalnum.

Í mötuneyti skólans er boðið upp á vatn með matnum. Nemendur og starfsmenn eru hvattir til að drekka vatn. Allir nemendur eru með vatnsbrúsa eða glas í skólanum. Vatnsvél var sett upp á kaffistofu starfsmanna haustið 2004. Einnig hafa allir starfsmenn sín eigin drykkjarmál sem þeir geta geymt óþvegin á milli kaffitíma og er það gert til að draga úr notkun uppþvottavélar. Þá hefur verið lögð áhersla á það að nota ekki einota pappamál eða pappadiska í skólanum. Því var fjárfest í glösum, hliðardiskum og kaffibollum til að nota á bekkjarkvöldum og slíkum uppákomum. Áhersla hefur verið lögð á það að flokka úrgang og minnka rusl.

Haustið 2007 var ákveðið að gera átak í að draga úr rafmagnsnotkun í skólanum. Lesljós eru á öllum kennaraborðum í kennslustofum. Þá hafa verið hengdir miðar við alla slökkvara í skólanum til að minna okkur á að slökkva ljósin. Sama á við um ofna í kennslurýmum og á göngum.

Nemendur hafa hreinsað skólalóðina frá 2005. Hver bekkur á sitt svæði og í hverri viku fer einn bekkur út að hreinsa skólalóðina. Gúmmihanskar, áhöld og pokar eru geymdir á ákveðnum stað í skólanum. Ákveðið skipulag um það hvenær hver bekkur á að hreinsa hangir uppi á töflu í starfsmannarými.

Umhverfisnefnd skólans vann saman að því í september 2009 að setja fram ný markmið varðandi áframhaldandi vinnu í grænánaverkefninu. Markmiðin voru sett með þátttöku nemenda sem eru fulltrúar í umhverfisnefndinni. Umhverfismarkmið skólans eru:

1. Draga úr rafmagnsnotkun
2. Auka útikennslu og útiveru nemenda
3. Auka fræðslu í umhverfismennt
4. Draga úr pappírnotkun og flokka þann pappír sem til fellur
5. Gangna vel um umhverfið og hreinsa skólalóð

Þegar gáttlisti um umhverfismál var fylltur út í október síðastliðnum kom í ljós að það var margt sem vel var gert og hafði áunnist í umhverfismálum í skólanum. Þó voru nokkur atriði sem betur mættu fara og má þar helst nefna að það þyrfti að koma upp upplýsingatöflu þar sem hægt væri að birta helstu fréttir af umhverfismálum í skólanum. Sú tafla þyrfi að vera staðsett þannig að upplýsingar væru sýnilegar öllum í skólasamfélaginu. Einnig þarf að leggja frekari áherslu á að starfsmenn noti inniskó, margir eru á útiskóm inni. Allir nemendur fara úr útiskóm og ganga á sokkaleistunum eða í inniskóm inni í skólanum. Betur mætti einnig fara yfir ljós í kennslustofum og e.t.v. fækka perum í ljósastæðum. Þá væri gott að koma upp skiltum úti á skólalóð við bílastæðin um lausagang bifreiða þ.e. að beina þeim tilmælum til ökumanna að drepa á bílvél á meðan beðið er. Þá þyrfti að hrinda því í framkvæmd að koma upp matjurtargarði á skólalóðinni sem nemendur ræktuðu grænmeti í. Eins væri gott að koma upp rifsberjarunnum og/eða öðrum berjarunnum á skólalóðinni.





Nemendur við berjasöfnun að hausti

Staða umhverfismála í skólanum er metin árlega. Farið er yfir umhverfisgátlistann og skoðað hvað hefur áunnist og hvað mætti betur fara. Það er verkefnisstjórn sem sér um að fara yfir gátlistann

Útikennsla og fræðsla um umhverfismál eru samofin og rík hefð er fyrir því í Flataskóla að fara í ýmsar vettvangsferðir. Í tengslum við þær fræðast nemendur um umhverfismál. Fastur liður í skólastarfinu er að taka fyrir eitthvað þema tengt umhverfismálum í tengslum við dag umhverfisins 25. apríl ár hvert.

Ýmis skemmtileg umhverfisverkefni hafa fests í sessi í skólastarfinu. Dæmi um slíkt er Vífilsstaðaverkefnið sem unnið hefur verið í Flataskóla frá haustinu 2000. Nemendur í 6. bekk læra þar um lífríkið í og við Vífilsstaðavatn og fara í vettvangsferð þar sem þeir skoða umhverfið, taka sýni úr vatninu og Vífilsstaðalæk, greina plöntur í umhverfinu og átta sig á örnefnum.



Lífríki Vífilsstaðavatns

Nemendur í 4. bekk vinna verkefni um endurvinnslu þar sem þeir fræðast m.a. um flokkun á sorpi, mengun sem getur fylgt því og gildi þess að ganga vel um umhverfið. Hluti af fræðslunni fer fram í vettvangsferð í Sorpu. Einnig hafa nemendur í 4. bekk sett niður kartöflur að vori og tekið þær upp að hausti þegar þeir byrja í 5. bekk. Nemendur í 5. bekk fara í gróðursetningaferð að vori þar sem þeir fræðast um gildi þess að sinna landgræðslu.



Nemendur í 4. bekk setja niður kartöflur

Umhverfismennt er hluti af námskrá allra árganga skólans og samþætt ýmsum námsgreinum þegar við á. Sem dæmi þá fer fram margháttar fræðsla í heimilisfræði þar sem fjallað er um umhverfis- og endurvinnslumerki, auglýsingar og slysaþættu, flokkun á sorpi og moltugerð svo eitthvað sé nefnt.

Kennarar og starfsfólk er meðvitað um gildi umhverfismála og fræðir nemendur um gildi þess í gegnum námsefni, s.s. í náttúrufræðikennslu, útikennslu og í heimilisfræði og þegar aðstæður bjóða upp á slíka fræðslu.

Í janúar 2010 var gengið frá umsókn til Landverndar um endurnýjun grænánans en það þarf að sækja um endurnýjun fánans á tveggja ára fresti. Svar hefur borist frá Landvernd um það að Flataskóli fái endurnýjun og mun formleg afhending nýs grænána fara fram á haustdögum.

Hér hefur verið stiklað á stóru um umhverfismál í Flataskóla og ljóst er að ýmislegt hefur áunnist í þeim málum síðustu árin. Við það að fylla út gátlista um stöðu umhverfismála í skólanum kom í ljós að margt er í góðu lagi og það sem betur má fara ætti að vera auðvelt að bæta. Áhersla verður því lögð á það að styrkja það sem vel er gert og bæta það sem er að. Mikill áhugi hefur verið fyrir grænánaverkefninu í skólanum og höfum við í Flataskóla nú í tvö ár flaggað grænánanum með stolti og vonumst til að geta gert það áfram næstu árin.

*Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólalastjóri*



## **Heimaskólaverkefni – vettvangsnám kennaranema**

Haustið 2007 gerði Flataskóli samning við Kennaraháskóla Íslands sem nú kallast Menntavísindasvið HÍ um vettvangsnám kennaranema. Sú nýbreytni var höfð á að nemar eignast nú sérstakan heimaskóla og eru tengdir honum öll sín námsár við HÍ. Nemarnir koma þannig oftar á vettvang en áður og dvelja styttri tíma í einu.

Í flestum námskeiðum í HÍ er einhver tenging við vettvang sem getur falist í athugun á kennslu í einstökum námsgreinum eða aldurshópum, fyrirögn verkefna og eða kennslu. Það fer þó allt eftir kjörsviðum og hvar nemarnir eru staddir í námi sínu. HÍ greiðir heimaskólanum ákveðna upphæð fyrir nema á önn og í Flataskóla rennur sú upphæð til þeirra kennara sem taka að sér nema í aðstoð og æfingakennslu. Hópur reyndra og áhugasamra kennara tekur á móti nemunum í Flataskóla og aðstoðarskólastjóri hefur umsjón með skipulaginu og er tengiliður við HÍ.

Heimaskólaverkefnið er þannig kærkomið tækifæri til aukins starfsþroska kennara m.a. að með því þurfa kennarar að skoða sitt eigið starf og færa rök fyrir ákvörðunum á vali kennsluaðferða og námsefnis. Þeir verða að stíga út fyrir starfið og skoða sjálfa sig og starfsaðferðir með augum annarra. Það er einnig bæði gagnlegt og gefandi að taka á móti nýliðum og miðla til þeirra af reynslu sinni. Tengingin við Menntavísindasvið gefur ennfremur tilefni til margs konar samvinnu s.s. um rannsóknir á skólastarfi og þróunarstarfi auk tækifæra til þess að fylgjast með nýjungum í kennslufræðum. Þannig getur heimaskólaverkefnið verið í senn tækifæri og vettvangur skólaþróunar.

Skólaárið 2009-2010 voru níu kennararnemar í vettvangsnámi í Flataskóla. Nemarnir voru á 2. og 3. ári. Kjörsvið þeirra var kennsla yngri barna, textílmenn og tónlist. Nokkrir nemar unnu rannsóknarverkefni í aðferðafræði þar sem þeir kynntu sér t.d. viðhorf nemenda og foreldra skólans til skólabúninga og aðrir kynntu sér viðhorf foreldra í Flataskóla til heimanáms.

Eftirtaldir kennarar veittu kennaranemunum leiðsögn á þessu skólaári: Erna Þorleifsdóttir, Guðríður Rail, Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir, Hjördís Ástráðsdóttir, Margrét Haraldsdóttir, Ragna Gunnarsdóttir, Raket Svansdóttir, Olga Snorradóttir og Svanhvít Guðbjartsdóttir.

Nú í júní útskrifuðust þrír nemar frá HÍ sem hafa átta Flataskóla sem sinn heimaskóla í þrjú ár og stundað allt sitt vettvangsnám í skólanum. Óskum við þeim velfarnaðar í frekara námi og störfum.

*Helga María Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri*

## 5. Skýrsla sjálfsmatsnefndar

Í stýrihópnum voru: Jóna Oddsdóttir, Kolbrún Svala Hjaltadóttir, M. Elín Guðmundsdóttir, Ólöf Sighvatsdóttir og Sigurveig Sæmundsdóttir.

Sjálfsmatsáætlun skólans er byggð á skólastefnu Flataskóla og skólastefnu Garðabæjar. Sjálfsmatsnefnd gerir árlega áætlanir um mat á ýmsum þáttum sem snúa að skólastarfinu. Áætlun um sjálfsmatsferli Flataskóla byggir á könnunum sem lagðar hafa verið fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn á liðnum árum.

Á skólaárinu var unnið með skólastefnu og skorkort skólans. Árlega eru endurskoðuð markmið, mælingar og viðmið skorkortsins. Stýrihópur vann að endurskoðuninni og undirbúningi kannana.

### Skorkort

Í skorkorti sem fylgir skólastefnu Flataskóla eru sett fram helstu markmið ásamt mælingum, viðmiðum og aðgerðum. Markmiðin eru flokkuð í þrjá meginþætti sem eru: þjónusta, innra starf og mannauður. Hver flokkur greinist síðan í áherslupætti, þar sem fram koma áætlanir um mat, viðmið, mælingar, aðgerðir og ábyrgð.

### Gildi mælinga í skorkorti:

Samanburðarbil

- 0 – 3,69 veikleiki
- 3,70 – 4,19 starfhæft
- 4,2 – 5 styrkleiki

### Samkvæmt sjálfsmatsáætlun voru eftirfarandi kannanir lagðar fyrir samkvæmt skorkorti Flataskóla skólaárið 2009 – 2010.

- Tengsla- og líðan könnun var lögð fyrir nemendur í október 2009.
  - Líðan- og námsgreinakönnun var lögð fyrir nemendur í janúar 2010.
  - Foreldrakönnun var lögð fyrir í nóvember 2009.
  - Starfsmannakönnun var lögð fyrir í nóvember 2009.
- Niðurstöður sjá Skorkort Flataskóla 2009 - 2010.

**Eineltiskönnun** lögð fyrir nemendur í 4. – 7. bekk. Sjá skýrslu á heimasíðu skólans.

### Skólavogin

Ákveðið var að Flataskóli tæki þátt í matsverkefni á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hefur verið í þróun frá árinu 2007. Verkefnið felst í að kanna árlega viðhorf nemenda, foreldra og starfsfólks til nokkurra þátta í skólastarfinu auk þess sem safnað er ýmsum tölulegum og rekstrarlegum upplýsingum hjá skólastjórum. Með niðurstöðum fylgir að auki samanburður á árangri nemenda í 4., 7. og 10. bekk í íslensku og stærðfræði í samræmdum prófum ásamt framfarastuðli. Að stofni til er um að ræða norska aðferðafræði sem hefur verið löguð að íslenskum aðstæðum. Skólavogin er ekki altækt matstæki fyrir sveitarfélög eða grunnskóla en nýtist vel sem einn þáttur í innra mati/eftirliti þeirra. Skólum stendur til boða að leggja kannanir fyrir á íslensku, ensku og pólsku.

Markmið Skólavogarinnar er að stuðla að bættri þjónustu og aukinni skilvirkni með því að:

- bjóða upp á matstæki sem auðveldar sveitarfélögum að hafa eftirlit með skólum.
- veita sveitarfélögum og skólum upplýsingar sem gerir þeim kleift að bera sig saman við önnur sveitarfélög/aðra skóla.
- láta skólum í té upplýsingar sem þeir geta notað við innra mat á skólastarfinu.

Niðurstöður úr gögnum frá skólaárinu 2008 - 2009 og rekstrarárinu 2008 hafa borist skólanum og verður brugðist við helstu niðurstöðum.

### Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er vefverkefni sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6. – 10. bekk (í Flataskóla 6.-7. bekk) eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda miðað við nemendur í öðrum skólum á landinu. Verkefnið er á þróunarstigi og í Flataskóla eru kannanir lagðar fyrir tvisvar á ári, fyrir og eftir áramót. Fyrsta könnunin var lögð fyrir haustið 2008.

Skólaárið 2009-2010 voru 108 nemendur í 6. og 7. bekk. Tekið var úrtak úr árgöngunum og könnun lögð fyrir í október og apríl. Lagðar voru fyrir 22 spurningar og var marktækur munur milli ára í 5 spurningum. Niðurstöður könnunarinnar í Flataskóla voru innan marktæks munar miðað við landsmeðaltal. Munurinn var á bilinu 0,0 – 0,8 fyrir ofan landsmeðaltal.

Í skólapúlsinum eru kannaðir þrjú meginþættir en þeir eru virkni nemenda í skóla, líðan nemenda í skóla og skóla- og bekkjarandi. Við hvern þátt eru nokkrir undirliðir og niðurstöður þeirra fást með ákveðnum spurningum. Sem dæmi má nefna að undir virkni nemenda er liður sem heitir ánægja af lestri. Eru níu spurningar í könnuninni sem gefa niðurstöður fyrir ánægju af lestri. Skalinn sem notaður er til þess að meta vægi og svörun hvers liðs er 0 – 10.

Þeir liðir sem sýndu marktækan mun á milli landsmeðaltals og meðaltals Flataskóla voru: Virkni nemenda í skóla.

Trú á eigin getu í íslensku.

Trú á eigin getu í stærðfræði.

Trú á eigin getu í náttúrufræði.

Íþróttir/líkamsrækt.

Niðurstöður í ofangreindum liðum voru marktækt betri í Flataskóla sé miðað við landsmeðaltal. Hins vegar lækkaði gildi hvers liðar nema íþróttalíkamsræktar milli úrtaka. Lækkun átti sér einnig stað á landsmeðaltali og er athyglivert að velja vöngum yfir því hvort að tímasetning kannana ráði þar einhverju um (október og apríl) eða hvort það sé eitthvað annað. Séu niðurstöður þessara liða skoðaðar kemur í ljós að nemendur hafa svipaða trú á eigin getu í stærðfræði og náttúrufræði en heldur minni trú á eigin getu í íslensku. Sé litið á mun milli kynja kemur í ljós að stúlkur hafa meiri trú eigin getu í íslensku og náttúrufræði en drengir í stærðfræði. Hvað varðar íþróttir/líkamsrækt þá kemur svörun nemenda í Flataskóla ekki á óvart því aðrar kannanir innan skólans gefa til kynna að almennt stundi margir nemendur íþróttir og ekki óalgengt að nemendur æfi tvær greinar. Stúlkur og drengir stunda álíka mikið íþróttir og var þetta eini liðurinn þar sem svörun var upp á við milli úrtaka og þýðir því í raun að seinna úrtakið æfir meira en það fyrra.

### Líðan nemenda

Enginn liður sýndi marktækan mun. Hér fjalla undirliðir um sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vanlíðan, kvíða og einelti. Það sem vekur athygli er að svörun hvors úrtaks fyrir sig er nánast sú sama og breytist því nánast ekkert. Eins og fram kemur þá er ekki marktækur munur á svörun nemenda Flataskóla miðað við landsmeðaltal. Svörun nemenda Flataskóla er hins vegar örlítið betri þegar kemur að sjálfsáliti, stjórn á eigin lífi og vanlíðan. Svörun við kvíða er nánast sá sami og landsmeðaltal en skólinn er örlítið hærri en landsmeðaltal sé litið á eineltisliðinn. Kynin svara spurningum á svipuðum nótum er varðar allt nema eineltisliðinn er þar telja stúlkur sig frekar verða fyrir einelti. Gæti það legið í því hvernig er spurt þó erfitt sé að meta slíkt.

#### Skóla- og bekkjarandi

Virk þátttaka nemenda í tímum kemur lakar út hjá Flataskóla miðað við landsmeðaltal (marktækt). Þar er spurt út í tjáningu og umræður á námsefni og öðrum tengdum þáttum. Er þetta eitthvað sem vert er að gefa gaum og leita leiða til að breyta. Lítil munur er á svörun kynjanna en drengir telja sig þó örlítið meiri þátttakendur. Athyglivert er að skoða aðra liði út frá svörun kynjanna en þá kemur í ljós að drengir telja meiri aga vera í tímum og þeir samsama sig örlítið betur við hópinn. Stúlkur telja heimanám mikilvægara en drengir og hafa betra samband við kennarann. Drengir og stúlkur svara hins vegar nánast eins er kemur að stuðningi við nemendur í tímum.

Niðurstöður foreldra- nemenda- og starfsmannakannana voru kynntar starfsfólki á starfsmannafundum og umbótaáætlanir unnar í samræmi við niðurstöður. Niðurstöður foreldrakönnunar voru einnig kynntar skólaráði.

*Sigurveig Sæmundsdóttir, skólastjóri og M. Elín Guðmundsdóttir deildarstjóri*

**Skorkort Flataskóla 2009 - 2010**

**Samanburðarbil 0-3,69 veikleiki 3,70-4,19 starfhæft – 4,2-5 styrkleiki**

	Markmið	Mæling	Viðmið	Mæling '08	Mæling '09	Mæling '10	Aðgerðir
Þjónusta		Viðhorfskönnun meðal foreldra. Ég tel að barninu mínu séu sköpuð góð skilyrði til að ná árangri í námi og starfi.	Meðaltal 4,2<	4,13	4,07	4,08	Skilgreina góð námsskilyrði og gera ráðstafanir.
	Nemendur ná árangri	Viðhorfskönnun meðal foreldra. Ég tel að skólinn hvetji barnið mitt til að skila góðum námsárangri.	Meðaltal 4,2<	4,2	4,21	4,16	Skilgreina góð námsskilyrði og gera ráðstafanir.
		Gögn frá Námsmatsstofnun um samræmd próf eins og framfaraskýrslur. Að Flataskóli stuðli almennt að framförum milli 4. og 7. bekkjar í íslensku eða stærðfræði.	Að 90% nemenda sýni umtalsverðar framfarir, meiri en almennt gerist eða í meðallagi framfarir milli 4. og 7. bekkjar í bæði íslensku og stærðfræði.	88%	92%	88%	Vinna markvisst með niðurstöður samræmdra prófa og greina þættina nánar.

Skorkort Flataskóla 2009 - 2010

	Markmið	Mæling	Viðmið	Mæling '08	Mæling '09	Mæling '10	Aðgerðir
Þjónusta	Ánægðir nemendur	Viðhorfskönnun meðal nemenda í 1.-4. bekk. Könnun á vorönn. Hlutfall nemenda sem eru ánægðir með Flataskóla.	Að 80 % nemenda séu alltaf ánægðir.	76%	93%	87%	Aukið samráð við nemendur.
		Viðhorfskönnun meðal nemenda í 5.-7. bekk. Könnun á vorönn. Hlutfall nemenda sem eru ánægðir með Flataskóla.	Að 80% nemenda séu alltaf ánægðir í Flataskóla	64%	67%	77%	Aukið samráð við nemendur - efla nemendaráð.
		Viðhorfskönnun meðal nemenda í 1.-4. bekk á vorönn. Hlutfall nemenda sem liður vel í bekknum sínum.	Að 80% nemenda líði alltaf vel í bekknum sínum.	80%	91%	97%	Efla bekkjaranda og bekkjarfundi.
		Viðhorfskönnun meðal nemenda í 5. -7. bekk á vorönn. Hlutfall nemenda sem liður vel í bekknum sínum.	Að 80% nemenda líði alltaf vel í bekknum sínum.	64%	83%	85%	Efla bekkjaranda og bekkjarfundi.
		Talning: Mæting í foreldravíðtöl.	90%	98%	98%	99%	Aukið samráð við foreldraráð, foreldrafélag og foreldra.
		Talning: Mæting foreldra á námskynningar.	90%	Ekki mælt.	Ekki mælt.	75%	Breyta fyrirkomulagi námskynningafunda með því að efla þátttöku nemenda í kynningum á skólalastarfinu.



Skorkort Flataskóla 2009 - 2010

	Markmið	Mæling	Viðmið	Mæling '08	Mæling '09	Mæling '10	Aðgerðir
Innra starf	Fjölbreyttir kennsluhættir	Viðhorfskönnun kennara. Ég tel að nemendur í Flataskóla fái fjölbreytta kennslu.	Meðaltal 4,2<	4,23	4	4,21	Gátlisti yfir fjölbreyttar kennsluaðferðir. Þróunarverkefnið
	Fjölbreytt námsmat	Viðhorfskönnun kennara. Ég tel að nemendur Flataskóla fái fjölbreytt námsmat.	Meðaltal 4,2<	3,9	3,86	3,97	Gátlisti yfir fjölbreyttar námsmatsaðferðir.
	Fámennir námshópar	Viðhorfskönnun foreldra. Ég tel að barnið mitt sé í hæfilega stórum námshópi.	Meðaltal 4,2<	3,3	3,71	4,07	Kynna fyrir foreldrum skipulag námshópa og þróunarverkefnið fjölbreyttir kennsluhættir í Flataskóla.
	Mikil samvinna	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Ég tel að samstarf starfsmanna sé mikið í Flataskóla.	Meðaltal 4,2<	4,07	4,02	3,67	Efla samstarf starfsmanna.
		Viðhorfskönnun meðal foreldra. Ég er ánægð/ur með samskipti heimilis og skóla.	Meðaltal 4,2<	4,11	4,22	4,18	Innleiða skólaráð: Skólastjóri, fulltrúi starfsmanna, fulltrúi kennara, fulltrúi nemenda og fulltrúi foreldra sem fundar einu sinni í mánuði.
		Viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Ég tel að traust ríki milli starfsmanna og stjórnenda Flataskóla.	Meðaltal 4,2<	3,88	3,98	3,31	Efla samskipti og upplýsingaflæði.

Skorkort Flataskóla 2009 - 2010

	Markmið	Mæling	Viðmið	Mæling '08	Mæling '09	Mæling '10	Aðgerðir
Innra starf	Góður aðbúnaður og hvetjandi starfsumhverfi	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Ég er ánægður með vinnuaðstöðu mína.	Meðaltal 4,2<	4,33	4,4	4,22	Með sparnaði væri hægt að bæta vinnuaðstöðu.
		Viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Mér er hrósað af stjórnendum ef ég stend mig vel í starfi.	Meðaltal 4,2<	3,93	4,16	3,71	Fræðsla um gildi hvatningar. Stjórnendur á námskeið.
		Viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Mér er hrósað af samstarfsmönnum ef ég stend mig vel í starfi.	Meðaltal 4,2<	4,17	4,21	4,14	Fræðsla um gildi hvatningar fyrir starfsmenn.
	Gott upplýsingaflæði	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Ég tel að upplýsingaflæði í Flataskóla sé gott.	Meðaltal 4,2<	3,88	3,93	3,84	Tölvupóstur, upplýsingatafla og fréttabréf vikulega.
		Viðhorfskönnun meðal foreldra. Ég tel að upplýsingaflæði Flataskóla sé gott.	Meðaltal 4,2<	4,17	4,07	4,19	Efla heimasíðu skólans, tölvupóst og notkun Mentor.

## 6. Samstarf heimilis og skóla

### **Námskynningarfundir**

Námskynningarfundir skólaárið 2009 - 2010 voru haldnir dagana 7. - 11. september. Fundartíminn var kl. 8:10 - 9:10. Nemendur mættu samkvæmt stundaskrá en var kennt annarsstaðar á meðan á fundi stóð. Á þessum fundum kynna umsjónarkennarar skólasterfið og foreldrar ræða ýmis mál.

Í 4. bekk komu foreldrar fyrst saman á sal. Þar var fyrirkomulag samræmdra prófa kynnt. Eftir kynningu á sal fóru foreldrar með umsjónarkennurum í stofur barnanna þar sem skólasterfið í 4. bekk var kynnt nánar.

Í 1. bekk komu foreldrar/forráðamenn fyrst á hópfund í skólann í maí að vori, áður en barnið byrjar í skólanum. Kynningarfundur var síðan haldinn 17. ágúst og síðan voru einstaklingsviðtöl umsjónarkennara við foreldra og barn mánudaginn 24. ágúst.

### **Foreldradagar**

Foreldradagar voru í október og janúar. Þá voru nemendur og forráðmenn þeirra boðaðir í viðtal til umsjónarkennara. Aðrir kennarar og starfsmenn voru einnig til viðtals í skólanum þegar viðtölin fóru fram. Foreldrar mættu að venju mjög vel á þessa fundi og var mæting á báðum foreldradaga 99% sem verður að teljast frammúrskarandi góð mæting.

### **Skýrsla skólaráðs Flataskóla**

Samkvæmt lögum um grunnskóla sem tóku gildi 1. júlí 2008 skal starfa skólaráð við grunnskóla. Með þessari breytingu falla niður störf foreldraráðs og kennararáðs. Reglugerð um störf skólaráða var gefin út í árslok 2008.

Samkvæmt framansögðu var hafin undirbúningur að stofnun skólaráðs Flataskóla á haustönn 2008. Á fundi með foreldraráði og stjórn foreldrafélags Flataskóla var ákveðið að val á fulltrúum foreldra í fyrsta skólaráð Flataskóla færi þannig fram að fulltrúar kæmu úr hópi foreldraráðs og stjórnar foreldrafélagsins. Kennarafundur samþykkti að fulltrúar sem kosnir höfðu verið í kennararáð haustið 2008 yrðu fulltrúar kennara og fulltrúar annarra starfsmanna voru valdir á fundi þeirra. Skólastjórnendur í samráði við umsjónarkennara völdu fulltrúa nemenda í skólaráðið.

Skólaráð Flataskóla skipa eftirtaldir fulltrúar. Aðalmenn: Sigurveig Sæmundsdóttir skólastjóri, Auður Gunnarsdóttir kennari, Olga Snorradóttir kennari, Sigurbjörg Helena Jónasdóttir stuðningsfulltrúi og skólaliði, Anna Bjarnsteinsdóttir nemandi, Hrafnkell Þráinsson nemandi, Edda Rósa Gunnarsdóttir foreldri, Kristinn Tryggvi Gunnarsson foreldri og Þórhildur Ólafsdóttir foreldri. Varamenn: Helga María Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Erna Þorleifsdóttir kennari, Margrét Ásdís Haraldsdóttir kennari, Jóna Guðrún Oddsdóttir skólaritari, Guðmundur Ásgeir Guðmundsson nemandi, Stefanía Theodórsdóttir nemandi, Bryndís Ólafsdóttir foreldri, Guðfinna Björnsdóttir foreldri og Hermann Þráinsson foreldri.

Skólaráð hélt 5 fundi á skólaárinu. Á fundunum voru rædd ýmis mál og verða hér nefnd nokkur þeirra: Á fyrsta fundi var farið yfir skipulag skólaársins 2009 – 2010. Rætt um SMT – Skólafærni, matarmál nemenda, Skólabúðirnar í Reykjaskóla og fjáröflun tengda þeirri ferð. Kynnt voru ýmis samstarfsverkefni við skóla í Evrópu og helstu niðurstöður

viðhorfskönnunar foreldra. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 kynnt sem og skóladagatal fyrir skólaárið 2010 – 2011. Rætt um stærðfræðikennslu og hvernig mætti efla hana. Umræður um netnotkun barna og unglunga og mikilvægi þess að foreldrar fylgist vel með. Ákveðið að skólinn sendi heim bæklinga með fræðsluefni um hvað ber að varast í sambandi við netið. Skólaping svæðaráða foreldrafélaganna kynnt. Rætt um nemendaráð og skólabúninga. Kynntar breytingar á stjórnunarstöðum í skólanum næsta skólaár og hugmyndir um að bæjaryfirvöld ætli að skoða hugmyndir um sameiginlega stjórn Flata- og Garðaskóla. Skólaráð ákvað að senda ályktun um þetta mál til bæjarstjórnar Garðabæjar. Farið var yfir undirbúning skólaársins 2010 – 2011. Nánar er hægt að lesa um öll mál sem rædd voru á fundum skólaráðs í fundargerðum á heimsíðu skólans.

Á heimasíðu Flataskóla eru upplýsingar um skólaráð. Þar eru reglugerð um skólaráð, starfsreglur skólaráðs og fundargerðir.

Við lok annars starfsárs skólaráðs Flataskóla færi ég fulltrúum bestu þakkir fyrir gott og gefandi samstarf.

*Sigurveig Sæmundsdóttir skólastjóri*

## **Skýrsla foreldrafélags Flataskóla**

Markmið foreldrafélags er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Foreldrastarf er einn af hornsteinum skólastarfsins. Virkt foreldrafélag er styrkur fyrir skólastarfið auk þess að gott samstarf milli foreldra og einstakra nemenda og umsjónarkennara er mjög mikilvægt vegna námsins og hvernig nemendum líður í skólanum.

Stjórn foreldrafélags Flataskóla 2009-2010 var þannig skipuð að formaður var Hermann Þráinsson, ritari var Vala Dröfn Hauksdóttir, gjaldkeri var Kristinn Tryggvi Gunnarsson, og aðrir í stjórn voru Brynjar Kjærnested, Brynja Sif Skúladóttir, Hrafnkell Pálmarsson og Sabine Friðfinnsson.

Helstu verkefni foreldrafélagsins skólaárið 2009 -2010 voru:

- Hausthátíð
- Bekkjafulltrúar
- Skólafatnaður
- Jólaföndur
- Páskar – Örsögukeppni/Málsháttarkeppni
- Fræðslufundur fyrir 7. bekk – Páll Ólafsson
- Fræðslufundur í samvinnu við Svæðaráð

Aðalfundur foreldrafélags Flataskóla var haldinn 28. apríl. Þar var gert grein fyrir skýrslu stjórnar, verkefnum ársins, reikningar lagðir fram, rætt um árgjald og tillaga gerð að nýrri stjórn.

## Bekkjarfulltrúar

Á námskynningarfundum í öllum bekkjum eru valdir tveir til þrjár bekkjarfulltrúar fyrir hvern bekk. Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir foreldra við kennara og annað starfsfólk skóla. Bekkjarfulltrúar aðstoði eða sjái um að kennari fái aðstoð við vettvangsferðir, skemmtanir eða önnur verkefni sem kennari óskar aðstoðar við. Bekkjarfulltrúar sjá um að koma vinahópastarfi af stað þar sem það er í gangi. Bekkjarfulltrúar eru tengiliðir foreldra innbyrðis. Þeir aðstoða foreldra í bekknum við að koma hugmyndum sínum á framfæri, hvort sem það snýr að námi og kennslu eða félagslífi. Þeir aðstoða foreldra við að samræma útivistarreglur, afmælisgjafir og ýmislegt annað er varðar almenna samræmingu í uppeldi. Þeir geta líka átt frumkvæði að skemmtunum og fræðslu fyrir nemendur bekkjarins og fjölskyldur þeirra. Bekkjarfulltrúar eru einnig tengiliðir foreldra við stjórn foreldrafélagsins. Fulltrúar eru ábyrgir fyrir að mæta á bekkjarfulltrúafundi tvisvar á vetri þar sem lagðar eru línur fyrir vetrarstarfið. Komist þeir ekki skulu þeir kalla aðra til. Þeir skulu einnig aðstoða stjórn félagsins með nefndarstörf eða önnur verkefni sem til falla.

### Skólaárið 2009 - 2010 voru eftirfarandi bekkjarfulltrúar:

#### 1. bekkir

Hanna María Pálmadóttir  
Vilborg Grétarsdóttir  
Guðrún Kristín Kolbeinsdóttir



#### 2. bekkur MH

Lilja Jónsdóttir  
Guðjón Guðmundsson  
Eva Margrét Ævarsdóttir



#### 2. bekkur SG

Paola Cardenas  
Jóna R. Guðmundsdóttir

#### 3. bekkur EP

Jóhanna Jóhannsdóttir  
Haukur Gunnarsson



#### 3. bekkur HG

Vilborg Grétarsdóttir  
Muriel Claude Daniele Léglise

#### 4. bekkur OS

Katrín H. Árnadóttir  
Vilborg Ásgeirsdóttir  
Thelma Harðardóttir



#### 5. bekkur AG

Guðrún Dóra Harðardóttir  
Þorgerður Anna Arnadóttir

#### 5. bekkur HL

Lilja Jónasdóttir  
Katrín Helgadóttir

**5. bekkur KP**

Hanna Kristín Gunnarsdóttir  
Guðrún Zoéga



**6. bekkur AH**

Vilborg Ásgeirsdóttir  
Guðrún Borghildur Jóhannsdóttir



**6. bekkur AS**

Rakel Björnsdóttir

**6. bekkur OS**

Pálína Ragnhildur Hauksdóttir  
Bryndís Ólafsdóttir



**7. bekkur EÁ**

Hanna Kristín Gunnarsdóttir  
Hugrún Gunnarsdóttir

**7. bekkur HSG**

S. Ágústa Guðmundsdóttir  
Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir



**7. bekkur HP**

Guðrún Högnadóttir  
Helga Danielsdóttir





## 7. Skýrslur umsjónarkennara

### Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Nemendur í 1. bekk voru alls 26 í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Ragna Gunnarsdóttir og Rakel Svansdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru Margrét Elín Guðmundsdóttir sem kenndi heimilisfræði, Guðríður Rail kenndi textílmenn, Hjördís Ástráðsdóttir kenndi tónmennt og sá um fjöldasöng, Hannes Ingi Geirsson og Skúli Kristjánsson Þorvaldz kenndu íþróttir, Ingibjörg Baldursdóttir sá um bókasafnsfræðslu, Guðlaug Einarsdóttir sá um sérkennslu og Guðríður Sveinsdóttir sá um stuðning í íslensku. Kennt var í stofum S-218 og S-220.



Nemendur í 1. bekk á tröppum Þjóðleikshúsins

### Kennslustundir

Nemendur fengu alls 32,5 kennslustundir sem skiptust í íslensku, stærðfræði, kristinfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, íþróttir, textílmenn, tölvur, tónmennt, fjöldasöng, bókasafn og heimilisfræði.

### Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að:  
 leggja grunn að góðri skólafærni  
 auka félagsfærni nemenda  
 nemendur þekktu og tileinkuðu sér siði skólans  
 nemendur þjálfuðust í sjálfstæðum vinnubrögðum  
 þjálfu hljóð- og málvitund nemenda  
 kynna fyrir nemendum heiti og hljóð allra bókstafa  
 efla og styrkja talnaskilning með fjölbreyttri talnavinnu

### Skipulag kennslunnar

Í vetur var unnið eftir þróunarverkefninu byrjendalæsi. Nemendum árgangsins var skipt í þrjú vinnuhópa þar sem komið var á mótis við getu hvers og eins. Mikil samkensla var í 1. bekk og var unnið með hópinn sem eina heild. Reynt var að hafa skipulag kennslunnar fjölbreytta og áhersla var á hlutbundna kennslu og uppgötvunarnám. Mikil samvinna var við 2. bekk bæði í formi hringekju um jól og páska ásamt íslensku- og stærðfræði



útikennslu. Annar árgangur sem við áttum í nokkrum samskiptum við voru vinabekkirir okkar í 5. bekk, samvinnan fólst í kennslu á síðum Flataskóla og félagsfærni.

### Foreldrasamstarf

Foreldrafulltrúar árgangsins voru þrjár og var samstarf mjög gott. Þeir skipulögðu bekkjarkvöld á haustönn en á vorönn breyttum við út frá hefðbundnu bekkjarkvöldi og höfðum við morgunkaffi með stuttu kynningarmyndbandi af 1. bekk. Foreldrahópurinn hittist umfram það með nemendum á skautum og í grilli í vor.



### Ferðir

- Kertagerð hjá afa og ömmu tveggja nemenda fyrir jól
- Árbæjarsafn fyrir jól
- Ferð í Vídalínskirkju til Margrétar æskuliðsfulltrúa fyrir jól og páska
- Listasafn Íslands í janúar
- Þjóðleikhúsið í mars
- Sinfóníuhljómsveit Íslands í apríl
- Ferðir á leikskólanna, Bæjarból og Kirkjuból. Nemendur lásu fyrir nemendur og léku úti í mars/apríl
- Stofutónleikar hjá Hjördísi og Peter í maí
- Fjöruferð, ylströnd Garðabæjar í maí
- Ferðir í Vigdísarlund, hraunið og á rólóvelli í nágrenni, allt árið
- Fuglaskoðunarferð í Kópavog-maí



Gaman á ylströndinni í sól og sumaryl

### Þemaverkefni árgangsins

Í vetur voru eftir farandi þemaverkefni unnin:  
 Kátt er í kynjadal-þema  
 Örkin hans Nóa, kynjaskipt  
 Verkefni í tengslum við stafainnlögn  
 Steinar í samstarfi við Ingibjörgu bókasafnsfræðingi  
 Lagið í listinni í samstarfi með Hjördísi tónmenntakennara  
 Jóla- og páskapema í hringekju með 2. bekk  
 Siðakennsla og skólafærni með vinabekkjunum okkar í 5. bekk

### Ástundun nemenda

Veikindadagar samtals í árganginum voru 36 dagar.  
 Leyfisveitingar voru 96 dagar 5 stundir.

### Námsmat

Fyrirkomulag námsmats var þannig háttað:  
 Tove Krogh lagt fyrir í september  
 Læsi 1.1 lagt fyrir í nóvember  
 Læsi 1.2 lagt fyrir í febrúar  
 Læsi 1.3 lagt fyrir í apríl  
 Stafakunnátta könnuð reglulega yfir árið.  
 Hraðlestrarpróf í janúar og maí  
 Stærðfræðikannanir lagðar fyrir í janúar, mars og maí.  
 Vorpróf í stærðfræði lagt fyrir í lok maí

### Meðaltal einkunna í árganginum:

Lestur maí	4,5
Stærðfræði maí	8,7



Kiwanismenn gáfu nemendum í 1. bekk hjólahjálma í skólalok

## Mat á vetrinum

Veturinn hefur gengið mjög vel, lögðum af stað með miklar væntingar með hópinn enda fámennur en jafnframt duglegur hópur. Árangurinn lét ekki á sér standa og fór að mestu fram úr væntingum okkar.

*Ragna Gunnarsdóttir og Rakel Svansdóttir*

## Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Nemendur í 2. bekk voru alls 35 í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Margrét Ásdís Haraldsdóttir og Svanhvít Guðbjartsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru M. Elín Guðmundsdóttir sem kenndi heimilisfræði, Guðríður Rail kenndi textílmenn, Hjördís Ástráðsdóttir kenndi tónmennt og sá um fjöldasöng, Hannes Ingi Geirsson og Skúli Kristjánsson Þorvaldz kenndu íþróttir, Ingibjörg Baldursdóttir sá um bókasafnsfræðslu, Guðlaug Einarsdóttir sá um sérkennslu og Halla G. Rósenkranz sá um sundkennslu. Kennt var í stofum S-224 og S-226.



### Kennslustundir

Nemendur fengu alls 32,5 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, kristinfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, lífsleikni, íþróttir, textílmenn, myndmennt, tölvur, tónmennt, fjöldasöng, bókasafn og heimilisfræði.

### Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að koma til móts við hvern einstakling þar sem hann er staddur í námi og leik. Auk þess að stuðla að vellíðan nemenda, skapa þeim námshvetjandi umhverfi, efla sjálftraust og samskiptahæfni.

Mikil áhersla var lögð á daglegan lestur svo og verkefnið *Byrjendalæsi*.

Bekkjum var blandað saman eftir því sem verkefni gáfu tilefni til bæði í íslensku og stærðfræði.

### Skipulag kennslunnar

Í vetur var unnið áfram með þróunarverkefnið *Byrjendalæsi*. Nemendum árgangsins var skipt upp í þrjá vinnuhópa þar sem komið var á móts við getu hvers og eins. Mikil samvinna var í 2. bekk bæði milli kennara og nemenda.

Reynt var að hafa skipulag kennslunnar fjölbreytt þar sem m.a. var unnið einstaklingslega og í hópum.

### Foreldrasamstarf

Foreldrafulltrúar árgangsins voru fimm og var samstarf gott. Þeir skipulögðu spilakvöld á haustönn og grillveislu að vori. Kennarar buðu foreldrum á jólasýningu.

## Ferðir

Sinfóníutónleikar – Fíllinn Babar  
 Alþingishúsið  
 Hofsstaðir  
 Bæjarbókasafnið  
 Hellisgerði  
 Hjólaferð  
 Sólheimar í Grímsnesi  
 Pósthúsið  
 Hraunið  
 Fjaran



## Ástundun nemenda

Veikindadagar samtals voru: 200 dagar og 4 stundir.

Leyfisveitingar samtals voru: 66 dagar og 14 stundir.

Seinkomur samtals voru: 250 stundir.

Fjarvist samtals voru: 11 dagar og 41 stund.

## Námsmat

Fyrirkomulag námsmats var þannig háttað:

Læsi 2.1 lagt fyrir í nóvember og Læsi 2.2 lagt fyrir í febrúar.

Lestrarpróf lagt fyrir af sérkennara í september, janúar og maí.

Les II lagt fyrir í maí.

Stafsetning metin í maí skv. Aston Index og könnun frá Svanhildi Sverrisdóttur íslenskuráðgjafa.

Skriftarkönnun lögð fyrir í janúar og maí.

Stærðfræðieinkunn bæði í janúar og maí byggðist á tveimur 15% könnunum, vinnusemi gildi 10% og lokapróf gildi 60%.

## Meðaltal einkunna í árganginum:

Námsgrein	Janúar - meðaltal	Maí - meðaltal
Lestur	4,3	5,0
Stærðfræði	9,0	8,8

## Mat á vetrinum

Starfið gekk vel í vetur. Hópurinn hefur sýnt miklar framfarir bæði hvað varðar hegðun og nám. Mikil blöndun hefur verið milli bekkja og var mikil ánægja með það meðal nemenda og kennara. Auk þess var þó nokkur samvinna milli 1. og 2. bekkja sem tókst mjög vel og er ætlunin að halda henni áfram næstkomandi skólaár.

Magrét Ásdís Haraldsdóttir og Svanhvít Guðbjartsdóttir



## Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Í 3. bekk voru 34 nemendur í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Erna Þorleifsdóttir og Halla Rósenkranz. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru Guðríður Rail sem kenndi textílmennt, Elín Guðmundsdóttir sem kenndi heimilisfræði, Hannes Ingi Geirsson, Erna Þorleifsdóttir og Halla Rósenkranz sem kenndu íþróttir og sund, Hjördís Ástráðsdóttir sem kenndi tónmennt og sá um kór og fjöldasöng og Ingibjörg Baldursdóttir sem kenndi á bókasafni. Kennt var í stofum V-203 og V-205.

### Kennslustundir

Nemendur fengu alls 32,5 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, kristinfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, lífsleikni, íþróttir, textílmennt, myndmennt, tölvur, tónmennt, fjöldasöng, bókasafn og heimilisfræði.



### Helstu áherslur

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að koma til móts við hvern einstakling þar sem hann er staddur í námi og leik. Efla sjálfstraust nemenda og samskiptahæfni.

### Þemaverkefni árgangsins

Dagatöl sem gefin voru í jólagjöf til heimila barnanna.  
Himingeimurinn í samvinnu við kennaranema.  
Kisulandið - að nema land unnið í samvinnu við tónmenntakennara.

### Skipulag kennslunnar

Unnin í samstarfi við sérkennara í íslensku.

### Foreldrasamstarf

Sameiginlegt bekkjarkvöld fyrir jól.  
Þjóðhátíð (Að nema land)  
Skautuferð

### Ferðir

Slökkviliðið heimsótti okkur  
Jólaljósa og kaffihúsaferð  
Kirkjuferð  
Sveitaferð  
Hjólaferð á Víðistaðatún  
Fjörufurð á ylströnd  
Hellisgerði – farið tvisvar sinnum  
Ferð í Mjólkursamsöluna  
Stjörnuverið heimsótti okkur  
Stytttri ferðir í nágrenni skólans.



Gaman í Mjólkursamsölnni

### Ástundun nemenda

Veikindadagar samtals 92 dagar og 4 st.  
Leyfisveitingar voru 53 dagar og 6 st.

### Námsmat

Fyrirkomulag námsmats var þannig háttað að stöðupróf í lestri var tekið þrisvar yfir önnina og línulegar niðurstöður sendar heim í hvert sinn. Einnig var námsmat í stærðfræði og íslensku, stafsetningu og lesskilningi.

LH60 í maí.

Einnig mat kennari stöðu nemenda jafnt og þétt (símat).

### Meðaltal einkunna í árganginum:

Námsgrein	Janúar meðaltal	Maí meðaltal
Lestur	5,8	6,5
Íslenska	8,8	9,0
Stærðfræði	8,9	8,8

### Mat á vetrinum

Starfið í vetur hefur gengið mjög vel. Sérstök ánægja er með samstarf við Rannveigu Lund, sérkennara, sem hefur verið mikill stuðningur í allri lestrarkennslu.

*Halla Rósenkranz og Erna Þorleifsdóttir*



Duglegir nemendur í 3. bekk í hjólaferð

## Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Nemendur í 4. bekk voru alls 18 í einum umsjónarhópi. Umsjónarkennari var Olga Guðrún Snorradóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru Anna Rósa Skarphéðinsdóttir sem kenndi heimilisfræði, Árný Björk Birgisdóttir kennd myndmennt, Bryndís Þórarinsdóttir kenndi smíði, Guðríður Rail kenndi textílmennnt, Hjördís Ástráðsdóttir kenndi tónmennt og sá um fjöldasöng, Margrét Elín Guðmundsdóttir sá um tölvukennslu ásamt umsjónarkennara, Hannes Ingi Geirsson og Olga G. Snorradóttir kenndu íþróttir, Ingibjörg Baldursdóttir sá um bókasafnsfræðslu og Rannveig Lund sá um sérkennslu. Kennt var í stofu V- 207.

## Kennslustundir

Nemendur fengu alls 32 ½ kennslustundir sem skiptust í íslensku, stærðfræði, kristinfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, lífsleikni, íþróttir, textílmennt, myndmennt, tölvur, tónmennt, fjöldasöng, bókasafn og heimilisfræði.

## Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að efla nemendur í að öðlist breiðan þekkingargrunn og skilning á helstu sviðum námsgreina. Þjálfist í að taka þátt í gagnrýninni umfjöllun og búi yfir nægu sjálfstrausti til að nýta þekkingu sína og hæfni hver á sinn hátt. Geti unnið saman í mismunandi hópum.



Áhugasamir nemendur í 4. bekk

## Skipulag kennslunnar

Skipulag kennslunnar var fjölbreytt. Samfélagsfr/náttúrufræði var unnin góðri í samvinnu við Ingibjörgu Baldursdóttur bókasafnsfræðing og var bekknum þá skipt í hópa. Hringekja var einu sinni í viku þar sem unnið var í 80 mínútur á fjórum stöðvum og voru verkefni helst í stærðfræði, íslensku og tölvum Rannveig Lund kom að þeirri vinnu.

Nemendur 4. bekkjar tóku þátt í tveimur verkefnum í samvinnu við skóla erlendis. Það er Comeniusarverkefnið Vængjaðir vinir þar sem skólar á Íslandi, á Englandi og á Spáni vinna saman og eTwinningverkefnið Lets read, write and talk together.

## Foreldrasamstarf

Kynningarfundur að hausti

Tvö bekkjarkvöld annað sem foreldrar sáu um hitt þar sem nemendur kynntu starf og verkefni sem þeir höfðu unnið í vetur.

Nemendur komu fram á degi íslenskrar tungu.

Útgáfutónleikar þar sem lög af geisladiski Kórskóla Flataskóla voru flutt.

Foreldraviðtöl voru í október og í janúar.

## Ferðir

Farið var í eftirtaldar ferðir:

Vettvangsferðir í umhverfi skólans í tengslum við verkefni sem unnin voru í skólanum. Fjörufurðir.

Ferð í Sorpu

Leikskólinn Bakki í Grafarvogi sóttur heim í tengslum við verkefnið um hafið og Comeniusarverkefnið.

Húsdýragarðurinn heimsóttur og nemendur fræddir um dýr í sjó og vötnum.

Ferð í Háskólabíó á sínfóniutónleika.





Flottur hópur nemenda í 4. bekk

### Ástundun nemenda

Veikindadagar í árganginum voru samtals 160 dagar.

Leyfisveitingar voru 25 dagar.

### Námsmat

Fyrirkomulag námsmats var þannig háttað að nemendur tóku próf og verkefni jafnt og þétt yfir tímabilið – símat. Námið var metið í tölum með ástundun, sjálfstæði í vinnubrögðum, skapandi og frumlegri hugsun, efnistöfum, frágangi, frammistöðu og framförum.

### Meðaltal einkunna í árganginum:

Námsgrein	Janúar meðaltal	Maí meðaltal
Lestur	6,8	7,3
Íslenska	7,3	7,6
Stærðfræði	7,6	7,9



Nemendur í 4. bekk flytja atriði á jólaskemmtun

### Mat á vetrinum

Starfið í vetur hefur gengið mjög vel og umsjónarkennari er mjög ánægður með nemendur sína og alla samvinnu við heimilin. Góð samvinna hefur verið við Kolbrúnu S. Hjaltadóttur kennsluráðgjafa og Ingibjörgu Baldursdóttur bókasafnsfræðing í verkefnum. Öll samvinna við aðra kennara sem komu að árganginum var frábær.

Olga Guðrún Snorradóttir



Hvar eru allir fuglarnir?

### **Samræmd könnunarpróf í 4. bekk – niðurstöður**

Samræmd könnunarpróf í 4. bekk fóru fram 17. og 18. september 2009. Prófað var í íslensku og stærðfræði. Meðaleinkunn nemenda á kvarðanum 1 - 10 var í stærðfræði 6,6 og í íslensku 5,9. Normaldreifðar einkunnir skólans á kvarðanum 0 - 60 voru í íslensku 28,9 og í stærðfræði 33,3.

#### **Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0 - 60 árið 2009**

	Flataskóli	Nágrenni Reykjavíkur	Reykjavík	Landið allt
<b>Stærðfræði</b>	33,3	30,6	30,4	30
<b>Íslenska</b>	28,9	30,5	31,3	30

#### **Samræmdar einkunnir á kvarðanum 1 - 10 árið 2009**

	Flataskóli	Nágrenni Reykjavíkur	Reykjavík	Landið allt
<b>Stærðfræði</b>	6,6	6,2	6,2	6,1
<b>Íslenska</b>	5,9	6,1	6,2	6,0

Markmið Flataskóla er að nýta niðurstöður samræmdra könnunarprófa til að gera gott skólastarf enn betra. Haldnir eru fundir um niðurstöður prófanna með umsjónarkennurum og sérkennurum með það að markmiði að bæta árangur nemenda. Í vetur var lögð áhersla á þá þætti íslensku- og stærðfræðikennslunnar sem þurfti að bæta.

M. Elín Guðmundsdóttir, deildarstjóri yngra stigs

## Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Nemendur árgangsins voru 65 í þremur umsjónarhópum. 20 nemendur í 5. AG, 21 í 5. HL og 23 í 5.KP. Umsjónarkennarar voru Auður Gunnarsdóttir, Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Kristín Þorleifsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru Anna Rósa Skarphéðinsdóttir sem kenndi heimilisfræði, Auður Gunnarsdóttir kenndi mósaík, Árný Björk Birgisdóttir kenndi myndmennt, Guðríður Rail kenndi textílmennt, Bryndís Þórarinsdóttir kenndi smíði/hönnun, Hjördís Ástráðsdóttir kenndi tónmennt, tónsmíðu og sá um fjöldasöng, Skúli Þorvaldz Kristjánsson og Hannes Ingi Geirsson kenndu íþróttir, Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Hannes Ingi Geirsson kenndu sund. Einnig kenndu Auður Gunnarsdóttir og Hjördís Ástráðsdóttir og Guðríður Rail ensku. Guðríður Rail kenndi tölvur, Guðbjörg Ragnarsdóttir sérkennari og Ásta Bára Jónsdóttir sá um lífsleikni. Kennt var í stofum A-202, A-204 og A-206.

### Kennslustundir

Nemendur fengu alls 35 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, kristinfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, lífsleikni, íþróttir, textílmennt, myndmennt, smíði, mósaík, tölvur og heimilisfræði.

### Helstu áherslur árgangsins

Helstu áhersluatriði í árganginum voru mikil og góð samvinna milli umsjónarhópa. Mikil áhersla lögð á að auka lestrarhraða og bæta lesskilning. Nemendur áttu því að lesa daglega heima. Í öllum námsgreinum var leitast við að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum.

Í stærðfræði var áhersla lögð á að nemendur tileinkuðu sér þau vinnubrögð sem krafist var í námsefninu Geisla, ásamt áherslu á margföldun og deilingu (reikniaðgerðir). Einnig var unnið með hlutbundna stærðfræði.

Í íslensku var lögð áhersla á að nemendur öðluðust færni í að setja upp texta, bæta skriftarhraða sinn og orðflokkgreiningu. Mikil áhersla lögð á málfræði og stafsetningu.

Í samfélagsfræðigreinum var lögð sérstök áhersla á fjölbreytta kennsluhætti. Þar var markmið að efla félagstengsl og samkennd nemenda m.a. með því að vinna í hópum. Leitast var við að skapa tilbreytingu í skólastarfið og stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda.



Í stærðfræðivinnu

Mikil samvinna var við Ingibjörgu bókasafnsfræðing í samfélagsfræðigreinum. Nemendur fóru á bókasafnið og áttu að afla sér upplýsinga í tengslum við verkefni úr bókinni Ísland - veröld til að njóta. Þar var notast við uppflettirit og veraldarvefinn. Nemendur kynntu síðan verkefnið fyrir bekknum og foreldrum ásamt gestum á bókasafni skólans.

### Þemaverkefni árgangsins

Tekið var fyrir stórt þema um Landnám Íslands sem unnið var hjá umsjónarkennurum og í samvinnu við Ingibjörgu á bókasafninu. Einnig kom Hjördís tónmenntakennari að þessu verkefni með Þrymskviðu eftir Rannveigu Þorkelsdóttur. Haldin var sýning í lok verkefnisins fyrir foreldra í hátíðarsal skólans.

Unnið var flugdrekaverkefni fyrir Listadagahátíð í Garðabæ. Ísland veröld til að njóta var unnið í samvinnu við Ingibjörgu á bókasafninu og haldin uppskeruhátíð.

### Skipulag kennslunnar

Fyrir jól var unnið fyrri hluta dags í vinnulotum þar sem nemendur voru í þremur hópum í íslensku, stærðfræði og samfélagsgreinum. Nemendum skipt í fimm hópa í list- og verkgreinum: Smíði, handmennt, heimilisfræði, myndmennt og mósaik. Þessar greinar voru kenndar í lotum, fjórar kennslustundir á viku. Samfélagsgreinar voru kenndar í lotum sjö kennslustundir á viku. Eftir áramót breyttist skipulagið og hefðbundinni bekkjarkennsla tók við sem reyndist nemendum mun betur.

### Foreldrasamstarf

Kynningarfundur í september og foreldrafundir bæði á haust- og vorönn voru mjög vel sóttir. Foreldrar komu að lokahátíðinni í Landnámi Íslands þar sem þeir sáu um veitingar. Foreldrar mættu mjög vel á hátíðir bekkjanna, eins og landnáms hátíð og fjölþjóðahátíð. Einnig vel mætt á uppskeruhátíðina Ísland- veröld til að nota þar sem fór fram á skólatíma og boðið var til morgunhressingar. Foreldrafulltrúar árgangsins voru tveir úr hverjum umsjónarhópi.

### Ferðir

Heimsókn í Þjóðminjasafn Íslands í september.  
Heimsókn í Landnám 871 + - 2.setrið Reykjavíkur í september.  
Heimsókn í Emmess ís  
Ferð í Rafheima í nóvember.  
Tvær ferðir í Hellisgerði  
Heimsókn í Vídalínskirkju  
Heimsókn í Norræna húsið. Tilraunaland  
Heimsókn á Byggðasafnið á Akranesi.

### Annað

Lokahátíð í Landnámi Íslands í nóvember.  
Dagur íslenskrar tungu – Söngleikur úr Þrymskviðu í nóvember.  
Helgileikur í desember – bæði á sal og í Vídalínskirkju.  
Glærुकyning á bókasafni Ísland veröld til að njóta maí, morgunstund/bekkjarkvöld með foreldrum og vinum.  
Fjölþjóðahátíðin - Einn heimur á sal í maí  
Gróðursetning í hrauni sunnan við Vigdísarlund í maí.

### Námsmat

Fyrirkomulag námsmats var þannig háttað:  
Námsmat var þannig í flestum greinum að vinna/hópvinna, námsbækur, kannanir, próf, námsferðir og lokahátíðir giltu til lokaeinkunnar (símat).

Íslenska: Íslenskan var margþætt og skiptist meðal annars í eftirfarandi þætti: málfræði, ritun, stafsetningu (lesinn og ólesinn texti), bókmenntir (Blákápa), lesskilning (verkefni við hæfi hvers og eins), ljóð (Ljóðspor og frumsamin ljóð). Símat yfir veturinn.

Lestur: Nemendur voru prófaðir þrisvar sinnum yfir veturinn í lestri og lesskilningi. Upplestrarkeppni í mars.

Skrift og frágangur: Skriftar- og verkefnabækur voru metnar. Skriftarpróf í maí.





Stærðfræði: Próf lögð fyrir. Auk þess var vinna í tímum og heimavinna metin.

Samfélagsgreinar: Próf var lagt fyrir í Landnámi Íslands. Metin var hópavinna, safnaheimsóknir, lokahátíð og vinnubók. Metin var vinna og kynning á Ísland – veröld til að njóta ásamt einu heimaverkefni. Bókasafnsverkefni og verkefnabók voru metin til einkunnar. Könnun var lögð fyrir úr Auðvitað bók 1. Auk þess var vinnubók ásamt tilraunum og skýrslugerð metin einnig ferð í Rafheima.



Enska: Tekin voru þrjú heimapróf fyrir áramót og önnur þrjú eftir áramót verkefni metin ásamt annarprófum, ástundun og vinnusemi.

#### Meðaltal einkunna í árganginum:

Lestur	7,4
Íslenska	8,4
Stærðfræði	8,2

#### Mat á vetrinum

Vegna faggreinakennslu sem höfðuðu illa til nemenda reyndist starfið nokkuð erfitt, bæði fyrir nemendur og kennara, fyrir áramót. Eftir að bekkjarkennsla var tekin upp fengu nemendur fast land undir fætur og fór starfið að ganga betur eftir því sem á veturinn leið. Samstarf okkar var hnökralaust, þótt talsvert reyndi á í skipulagningu og samvinnu.

*Auður Gunnarsdóttir, Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Kristín Ósk Þorleifsdóttir.*



Nemendur í 5. bekk við gróðursetningu í framtíðar skrudgarði Garðabæjar

## Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk

Nemendur í 6. bekk voru alls 55 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Anna Lena Halldórsdóttir, Ágústa Amilía Sigurbjörnsdóttir og Ólöf Sighvatsdóttir. Ágústa fór í fæðingarorlof um áramótin og tók þá Ásgerður Guðmundsdóttir við hennar kennslu. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru Anna Rósa Skarphéðinsdóttir sem kenndi heimilisfræði, Árný Björk Birgisdóttir kenndi myndmennt, Guðríður Rail kenndi textílmennnt, Hjördís Ástráðsdóttir kenndi tónmennt og sá um fjöldasöng, Bryndís Þórarinsdóttir kenndi smíði/hönnun, Hannes Ingi Geirsson, Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Skúli Kristjánsson Þorvaldz kenndu íþróttir og sund, Guðbjörg Ragnarsdóttir sá um sérkennslu, Helga Sigríður Guðjónsdóttir sá um tölvukennslu, Ásta Bára Jónsdóttir sá um lífsleiknikennslu og Ingibjörg Baldursdóttir sá um bókasafnsfræðslu.

Kennt var í stofum N-119, N-217 og N-219 í norðurgangi.

### Kennslustundir

Nemendur fengu alls 35 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, kristinfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, lífsleikni, íþróttir, textílmennnt, myndmennt, smíði, tölvur og heimilisfræði.

### Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að stuðla að lotuvinna í stærðfræði, samfélags- og náttúrufræði. Greinar voru samþættar með íslensku og í upplýsingatækni. Meðal annars með ritun og verkefnavinnu í hinum ýmsu forritum og gerð heimasíðu.

### Þemaverkefni árgangsins

Í vetur var unnið þemaverkefni í sambandi við Listahátíð barna og unglinga í Garðabæ. Þemað í ár voru fuglar og bjuggu nemendur í 6. bekk til origami fugla.



Heimsókn í Norræna húsið

### Skipulag kennslunnar

Reynt var að hafa skipulag kennslunnar fjölbreytt. Samfélags- og náttúrufræði var kennt í lotum, það er hvert viðfangsefni var tekið fyrir í einu s.s. Snorrasaga og Vífilstaðavatn. Mikið var um hópastarf að ræða innan hvers bekkjar í þessum greinum en þó voru ávallt lögð fyrir einstaklingsverkefni.

Nemendur sem þurftu á sérstakri aðstoð að halda í íslensku og stærðfræði fóru í sértíma til Guðbjargar Ragnarsdóttur sem sá um alla sérkennslu í árganginum.

## Foreldrasamstarf

Foreldrafulltrúar árgangsins voru sex, tveir úr hverjum hópi. Þeir áttu meðal annars að sjá um bekkjarskemmtanir. Bekkjarfulltrúarnir voru ekki mjög virkir í vetur. Bekkjarfulltrúar stóðu fyrir einni bekkjarskemmtun að vori og var það grill í Heiðmörk.

## Ferðir

Farið var í eftirtaldar ferðir:

Að Vífilsstaðavatni tvisvar sinnum

Tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíó

Í Alþingi

Í Sögusafnið í Perlunni í tengslum við Snorrasögu.

Í Norræna húsið í tengslum við Norðurlöndin.

Í sjónvarpshúsið við Efstaleiti

Vinumorgun í Húsdýragarðinum

Heimsókn í Utanríkisráðuneytið

Hjólaferð í Nauthólsvík

Háskóli unga fólksins



Vinumorgunn í Húsdýragarðinum

## Ástundun nemenda

Veikindadagar samtals í árganginum voru dagar.327

Leyfisveitingar voru 184 dagar og 39 stundir

Seint komur voru 175 skipti

## Námsmat

Nemendur tóku próf jafnt og þétt yfir skólaárið í íslensku, stærðfræði, ensku og náttúru- og samfélagsfræði. Í náttúru- og samfélagsfræði var einnig stuðst við verkefni og vinnu nemenda, þjuggu nemendur til vefi og glærusýningar sem talað var inná ásamt öðrum verkefnum.

## Meðaltal einkunna í árganginum:

Lestur janúar	7,51
Lestur maí	7,68
Stærðfræði janúar	7,99
Stærðfræði maí	7,78



### Mat á vetrinum

Starfið í vetur gekk vel. Hver kennari kenndi sínum nemandahóp í heimastofu. Um áramótin voru teknir upp færnimiðaða nám í stærðfræði, skipt í fjóra hópa. Hver hópur fór í sína stofu til síns kennara og gekk þetta nokkuð vel. Gugga var með umsjónarkennurum í þeirri vinnu. Á föstudögum eftir hádegi voru tveir kennarar með alla þrjá umsjónarhópana. Tímarnir voru nýttir í útiveru og val. Það gafst mjög vel. Á hverjum morgni voru nýttar 15 mínútur í lestur.

Anna Lena Halldórsdóttir, Ásgerður Guðmundsdóttir og Ólöf Sighvatsdóttir



Í Sögusafninu í Perlunni

### Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk voru alls 51 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Elín Ása Þorsteinsdóttir, Hafþór Þorleifsson og Helga Sigríður Guðjónsdóttir. Aðrir kennarar sem kenndu í árganginum voru Anna Rósa Skarphéðinsdóttir sem kenndi heimilisfræði, Árný Björk Birgisdóttir kenndi myndmennt, Bryndís Þórarinsdóttir kenndi smíði, Guðríður Rail kenndi textílmennt, Hannes Ingi Geirsson, Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Skúli Kristjánsson Þorvaldz kenndu íþróttir, Ingibjörg Baldursdóttir sá um bókasafnsfræðslu, Guðbjörg Ragnarsdóttir sá um sérkennslu. Ásgerður Guðmundsdóttir kenndi í forföllum fyrir Helgu Sigríði á haustmíssi. Kennt var í stofum V-103, V-105 og V-107.

### Kennslustundir

Nemendur fengu alls 35 kennslustundir á viku sem skiptust í íslensku, stærðfræði, kristinfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, ensku, dönsku, lífsleikni, íþróttir, textílmennt, myndmennt, smíði, tölvur og heimilisfræði.

### Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmið í starfi vetrarins var að stuðla að lotuvinnu í stærðfræði, samfélags- og náttúrufræði. Greinar voru samþættar með ensku og í upplýsingatækni.

## Skipulag kennslunnar

Fram að páska sá Hafþór um kennslu í samfélags- og náttúrufræði, ensku og upplýsingatækni, Elín Ása sá um íslenskukennslu og ensku og Helga Sigríður sá um stærðfræði- og dönskukennslu. Eftir páska tók hver umsjónarkennari að sér kennslu allra greina í sínum bekk. Helga Sigríður tók að vísu dönskukennslu fyrir HP bekkinn ásamt sínum eigin og Hafþór annaðist enskukennslu fyrir sömu bekki. Gafst síðara fyrirkomulagið mun betur en hið fyrra.

Útikennsla var nýtt í samfélagsfræði, í ensku og í íslensku og reyndist það vel. Sólarveislur voru ýmist sameiginlegar yfir árganginn eða hver bekkur fyrir sig. Nemendur sem þurftu á sérstakri aðstoð að halda í íslensku og stærðfræði fóru í sértíma til Guðbjargar Ragnarsdóttur sem sá um alla sérkennsu í árgangunum.



Í útikennslustofunni í Vigdísarlundi

## Þemaverkefni árgangsins

Í vetur var unnið þemaverkefni í sambandi við Listahátíð barna og unglinga í Garðabæ. Þemað í ár voru fuglar og bjuggu nemendur í 7. bekk til fugla sem settir voru upp í hátíðarsal. Einnig bjuggu nemendur til fuglahræðu sem nýtt var við á setningu listdaga.

## Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var mjög mikið. Má þar nefna að árgangurinn fór í söfnun fyrir Reykjaferð sem gerði samstarf við foreldra meira en ella. Er það samdóma álit kennara, foreldra og starfsfólks á Reykjum að nemendur njóti Reykjaferðarinnar mun betur ef þeir þurfa að safna fyrir ferðinni. Samstarfið við foreldra gekk mjög vel.

## Ferðir

Farið var í eftirtaldar ferðir: Reykjaferð í febrúar, skautuferð í mars, sjóferð um sundin í maí, að Gljúfrasteini í júní og hjólaferð í Nauthólsvík í júní. Allar ferðir gengu mjög vel að skautuferðinni undanskilinni.

## Ástundun nemenda

Veikindadagar: 207 dagar og 4 stundir.  
Fjarvistir: 5 dagar og 44 stundir.  
Leyfi: 146 dagar og 32 stundir.  
Seinkomur: 86 skipti.



## Námsmat

Nemendur tóku próf jafnt og þétt yfir skólaárið í íslensku, stærðfræði, ensku og náttúru- og samfélagsfræði. Í náttúru- og samfélagsfræði var einnig stuðst við verkefni og vinnu nemenda, bjuggu nemendur til myndbönd og glærusýningar.

### Meðaltal einkunna í árganginum (á vorönn):

Lestur	7,9
Íslenska	7,8
Stærðfræði	8,1
Samfélagsfræði	8,7
Náttúrufræði	8,4
Iþróttir	9,3
Myndmennt	9,0
Heimilsfræði	8,8
Smíði	8,8
Textilmennt	9,1
Enska	8,9
Danska	7,7

## Mat á vetrinum

Skólalastarið gekk prýðilega í vetur. Framan af vetri var greinaskipting, eins og getið er að ofan, en eftir páska var þessu breytt og hver og einn kennari kenndi sínum umsjónarhóp. Gafst það fyrirkomulag mun betur. Nemendahópurinn var mjög kröftugur og þödu margir nemendur ekki að skipt væri um kennara í hverri kennslustund. Samstarf kennara í árganginum var með mikilli prýði.

Ferðin á Reyki tókst mjög vel og nemendur voru sér og sínum skóla til sóma. Foreldrar fóru með í ferðina og er það mat kennara og einnig starfsfólks á Reykjum að það fyrirkomulag sé mjög óheppilegt, fyrst og fremst vegna þess að foreldrar þekkja ekki nemendur og hafa því enga þekkingu á því að bregðast við vandamálum sem upp koma.

*Elín Ása Þorsteinsdóttir, Hafþór Þorleifsson og Helga Sigríður Guðjónsdóttir*

## Samræmd könnunarpróf í 7. bekk - niðurstöður

Samræmd könnunarpróf í 7. bekk fóru fram 17. og 18. september 2009. Prófað var í íslensku og stærðfræði. Meðaleinkunn nemenda í íslensku var 6,5 og í stærðfræði 6,7. Normaldreifðar einkunnir skólans á kvarðanum 0 - 60 voru í íslensku 30,2 og í stærðfræði 30,1.

### Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0- 60 árið 2008

	Flataskóli	Nágrenni Rvk.	Reykjavík	Landið allt
Stærðfræði	30,1	31,28	31,01	30
Íslenska	30,2	30,7	31,3	30

### Samræmdar einkunnir á kvarðanum 1-10 árið 2008

	Flataskóli	Nágrenni Rvk.	Reykjavík	Landið allt
Stærðfræði	6,7	7,0	7,0	6,8
Íslenska	6,5	6,5	6,5	6,4

Markmið Flataskóla er að nýta niðurstöður samræmdra könnunarprófa til að bæta skólastarfið. Unnið er með niðurstöður prófa og bornar eru saman niðurstöður hvers nemenda milli 4. og 7. bekkjar þar sem höfð er í huga námsframvinda. Haldnir eru fundir um niðurstöður samræmdra prófa með umsjónarkennurum og sérkennurum með það að markmiði að bæta árangur nemenda

*Skúli K. Þorvaldz, deildarstjóri eldra stigs*



Nemendur í 7. bekk í Skólabúðunum í Reykjaskóla

## 8. Skýrsla um sérkennslu

Í skýrslunni koma fram upplýsingar um fyrirkomulag sérkennslu. Hverjir kenndu og hvernig kennslan var skipulögð í megindráttum.

### Kennarar sem kenndu sérkennslu í vetur voru:

Á yngra stigi kenndu Guðlaug Einarsdóttir og Rannveig Lund. Á eldra stigi kenndi Guðbjörg Ragnarsdóttir. Stella Hermannsdóttir sá um talkennsluna og Guðríður Sveinsdóttir sinnti nýbúakennslu. Hannes Ingi Geirsson var með stuðningskennslu í sundi. Hulda Íris Sigursveinsdóttir starfaði sem þroskaþjálfari. Stuðningsfulltrúar voru Birna Pálsdóttir, Dóra Þórisdóttir, Linda Þorvaldsdóttir og Sigurbjörg Helena Jónasdóttir.

### Fjöldi nemenda

Heildarfjöldi nemenda sem fengu sérkennslu í vetur voru 67, mismunandi marga tíma. Á yngra stigi voru 36 nemendur og á eldra stigi 31 sem fengu sérkennslu stóran hluta vetrar, sumir alla daga, aðrir 2 - 3 stundir á viku. Alls fengu 16 nemendur kennslu í íslensku fyrir nýbúa og 16 nemendur fengu þjónustu hjá talmeinafræðingi skólans. Einnig fengu 5 nemendur stuðning hjá þroskaþjálfara skólans.

### Skipulag

Deildarstjórar yngra og eldra stigs hafa yfirumsjón með sérkennslu sem felst m. a. í:

- Umsjón á skipulagi sérkennslunnar innan skólans.
- Aðstoð og ráðgjöf við kennara.
- Að fylgjast með gengi nemenda í sérkennslu.
- Umsjón og stuðningi við starf stuðningsfulltrúa.
- Fundum með bekkjarkennurum, foreldrum, sérfræðingum o.fl.
- Umsjón með tölvuskráningu allra upplýsinga um nemendur með sérkennsluþarfir.
- Að sjá til þess að niðurstöður sérfræðinga sé komið í skjalaskáp til varðveislu.
- Umsjón með nýbúakennslu.
- Skipulagningu fráviksþjónustu í prófum.

### Greiningar

- Lestrarpróf, leshraði og lestrarnákvæmni könnuð þrisvar til fjórum sinnum yfir skólaárið.
- Lestrarkannanir og upplýsingagjöf til foreldra var í höndum sérkenna.
- Stafsetningarkannanir voru gerðar tvisvar sinnum, vor og haust, með það í huga að flokka villur nemenda eftir því hvar þeir væru staddir í þróuninni frá því að skrifa 1. óskiljanlega (hljóðrangar villur) 2. eftir framburði (hljóðréttar villur) og 3. hafa villur í stafsetningarreglum sem búið er að kenna í 3. og 4. bekk.
- Greiningarprófið Tove Krogh, Læsi 1.1, 1.2 og 1.3 og Les I var lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk.
- Læsi 2.1 og 2.2 og Les II var lagt fyrir alla nemendur í 2. bekk.
- Told 2I og Told 2P var lagt fyrir nokkra nemendur.
- Aston Index stafsetningarprófið er lagt fyrir alla nemendur frá 1. bekk.
- GRP-10 og LOGOS var lagt fyrir nokkra nemendur.
- Talnalykill var lagður fyrir þá sem óskað var eftir.
- LH 60 var lagt fyrir nemendur í 2. og 3. bekk.
- LH 40 var lagt fyrir nemendur í 4. bekk.

### Læsi í 1. og 2. bekk

Læsi – lesskimun er próf til að skima lestrarfærni nemenda í 1. og 2. bekk. Þrjú verkefni eru lögð fyrir nemendur í 1. bekk og tvö fyrir nemendur í 2. bekk. Fyrirlögn á Læsi er samræmd í grunnskólum Garðabæjar svo hún sé samanburðarhæf. Umsjónarkennari leggur fyrir Læsi með aðstoð sérkennara.



Meðaltal síðustu þriggja ára að vori er eftirfarandi:

Læsi	2008	2009	2010
1. bekkur	74%	71%	81%
2. bekkur	62%	78%	70%

### **Fyrirkomulag kennslu:**

#### **1. bekkur**

Í 1. bekk var sérkennslan tengd „Byrjendalæsinu“ 6 stundir á viku. Nemendum var skipt upp í 3 hópa sem voru í umsjón tveggja umsjónarkennara og sérkennara. Hóparnir voru færnimiðaðir og misstórir, flestir í sterkasta hópnum. Stafainnlögn/lestrarkennsla fór fram í þessum tímum. Kennararnir skiptust á að kenna hópnum eina viku í senn. Þegar upprifjun var, sá sérkennari um slakasta hópinn. Nemendur hafa ekki verið í beinni sérkennslu, en þó hefur verið haldið sérstaklega vel utan um þá sem hafa átt í erfiðleikum með að fylgja eðlilegum hraða á stafainnlögn og verið lengi að ná lestrartækninni. Í september var stafabekking og lestrargeta könnuð í tengslum við það að börnin voru send heim með lestrarbækur/tengiblöð við hæfi. Lestrarmat (stafabekking og lestrarkönnun) var aftur í janúar, apríl (stafakönnun hjá slakasta hópnum) og maí.

#### **2. bekkur**

Í 2. bekk var sérkennslunni skipt í 6 stundir á viku tengdar „Byrjendalæsinu“. Nemendum var skipt upp í 3 færnimiðaða hópa. Sérkennari sá um slakasta hópinn í þeim hópi var farið í stafainnlögn frá grunni. Í miðhópnum voru börn með brotakennda stafabekkingu og þurftu markvissa innlögn aftur á stöfum en hraðari. Í þriðja hópnum var unnið í litlum hópum að fjölbreyttum lestrarverkefnum. 2 stundir á viku voru nýttar fyrir litla hópa í lestri og stafsetningu. 1 ½ stund á viku var nýtt í stærðfræðikennslu lítils hóps nemenda. Unnið var með sama efni og aðrir í árganginum en farið meira í grunnfærni. 1 stund á viku í stærðfræði-stofu. Í ágústlok og september var stafabekking og lestrargeta könnuð. Skipt var í færnimiðaða hópa með þær upplýsingar í huga. Lestrarmat var aftur í janúar og maí. Í febrúar og fram í apríl var farið í lestrarátak með nokkra nemendur. Haft var samband heim fyrir það átak og svo aftur í lokin og árangur ræddur.

#### **3. og 4. bekkur**

Í 3. bekk fór kennslan aðallega fram í hópherbergi 201. Í 4. bekk fór kennslan fram jöfnum höndum innan bekkjar og utan. Nemendur voru oftast í litlum og stærri hópum. Einstaklingskennsla var fremur undantekning en regla.

Innihaldi kennslu í báðum árgöngunum: Lestrarkennsla- og þjálfun við hæfi einstaklinganna.

Stýring á bókavali til þjálfunar. Stýring á þjálfunaraðferð heima. Stafsetningarkennsla þeirra sem eru á stigi 1 í stafsetningarþróuninni. Foreldrum voru sendar línulegar upplýsingar um athuganir á leshraða og lestrarnákvæmni í desember, mars og maí. Skrifleg tilmæli/ráðgjöf til foreldra um hvernig þeir gætu stutt við framfarir voru sett fram í bréfunum. Stutt námskeið var haldið fyrir foreldra í febrúar sem Rannveig Lund sérkennari skipulagði. Þar var sýnt hvernig foreldrar gætu stutt við stafsetningarnám barna sinna. Miðað var við að foreldrar barna sem stafsetja á stigi 1 gætu hjálpað markvissar heima.

#### **5. – 7. bekkur**

Í 5. – 7. bekk fékk sérkennarinn til sín ákveðinn hóp nemenda og fengu nemendur efni við hæfi í því fagi sem bekkurinn var að vinna með. Nemendur voru ýmist í sérkennslu í lengri

eða skemmri tíma. Sumir komu inn á námskeið hjá sérkennara þar sem skerpt var á ákveðnum þætti en aðrir þurftu á frekari aðstoð að halda. Ýmist voru nemendur úr einum bekk eða blandaður hópur úr árganginum. Sérkennari fór einnig inn í bekki en það gafst betur að nemendur færi í smærri hópum til sérkennara. Í 6. bekk var farið af stað með færnimiðað nám í stærðfræði eftir áramót. Árganginum var skipt í fjóra hópa og var notast við skimunarpróf í upphafi hvers þáttar stærðfræðinnar til þess að kanna stöðu nemenda. Niðurstöður skimunarprófanna voru síðan notaðar til þess að ákveða hópana og eins til þess að móta nám. Sérkennari sá um að kenna getuminnsta hópnum hverju sinni. Á næsta ári er fyrirhugað að taka upp svipað fyrirkomulag í fleiri árgöngum.

### **Rannsóknar- og þróunarvinna/miðlun þekkingar**

Gerð var samantekt á árangri barna í leshraða skólaárin 2005-2009. Í því skyni voru notaðar upplýsingar úr Mentor. Tilgangurinn er að hafa raunhæf viðmið um meðallestrargetu barna í 1. - 4. bekk til þess að auðveldara sé að marka stefnu um árangur í leshraða í hverjum árgangi og auðvelda mat á áhrifum inngripa með nýjum/öðrum kennsluáferðum. Fleiri athuganir voru gerðar á grundvelli þessara gagna. Má þar nefna hvort lestri hraki í sumarleyfum og hversu margir nemendur hafa náð einkunninni 8,0 í lestri í lok 4. bekkjar.

Kennsluáferð í stafsetningu fyrir börn sem stafsetja oft skv. villum 1 var þróuð í samvinnu við kennara yngra stigs.

Starfið á yngra stigi í Flataskóla, sérkennslunni í tengslum við almenna kennslu, var kynnt á Læsisráðstefnu Samtaka móðurmálskennara (Leiðin til læsis) sem haldin var í febrúar 2010. Það gerðu Guðlaug Einarsdóttir og Rannveig Lund. Grein byggð á kynningunni birtist eftir þær í Skólavörðunni í apríl 2010.

*M. Elín Guðmundsdóttir og Skúli K. Þorvaldz deildarstjórar*



Ýmislegt leynist í fjörunni



## 9. Skýrslur list- og verkgreinakennara

### Hönnun og smíði í 4. - 7. bekk

Verkefni í 4. bekk voru tvö.

Dýr sem sprellíkarlar og valið var á milli: **kolkraþba, elgs, mörgæsar og fíls.**

Síðan var tekin fyrir hlutur sem snérist í bandi t.d. **höfrungur, selur og páfagaukur.**

**Útikennsla** var nýng í 4. bekk þar sem nemendur fóru út og sóttu sér efni í garð í bænum og unnu svo fleka og skip sem voru samþætting við verkefnið *Flýgur fiskisagan*.

**Fuglaþema** var einnig og tengdist það Comeniusarverkefninu *Vængjaðir vinir*.

Allir nemendur náðu að klára þessi verkefni. Fengu því allir að velja sér aukaverkefni. Margir hönnuðu sinn eigin hlut og var það mjög ánægjulegt. Allir hóparnir voru með í samþættingarverkefninu. Margir nemendur gátu unnið þrjá til fjóra aukahluti.



**Námsmat:** Hver hlutur fyrir sig var metinn t.d. vandvirkni og sjálfstæði. Síðan var hver tími metinn t.d. ástundun og vinnusemi.

Verkefni 5. bekkjar var eitt.

**Hús með ljósi.** Það var það stórt verkefni. Tíminn var mjög naumur svo sumir rétt kláruðu verkefnið. Þetta verkefni reyndi mjög á nákvæmni í sögun.

Nokkrir nemendur fengu að velja annað t.d. lærðu þeir að **tálga** í blaut efni. Einnig voru nokkrir nemendur sem hönnuðu sína hluti og kom það vel út. Nokkrir nemendur gátu unnið tvo auka hluti.

**Námsmat:** Hver hlutur fyrir sig var metinn t.d. vandvirkni og sjálfstæði. Síðan var hver tími metinn t.d. ástundun og vinnusemi.

Verkefni 6. bekkjar voru öll í vali t.d.

- **Bátur** með vél eða
- **Viti** með ljósi eða
- **Eigin hönnun** með ljósi.
- **Tálgun**

- **Þemaverkefni:**

Fuglahús og fuglar sem tengdust Comeniusarverkefninu

Flestir náðu að vinna tvö verkefni. Báturinn kom vel út, einnig vitinn. Náðist að ljúka verkefnunum og var nægur tími til að vinna aukaverkefni.

**Námsmat:** Hver hlutur fyrir sig var metinn t.d. vandvirkni og sjálfstæði. Síðan var hver tími metinn t.d. ástundun og vinnusemi.



Verkefni 7. bekkjar voru:

- **Málmsmíði:** skartgripur
- **Skartgripakassi**
- **Tálgun** í blaut tré

Þessi verkefni komu vel út fyrir þennan aldur. Nemendurnir voru ánægðir með þessi verkefni. Tálgunin var vinsælust. Unnin voru nokkur aukaverkefni.

**Námsmat:** Hver hlutur fyrir sig var metinn t.d. vandvirkni og sjálfstæði. Síðan var hver tími metinn t.d. ástundun og vinnusemi.

Bryndís Þórarinsdóttir, smíðakennari


## Textílmennt

### Helstu markmið í 1.- 7. bekk

- Nemendur læri undirstöðu í verkþáttum textílmenntar
- Nemendur læri hvernig eigi að umgangast og beita verkfærum í textílstofu
- Nemendur fái tækifæri til sjálfstæðrar sköpunar
- Nemendur læri að þæfa með ullarkembu
- Vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman
- Nemendur fái að handleika mismunandi efnisgerðir
- Skoði vel liti og reyna að finna út hvaða litir passa best í verkefnið
- Velji liti saman og raði einingum upp í munstur
- Læri grunnatriði á saumavél
- Læri að sauma beinan saum og víxl saum.
- Læri að nota verkfæri stofunnar og umgangast þau af virðingu
- Læri að fitja upp í prjóni
- Prjóna garðaprjón

### 1. bekkur

- Tveir hópar með 13 nemendum.
- Hver hópur mætir í aðra hverja viku.



### Helstu verkefni

- Sólarbuddur: þræðispor, vinaband og perlusaumur.
- Þæfður bolti.
- Þæfð jólahjörtu.
- Púði: mynd þæfð, þæfing saumuð með þræðissporum á púða og púði saumaður saman og fylltur með tróði. Hjá umsjónarkennara útbjuggu nemendur spjald sem á stóð nafnið þeirra og hvað púðinn/listaverkið heitir. Spjaldinu var stillt upp með púðunum á sýningu.
- Þæft utanum steina.



### Námsmat

- Umsögn

## 2. bekkur

- Þrír kynjaskiptir hópar með 11-14 nemendum.
- Hver hópur mætti í þriðju hverri viku.



### Helstu verkefni

- Vefa: ofið með garni að eigin vali og brúða saumuð úr efninu.
- Þæft jólaepli.
- Krosssaumur: undirstaða krosssaums í stórum java.
- Taska: Krosssaumsefnið notað sem skreyting í poka úr flísefni. Vélsaumur og band handunnið úr bómullarefni.

### Námsmat

- Umsögn



## 3. bekkur

- Þrír kynjaskiptir hópar með 11-12 nemendum.
- Hóparnir mæta í lotum í 7 skipti í senn.

### Helstu verkefni

- Fléttuð lyklakippa: bómullargarn mælt í níu 50 cm lengjur og fléttað saman.
- Þæft utanum frauðkúlu og furðuvera búin til.
- Þæfð jólakúla skreytt með palítettum.
- Felupoki. Önnur hliðin saumuð eftir teikningu af eigin mynstri. Felugluggi saumaður í saumvél. Poki fylltur með hrísgrjónum og nokkrum smáhlutum sem nemendur koma með að heiman. Í tölvutíma útbúa nemendur spjald þar sem skrifað er hvaða hlutir finnast í pokanum. Spjaldið plastað og saumað með silkiborða á felupokann.

### Námsmat

- Umsögn



## 4. bekkur

- Tveir kynjaskiptir hópar með 9 nemendum.
- Hver hópur mætti í annarri hverri viku.

### Helstu verkefni

- Þrjón - grunnur lagður að garðaprjóni. Nemendur þrjónuðu bolta
- Jólakúlur þæfðar og skreyttar.
- Comeníusarverkefni Vængjaðir vinir. Nemendur þæfðu fuglahreiður og egg í hreiðrin.
- Páskablóm þæfð
- Bókataska með upphafsstaf. Efni klippt út og taska saumuð í saumavél.
- Fígúra úr filtefni saumuð saman með þræðissporum eftir eigin hönnun.

### Námsmat

- Vinnusemi: 20%
- Verkefni: 80%

## 5. bekkur.

- Fimm hópar með um 12-14 nemendum.
- Lotuskipting



### Helstu verkefni

- Pennaveski: Þræðispor og krosssaumur saumaður í stífan java, rennilás saumaður í og saumað saman í saumavél.
- Þrjóna tröllatösku úr lopa. Taskan þæfð og skreytt með tröllaandliti.
- Þæfður jólasveinn skreyttur með handsaumuduðum lopa.

### Námsmat

- Vinnusemi: 20%
- Verkefni: 80%

## 6. bekkur

- Fjórir hópar með 13-14 nemendum.
- Lotuskipting.

### Helstu verkefni

- Þæfð lyklakypa: Kúla þæfð í 2-3 litum og sett saman með tréperlum.
- Þrjóna að eigin vali. Nemendur þrjónuðu t.d. húfur, trefla, töskur, gemsahulstur, leggings, buddur, vettlinga.
- Krosssaumur með mynd að eigin vali sem er fest á þunnt þæft efni.
- Stafapúði. Stafur saumaður með filtefni sem er klippt í litla hringi og fest á með palíettum. Púði saumaður saman í saumavél.

### Námsmat

- Vinnusemi: 20%
- Verkefni: 80%



## 7. bekkur

- Fjórir hópar með 12-14 nemendum.
- Hver hópur fékk um 11-12 skipti.

### Helstu verkefni

- Krosssaumur á púða. Munstur voru breytileg eftir árstíðum, jóla, páska og vor. Úr krosssaumnum saumuðu þau skrautpoka og púða.
- Þrjóna: Val á verkefni. Flestir nemendur voru komnir með mjög gott vald á garðaprjóni. Margir nemendur bættu við slétt þrjón og þrjónuðu erfiðari verk. Nemendur þrjónuðu t.d. húfur, trefla, töskur, gemsahulstur, leggings, buddur, vettlinga.
- Þæft utanum flösku og ullin skreytt með nálarþæfingu.

### Námsmat

- Vinnusemi: 20%
- Verkefni: 80%

## Mat á vetrinum

Í flest öllum tímum í textílmennt er nauðsynlegt að hafa aðstoðarmanneskju þar sem nær allir tímar byggja á einstaklingsaðstoð. Þessi aðstoð er mikilvæg bæði fyrir nemendur og kennara. Með aðstoðarmanneskju getur kennari haft betri yfirsýn yfir vinnu og verk nemenda og aðstoðað nemendur þannig að þeir þurfi ekki að bíða óeðlilega lengi.

Skólaliði kom inn í tíma hjá mér til aðstoðar í 1. og 2. bekk síðustu vikur skólaársins. Það var ómetanlegur stuðningur fyrir nemendur.

Árangur nemenda er mikill og verk þeirra eru skapandi, frumleg og falleg.

Í 1., 2., 3. og 4. bekk var unnið í samstarfi við umsjónarkennara að einu verkefni.

Verk nemenda voru höfð til sýnis fyrir framan bókasafnið og vakti það mikla lukku meðal nemenda og starfsmanna. Nemendur voru stoltir af verkum sínum og höfðu einnig gaman af að sjá hvað aðrir árgangar voru að gera.

*Guðríður Rail, textílkennari*



## Myndmennt

### Markmið og viðfangsefni

Í vetur sóttu nemendur í 4. – 7. bekk tíma í myndmennt. Nemendur komu í litlum hópum og unnu saman í afmarkaðan tíma áður en hópurinn hélt svo áfram í næstu list- eða verkgrein.

Í vetur var eins og undanfarin ár lögð áhersla á sköpunargleðina, virkja hana og styrkja. Nemendur fengu alltaf ákveðið rými innan hvers verkefnis til að gera það að sínu eigin og nota eigið hugmyndaflug. Markmiðið var að kveikja áhuga og vinnugleði nemenda og bar það í flestum tilvikum góðan árangur.

Myndlistarmenn voru lítillega kynntir og eftirprentanir af verkum sýndar nemendum sem voru hvattir til að prófa að skapa myndir í stíl gamalla meistara.



Lögð var áhersla á að nemendur ynnu á eigin hraða og þyrftu ekki að fylgjast að í verkefnum. Einnig var boðið upp á úrval af frjálsum verkefnum svo aldrei þyrfti að koma dauð stund hjá nemendum sem voru fljótir að vinna.

Virðing bar mikið á góma í tímunum, virðing fyrir okkur sjálfum og sköpunarverkum okkar, virðing fyrir félögum okkar og einnig virðing fyrir stofunni, efniviðnum og áhöldum.

### Fuglar

Í vetur unnum við mikið með fugla í tengslum við Comeniusarverkefnið *Vængjaðir vinir* sem er unnið undir stjórn Hjördísar tónmenntakennara og settum upp sýningu fram á gangi þar sem allir nemendur áttu þess kost að sýna verk sín og taka þátt í stórrí hópmynd af hreiðri.

Við fengum uppstoppaða fugla til að skoða og teikna og var lóan vinsælust meðal nemenda. Nokkrir nemendur kusu að gera fugla-skúlptúra, ýmist úr gipsi eða pappamassa. Form eggisins var útfært á ýmsan máta. T.d voru búnir til skúlptúrar úr lopa og lími þar sem lopabandinu var dýft í lím og ofið utan um uppblásnar blöðrur.



### Samstarfsverkefni

Nemendur í 5. bekk unnu í samstarfi við smíði með árstíðirnar. Hver hópur fékk eina árstíð til að vinna með og teiknuðu allir nemendur mynd. Nemendur héldu svo lýðræðislega kosningu um hvaða mynd þeir vildu að unnið yrði með áfram í smíði. Loka útgáfa verksins, unnið í smíði, prýðir nú vegg á einum gangi skólans.

Nokkrir nemendur unnu gipsafsteypur af höndum sínum, máluðu og skreyttu fyrir fingrabrúðuleikhús bókasafnsins.

### Listadagar

Nemendur unnu stóra skúlptúra af kríum úr vír og pappamassa eftir að hafa skoðað ljósmyndir af fuglunum. Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá hversu vel nemendum gekk að vinna áfram með verk sem annar hópur hafði byrjað á og taka svo kannski við því aftur eftir að margir aðrir höfðu sett mark sitt á verkið. Þetta reyndist góð æfing í samvinnu og í að leggja krafta sína í verk sem ekki var þeirra einkaeign heldur sameign allra í skólanum.

### Útikennsla

Þegar sól tók að hækka á lofti og veðrið að hlýna skunduðum við út með pappaspjöld, pappír, blýanta og penna. Við skoðuðum umhverfið í hrauninu, spjölluðum um krafta náttúrunnar og teiknuðum saman. Verkefnið var að horfa, meðtaka og setja upplifun sína á blað. Viðfangsefnið var hraunið, lækurinn, tré, hús og samnemendur.

### Námsmat

Nemendum voru gefnar einkunnir ásamt umsögnum. Einkunnirnar voru gefnar í tölustöfum og stóðu fyrir virkni nemenda í tímum og úrvinnslu þeirra á verkefnum vetrarins.

### Niðurstaða

Í heildina gekk myndmenntakennsla ágætlega í vetur þó alltaf megi gera betur. Tímarnir reyna talsvert á nemendur hvað varðar tillitsemi og umgengni. Virðing er þema sem þarf stöðugt að vinna með. Það vantar t.d. talsvert upp á að umgengni um efni og áhöld sé eins og best yrði á kosið.



Í stofunni þarf að ríkja ákveðið frelsi svo nemendur geti athafnað sig, unnið og fundið sig í eigin sköpun. Það er vandmeðfarið þetta frjálsa andrúmsloft eða lifandi rými sem hentar svo vel til svona vinnu en þegar vel tókst til sáu nemendur sjálfir um að gæta að því.

*Árný Björk Birgisdóttir*

## **Mósaík í 5. bekk**

### **Markmið og helstu viðfangsefni**

Markmiðið var að kenna nemendum að gera mósaik myndir og muni. Frá hugmyndavinnu og allan verkferilinn. Hanna fyrst og síðan skapa. Lagt var upp með að nemendur ynnu á eigin hraða, eigin getu og þyrftu ekki að fylgjast að í verkefnum. Einnig var boðið upp á úrval af frjálsum verkefnum svo aldrei þyrfti að koma dauð stund hjá nemendum sem voru fljótir að vinna en gæðin voru höfð í fyrirrúmi. Verkefni sem unnin voru eru hönnunarvinna, kertaglas, vasi, skapaðar voru myndir á tréplötur, sem fengu ýmis hlutverk t.d. mynd eða platti undir heitt. Matardiskur fékk nýtt útlit sem kom skemmtilega á óvart eins og t.d. kertadiskur.

Aðalefnið sem notað var til að hanna og skapa hlutina eru litaðar glerplötur ásamt glersteinum, skeljum og fleiru. Kennnt var tvisvar sinnu í viku í tvo tíma í senn og fjöldi í hverjum hópi var um 12 – 14 nemendur.

### **Námsmat**

Námið er metið í tölum með ástundun, sjálfstæði í vinnubrögðum, skapandi og frumlegri hugsun, efnistöfum, frágangi, frammistöðu og framförum.

*Auður Gunnarsdóttir*

## **Sund**

Markmið sundkennslu er að auka færni nemenda í sundi. Tímalfjöldi í sundi er ein stund á viku hjá 3. 4., 5. 6. og 7. bekk og er það samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Hjá 1., 2. bekk var kennslan aftur á móti í námskeiðsformi og fengu hóparnir 16 skipti hver, fjórar klukkustundir á viku eða sem samsvarar 24 kennslustundum. Það fyrirkomulag að hafa nemendur á námskeiðum teljum við mjög gott því nemendur ná mikilli færni á stuttum tíma. Kennslan í heild sinni gekk vel og árangur allra bekkjadeilda ágætur. Kennslu er hagað þannig að lögð er áhersla á eitt sund í nokkrara vikur og að lokinni lotu er tekið próf í viðkomandi sundi hjá 5., 6. og 7. bekk, þar sem nemendur þurfa að skila ákveðnum vegalengdum. Í lok skólaársins taka svo allir bekkir próf, sundstigin sem nemendur taka eru eftirfarandi:



**1.sundstig:**

Öndunaræfing 10 x. Ganga 2.5 m með andlit í kafi. Flot á bringu og baki. Skriðsundsfótatök 5 m. Bringusundsfótatök við bakka.

**2.sundstig:**

Rennsli frá bakka 2.5 m. Marglyttuflot. 8 m bringusundsfótatök. 10 m skriðsundsfótatök. 10 m baksundsfótatök. Hoppa af bakka.

**3.sundstig**

8 m bringusund. 6 m skólabaksundsfótatök. 12 m skriðsund m/sundfit. 12 m baksund m/sundfit. Köfun eftir hlut.

**4. sundstig**

25 m bringusund. 12 m skólabaksund. 12 m skriðsund. 12 m baksund m/sundfit. Stunga úr kropstöðu af bakka.

**5. sundstig**

75 m bringusund. 25 m skólabaksund . 25 m skriðsund m/án sundfita. 12 m baksund. Stunga af bakka.

**6. sundstig**

200 m bringusund viðstöðulaust. 50 m skólabaksund. 25 m skriðsund. 25 m baksund. 15 m björgunarsund. Stunga af bakka.

**7. sundstig**

300 m. bringusund viðstöðulaust. Val um tímatöku í 50 m. bringusundi þar sem tímamörkin eru 70 sek. eða 25 m. skriðsundi þar sem tímamörkin eru 30 sek.

15 m. björgunarsund með jafningja.

Stílsund í bringu- skólabak- skrið- bak- og kafsundi þar sem gefin er einkunn.

Í 7. bekk fá börnin í fyrsta skipti einkunn í tölum fyrir sundstíl.

*Hannes Ingi Geirsson, Hanna Lóa Friðjónsdóttir, Erna Þorleifsdóttir (3.bekkur)  
og Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir(1.-2. bekkur)*

## Íþróttir

Við íþróttakennsluna er haft að leiðarljósi að markvisst íþrótt- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt það mikilvægasta, sem hver skóli getur veitt nemendum sínum, er að styrkja sjálfsmynd hans og vellíðan. Slíkt er hægt að gera með markvissum æfingum og leikjum þar sem þroskapættir eru hafðir að leiðarljósi.

Jákvæð upplifun íþróttakennslu í skólum getur lagt grunninn að heilsusamlegum lífsstíl hvers nemanda. Með jákvæðri upplifun af íþróttum, þar sem gleði og ánægja ríkir, eykst einnig vinnugleði og vellíðan sem hefur áhrif á allt skólastarfið. Þá getur góð og markviss kennsla einnig styrkt stoðkerfi líkamans og bætt líkamsreisn.

### Kennslufyrirkomulag

Íþróttakennarar skólaárið 2009-2010 voru Hannes Ingi Geirsson og Skúli Kristjánsson Þorvaldz, auk þess sem Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir kenndi 3. bekk með Hannesi. Einar Ólafsson leysti Hannes af í september og október, þar sem Hannes kláraði fæðingarorlof.

Kennsla 1., 2. og 3. bekkja er mest í formi leikja og æfinga, þar sem lögð er áhersla á að hver og einn finni sig í þátttöku leikja, sem einstaklingur og í hóp. Nemendur fá að kynnast hinum ýmsu íþróttagreinum og grunnþáttum þeirra. Að hausti er 3. bekkjum kennt á víxl eina viku inni og eina viku úti, þannig gengur það fram í miðjan október en þá færast allir inn. Eftir páska er svo tekinn upp sami háttur aftur. 1. og 2. bekkur er alltaf inni, nema að kennari ákveði annað.

Kennsla 4., 5., 6. og 7. bekkja fer fram í lotum. Þannig fær hver íþróttagrein þrjár til fjórar vikur eða 6 - 8 kennslustundir. Hverri lotu líkur svo með námsmati. Nemendur fá þannig að kynnast hverri íþróttagrein mun betur og innviðum hennar. Þessi háttur hefur gengið mjög vel og líkar nemendum vel við þetta fyrirkomulag. Kennarar hafa einnig verið mjög sáttir við útkomuna.

### Námsmat

Nemendur 1., 2., og 3. bekkja fá umsögn varðandi árangur sinn og frammistöðu yfir skólaárið.

Nemendur eldri bekkja fá einkunn í tölustöfum. Einkunnin byggir á fimm íþróttagreinum sem teknar eru fyrir á hverri önn. Hver íþrótt gildir 20% í heildareinkunn. Einkunn hvernar íþróttar fyrir sig skiptist annars vegar í mat kennara á áhuga, hegðun, mætingu, virkni nemanda og hvernig farið er eftir fyrirmælum og hins vegar skiptist einkunnin í frammistöðu á prófum í hverri íþróttagrein fyrir sig.

### Mat á vetrinum

Íþróttakennslan skólaárið 2009-2010 gekk mjög vel. Aðstæður til íþróttakennslu við Flataskóla eru til fyrirmyndar og gildir þá einu hvort kennt er innan- eða utandyra. Útikennslusvæði er eflaust með því besta sem gerist hérlendis og er það svæði mikið nýtt að hausti og svo aftur að vori.

Í heildina litið hefur starfið gengið mjög vel og allt samstarf verið gott. Breytingar sem gerðar voru á kennsluháttum eldri bekkja fyrir tveimur árum halda áfram að ganga vel og mikil ánægja verið með það hvernig til hefur tekist. Þróun kerfisins heldur áfram enda má lengi gott bæta.

*Hannes Ingi Geirsson*

## Heimilisfræði

### 1. bekkur

Í fyrsta bekk voru tveir hópar í heimilisfræði sem skipt var þvert á árganginn. Þeir fengu kennslu aðra hverja viku allan veturinn, tvær stundir í senn. Aðalnámskrá grunnskóla var höfð til hliðsjónar. Áhersla var lögð á verklega kennslu og að nemendur gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess að borða hollan og fjölbreyttan mat. Einnig var lögð áhersla á hreinlæti við matargerð og frágang í eldhúsi. Í vor var farið í útikennslustofuna í Vigdísarlundi og þar var búið til kakó sem allir drukku með ánægju.

Símat fer fram í hverri kennslustund og lokanámsmat er í umsagnarformi.

### 2. bekkur

Í þessum árgangi voru þrír hópar, einn stelpuhópur og tveir drengjahópar. Fjöldi kennslustunda var skipt þannig á milli hópanna að hver hópur fékk tvær stundir í senn í fjögur skipti. Aðalnámskrá grunnskóla var höfð til hliðsjónar. Áhersla var lögð á verklega kennslu og að nemendur gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess að borða hollan og fjölbreyttan mat. Einnig var lögð áhersla á hreinlæti við matargerð og frágang í eldhúsi.

Símat fer fram í hverri kennslustund og lokanámsmat er í umsagnarformi.

### 3. bekkur

Í þessum árgangi voru þrír hópar, tveir stelpuhópar og einn drengjahópur. Fyrir áramót var tímabilinu skipt þannig að nemendur fengu heimilisfræði í fjögur skipti og tvo tíma í senn. Á seinni önninni var tímabilinu skipt í þrennt. Aðalnámskrá grunnskóla var höfð til hliðsjónar. Áhersla var á verklega kennslu og að nemendur gerðu sér grein fyrir mikilvægi þess að borða hollan og fjölbreyttan mat. Einnig var lögð áhersla á hreinlæti við matargerð og frágang í eldhúsi.

Símat fer fram í hverri kennslustund og lokanámsmat er í umsagnarformi.



### 4. bekkur

Í þessum árgangi er einn bekkur og var þeim skipt þannig að helmingur kom fyrir jól og hinn eftir jól tvo tíma í viku. Aðaláhersla var lögð á verklega kennslu. Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla við markmiðssetningu. Kennslubókin heitir *Hollt og gott* og fá nemendur hana til eignar. Bókin geymir líka skrifleg verkefni sem við gerum skil. Nemendur voru mjög námfúsir og duglegir og ánægjulegir tímar sem við áttum saman.

### 5. bekkur

Hóparnir voru úr þremur 5. bekkjum og voru, 12-14 nemendur í hverjum hópi. Nemendur komu í 14 skipti yfir veturinn.

Í heimilisfræði fór fram verkleg og bókleg kennsla og bókin sem notuð var, er til eignar. Bókin sem við notuðum er vinnubók og eru í henni verkefni í næringarfræði. Aðaláhersla var lögð á verklega kennslu, einnig var einn bóklegur tími þar sem farið var yfir hollustu og heilbrigði, nemendur unnu

veggspjald sem þeir fóru með heim. Grænmetis og ávaxtaréttir eru aðalþemað en einnig fá þau að baka auðveldar uppskriftir og brauð. Mest þótti þeim gaman að fara heim með afraskturinn. Áhersla var lögð á að nemendur næðu tökum á að vinna með lífrænt ger. Einnig skiptir samvinna miklu máli í þessum tímum.



## 6. bekkur

14-15 nemendur voru í hverjum hópi. Nemendur komu í 16 skipti yfir veturinn. Bókin sem notuð var er til eignar fyrir nemendur. Í heimilisfræði fór fram verkleg og bókleg kennsla en aðaláhersla var lögð á verklega kennslu. Ljúffengar kökur og ilmandi brauð voru búin til og einnig eldað úr fiski og kjöti. Áhersla var lögð á að nemendur næðu tökum á að fletja út deig og vinna með þeytt deig, einnig að nemendur væru duglegir að vinna með lífrænt ger. Einn bóklegur tími var hjá hverjum hópi og þá var unnið með næringu og hollustu, nemendur unnu litlar heilsu- og lífsstílsbækur..



## 7. bekkur

Nemendur komu í 16 skipti hver hópur, unnið var með námsbók sem ætluð er þessum aldurhópi, bókin er til eignar. Aðalnámskrá grunnskóla liggur til grundvallar. Einn bóklegur tími var hjá hverjum hópi, nemendur unnu veggspjöld í þeim tíma sem tengist næringarefnum og hollustu. Í verklegu tímum var eldað og bakað til skiptis og einnig fengu nemendur að velja verkefni sjálfir. Í þessum árgangi er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og góða samvinnu einnig að helstu aðferðir í bakstri og einfaldri matreiðslu séu ljós. Einn tími var

notaður í útikennslu þar sem við grilluðum í Vigdísarlundi.

## Námsmat

Einkunn var gefin í tölustöfum og tekið var mið af vinnusemi, vinnubrögðum, sjálfstæði og samvinnu, og gildir hver þáttur 25% þetta mat er fyrir 4. – 7. bekk

## Mat á vetrinum

Skólaárið gekk mjög vel, nemendur voru áhugasamir og unnu vel. Af áhuganum að dæma voru verkefni við hæfi.

*Anna Rósa Skarphéðinsdóttir og M. Elín Guðmundsdóttir*



## Tónmennt

Helstu viðfangsefni

### 1. bekkur

Vikulegir tónmenntatímar undir stjórn tónmenntakennara í samvinnu við umsjónarkennara, unnið með þematengt efni. Tilraunaverkefni í enskukennslu ungra nemenda, samvinnuverkefni tónmenntakennara og umsjónarkennara, tengt enskum og amerískum textum, barnalögum og -leikjum. Unnið með tónlist og hreyfingu, skólahljóðfæri og sönglög. Fjöldasöngur vikulega, unnið með þematengt efni. Heimsóknir leikskólabarna og nýrra nemenda í tónmennt í samvinnu við nemendur í 1.



bekk. Nemendur 1. bekkjar í samvinnu við nemendur úr 2. bekk fluttu þuluna Bokki sat í brunni. Verkefnið *Lagið í listinni*: Heimsókn undir leiðsögn Rakelar Pétursdóttur safnakennara í Listasafn Íslands. Tónlistin í málverkum á Carnegie-sýningunni könnuð og hugleidd. Heimsókn undir leiðsögn Vigdísar Jakobsdóttur í Þjóðleikhúsið. Hljóðheimur leikhússins kannaður. Nemendur fylgdust með lokaspretti uppsetningar Íslandsklukkunnar í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Sinfóníuhljómsveit Íslands heimsótt. Maxímús trítlar í tónlistarskólann. Leiklestur Valur Freyr

Einarsson. Heimsókn á stofutónleika hjá Hjördísi tónmenntakennara og Peter Tompkins hljóðfæraleikara. Uppskeruhátíð 1. bekkja „*Sex litlar endur*“ föstudaginn 21. maí. Nemendur í 1. bekk voru virkir þátttakendur í COMENIUSAR-verkefninu *Vængjuðum vinum*. Nemendur lærðu fuglalög þáttökulanda verkefnisins á þremur tungumálum, fluttu opinberlega og tóku upp á myndband, fóru í fuglaskoðun og stunduðu fuglalestur.

### 2. bekkur

Fjöldasöngur vikulega, unnið með þematengt efni.

Tilraunaverkefni í enskukennslu ungra nemenda, samvinnuverkefni tónmenntakennara og umsjónarkennara, tengt enskum og amerískum textum og barnalögum.

Einn tónmenntatími á viku undir stjórn tónmenntakennara. Unnið með tónlist og hreyfingu, skólahljóðfæri og sönglög. Sérstök áhersla lögð á spuna og hljóðfæraslátt.



Dagur íslenskrar tungu 16.

nóvember. Nemendur 2. bekkjar í samvinnu við nemendur úr 1. bekk fluttu þuluna Bokki sat í brunni.

*Jólaleikrit* samvinnuverkefni

tónmenntakennara, nemenda í 5.

bekk og umsjónarkennara, sett upp

og flutt á jólaskemmtun Flataskóla.

Tónleikar 2. bekkinga „*Máratla*

*mín, mín*“ þriðjudaginn 25. maí.

Vorferð í júní á Sólheima í

Grímsnesi. Smiðjur og önnur

starfsemi Sólheima könnuð. Lárus

hljóðfærasmiður sóttur heim.

Nemendur í 2. bekk voru virkir



þátttakendur í COMENIUSAR-verkefninu *Vængjuðum vinum*. Nemendur lærðu fuglalög þáttökulanda verkefnisins á þremur tungumálum, fluttu opinberlega og tóku upp á myndband, fóru í fuglaskoðun og stunduðu fuglalestur. Nemendur í 2. bekk höfðu umsjón með fjórða raffundi verkefnisins þar sem niðurstöður fuglalesturs þáttökuskólanna voru gerðar opinberar.

### 3. bekkur

Fjöldasöngur vikulega, unnið með þematengt efni. Vikulegir tónmenntatímar undir stjórn tónmenntakennara í samvinnu við umsjónarkennara. Unnið með tónlist og hreyfingu, og skólahljóðfæri. Sérstök áhersla lögð á danstónlist út frá hljóðfæraleik, tónhæðir og fuglaköll. Kórskóli Flataskóla, vikulegar æfingar þar sem 3. og 4. bekkur koma saman og æfa valin sönglög. Tilraunakennsla með ensk og bandarísk barnalög í samvinnu við umsjónarkennara. Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember. Nemendur Kórskóla Flataskóla fluttu leikhústónlist og hjátrúarromsu. Nemendur Kórskólans sungu á Ljóðahátíð Flataskóla með aðstoð kennaranema í tónmennt. Eyjahátíð í maí. Samvinnuverkefni umsjónarkennara og tónmenntakennara. Unnið að útgáfu geislaflötu með sérstaka áherslu á fuglalög. Útgáfutónleikar kórskólans „*Hreiðrum ganga fuglar frá*“ þriðjudaginn 18. maí. Nemendur í 3. bekk voru virkir þátttakendur í COMENIUSAR-verkefninu *Vængjuðum vinum*. Nemendur lærðu fuglalög þáttökulanda verkefnisins á þremur tungumálum, fluttu opinberlega og tóku upp á myndband, fóru í fuglaskoðun og stunduðu fuglalestur. Nemendur í 3. bekk höfðu umsjón með öðrum raffundi verkefnisins þar sem niðurstöður fuglalesturs þáttökuskólanna voru gerðar opinberar.



Kórskóli 3. og 4. bekkja í upptöku 7. maí.

### 4. bekkur

Fjöldasöngur vikulega, unnið með þematengt efni. Vikulegir tónmenntatímar, hálfur bekkur í senn, undir stjórn tónmenntakennara í samvinnu við umsjónarkennara. Unnið með spuna, þjóðlög frá ólíkum menningarheimum og skólahljóðfæri. Sérstök áhersla lögð á spuna og tónsmíðaverkefnið *Ljóðað í lurkinn*. Kórskóli Flataskóla. Vikulegar æfingar þar sem 3. og 4. bekkur koma saman og æfa valin sönglög. Tilraunakennsla með ensk og bandarísk barnalög í samvinnu við umsjónarkennara. Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember. Nemendur Kórskóla Flataskóla fluttu leikhústónlist og hjátrúarromsu. *Blindu mennirnir og fíllinn*: Indverskt barnaævintýri, samvinnuverkefni



tónmenntakennara og umsjónarkennara, sett upp á jólaskemmtun Flataskóla. Fjöruheimsókn á leikskólann Bakka, samstarfsskóla Flataskóla í COMENIUSAR-verkefninu *Vængjuðum vinum*. Nemendur Kórskólans sungu á Ljóðahátíð Flataskóla með aðstoð kennaranema í tónmennt. *Vorhátíð*: Samvinnuverkefni umsjónarkennara og tónmenntakennara. Unnið að útgáfu geislaflötu. Útgáfutónleikar kórskólans „*Hreiðrum ganga fuglar frá*“ þriðjudaginn 18. maí. Nemendur í 4. bekk voru virkir þátttakendur í COMENIUSAR-verkefninu *Vængjuðum vinum*. Nemendur lærðu fuglalög þáttökulanda verkefnisins á þremur tungumálum, fluttu opinberlega og tóku upp á myndband, fóru í fuglaskoðun og stunduðu fuglalestur. Nemendur í 4. bekk höfðu umsjón með þriðja raffundi verkefnisins þar sem niðurstöður fuglalesturs þáttökuskólanna voru gerðar opinberar.

## 5. bekkur

Fjöldasöngur vikulega, unnið með þematengt efni. Vikulegir tónmenntatímar, hálfur bekkur í senn, undir stjórn tónmenntakennara í samvinnu við umsjónarkennara. Unnið með jazz, spuna og skólahljóðfæri, íslensk þjóðlög og þjóðlög frá ólíkum heimshornum. Tónsmiðja Flataskóla, einu sinni í viku, einn bekkur í senn. Unnið að spunaleiknum *Þrymskviðu*, *Helgileik Flataskóla* og *Fjölbjóðahátíðinni*. Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember. Nemendur tónsmiðju fluttu spunaleikinn *Þrymskviðu* sem byggir á leikgerð Rannveigar Tryggvadóttur. Flataskólamessa þriðja í aðventu. Nemendur tónsmiðju fluttu *Helgileik Flataskóla* í Vídalínskirkju. *Helgileikur Flataskóla* fluttur á jólaskemmtun skólans í desember. Nemendur úr tónmenntahópi studdu við leikgerð 2. bekkjar á *Jólaleikriti*. Unnið í tónsmiðju að fjölbjóðaverkefninu *Einum heimi*. Upplýsingar á völdum menningarsvæðum settar fram og kynntar af nemendum í formi glærusýningar. Söngvar, síðir, dansar og hljóðfærsláttur ólíkra menningarsvæða æfður. Hvalir, seglbátar og hjörtu unnin samkvæmt fornri japanskri listhefð, origami. Hátíðarsalur skólans skreyttur með afrakstri pappírsbrotsins. Friðar-, menningar- og fuglaskoðunarferð til Viðeyjar undir leiðsögn Guðlaugar Elisabetar Ólafsdóttur. Fjölbjóðahátíðin *Einn heimur* flutt í hátíðarsal Flataskóla fimmtudaginn 28. maí.



Fjölbjóðahátíðin *Einn heimur*, 28. maí 2010

## 6. bekkur

Fjöldasöngur vikulega, unnið með þematengt efni. Vikulegir tónmenntatímar, hálfur bekkur í senn, undir stjórn tónmenntakennara. Unnið með blús, jazz, popp og spuna á óhefðbundna og endurnýttu hljóðgjafa – STOMP. Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember. Nemendur 6. bekkja fluttu ásamt hollvinum Flataskóla og nemendum í 7. bekk Sunnan undir sæinn breiða. Samvinna um tónlistarflutning á jólaskemmtun skólans.



Nemendur úr tónmenntahópum fluttu blússlagara á Ljóðahátíð Flataskóla. Valkvæð þátttaka nemenda úr 6. bekkjum í opunaratriði Listadaga barna og ungmenna í Garðabæ. Nemendur fluttu STOMP-atriði í lautinni á Garðatorgi á endurnýtanlega hljóðgjafa. Opinn fjöldasöngur 6. bekkja miðvikudaginn 12. maí.

### Námsmat

Opin skil á vinnu nemenda á sal, uppskeruhátíðir, tónleikar, fjölþjóðahátíð þar sem sýningin þjónar sömu þáttum og verkefnamappa. Yfirlit yfir það helsta sem nemendur hafa unnið að og náð tökum á yfir veturinn. Sýning/tónleikar er lifandi listflutningur fyrir lifandi fólk þar sem krafist er kunnáttu á hartnær öllum sviðum.

Gefið er í bókstöfum frá og með 4. bekk ásamt umsögnum frá 1. bekk og upp úr. Jafnframt fær hver nemandi ferilskrá við skólaslit þar sem farið er yfir helstu verkefni vetrarins.

### Mat á vetrinum

Vetrarstarfið gekk í alla staði mjög vel og má þakka það að miklu eða öllu leyti góðri samvinnu meðal starfsfólks. Allir nemendur skólans tóku þátt í hátíðardagskrá á degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Menningarferðir 1. og 5. bekkja og plötuupptökur Kórskóla 3. og 4. bekkja eru góður grunnur að áframhaldandi öflugum menningarstarfi. Vorið var litað af vandaðri tónleikadagskrá sem nemendur, foreldrar og skólinn geta verið stolt af. Jafnframt er góður meðbyr í kennurum sem mæta með vinabekki á tónleika og auka þannig vægi menningar innan skólans. Mikill söknuður var af samvinnu í hljóðfærasmíði við Halldór Vilhelmsson því var farið á Sólheima í Grímsnesi þar sem hljóðfærasmíði heimamanna og umhverfisvænn lífsstíll var í brennidepli. Stefnt er að því að taka upp samvinnu við Sólheima um söfnun kertaafganga fyrir kertasmiðjuna þeirra næsta vetur. COMENIUSAR-verkefnið *Vængjaðir vinir* hefur litað allt skólastarf frá 1. upp í 5. bekk og eru verkefni og afrakstur sýnileg á göngum skólans. Sérstakt COMENIUSAR-torg er í anddyri skólans og fuglatré utan við anddyrið þar sem nemendur fóðra fugla á vetrum. Verkefninu verður áframhaldið næsta vetur og verður gaman að fræðast enn frekar um fugla og menningu annarra þátttökuskóla.

*Hjördís Ástráðsdóttir, tónmenntakennari*

## 10. Ýmsar skýrslur

### Skýrsla námsráðgjafa

#### 1. Inngangur

Starfshlutfall námsráðgjafa minnkaði úr 66% í að vera 50% staða skólaárið 2009-2010, en auk þess kenndi ég lífsleikni í 5. og 6. bekkjum. Þetta var fimmta árið mitt sem námsráðgjafi við skólann. Ég hef átt gott samstarf við hóp námsráðgjafa í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu í vetur eins og áður, jafnframt höfum við námsráðgjafar í grunnskólum í Garðabæ átt reglulega samstarfsfundi í vetur. Hér á eftir mun ég gera grein fyrir helstu verkefnum mínum sem námsráðgjafi í Flataskóla skólaárið 2009-2010.

#### 2. Helstu áherslur

Markmið námsráðgjafar í grunnskólum er að veita nemendum faglega þjónustu og ráðgjöf í málum sem tengjast námi þeirra, framtíðaráformum, samskiptum og líðan í skólanum. Sérstök áhersla er lögð á að allir nemendur skólans fái notið þjónustu námsráðgjafans.

Námsráðgjafi vinnur forvarnarstarf með því m.a. að veita nemendum þann stuðning sem þeir þurfa til að skólagangan nýtist þeim sem best.

Námsráðgjafi aðstoðar nemendur við að átta sig á eigin hæfileikum og áhugamálum og setja sér markmið.

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og málsvari allra nemenda skólans og gætir hagsmuna þeirra.

Námsráðgjafi styður nemendur vegna tímabundinna erfiðleika eða áfalla. Hann leitast við að greina vanda nemenda og vísa til viðeigandi meðferðaraðila ef þörf krefur.

Námsráðgjafi leggur sérstaka áherslu á vinnu með hópa og á forvörn.

Námsráðgjafi leitast við að vera í góðri samvinnu við alla starfsmenn skólans.

Námsráðgjafi aðstoðar kennara í einstökum málum sem og foreldra og fleiri samstarfsaðila.

#### 3. Helstu þættir starfsins

##### 3.1. Samstarfsaðilar

Námsráðgjafi sat nemendaverndarráðsfundi einu sinni í viku ásamt skólastjóra, aðstoðar-skólastjóra, deildarstjórum yngra og eldra stigs, skólasálfræðingi og skólahjúkrunarfræðingi. Námsráðgjafi er ritari hópsins. Fulltrúi félagsþjónustunnar í Garðabæ kom auk þess á nokkra fundi. Á nemendaverndarráðsfundum koma oft fyrir mál sem námsráðgjafi vinnur með eða er falið að vinna með.

Margir fundir voru með kennurum, bæði formlegir og óformlegir, um mál einstaka nemenda eða nemendahópa og ýmis málefni sem upp komu. Samskiptamál milli nemenda, hegðunarvandamál og almenn vanlíðan voru algengar ástæður þess að bekkjarkennarar fengu aðstoð námsráðgjafa. Reyndi námsráðgjafi eftir bestu getu að bregðast við og finna ráð sem stuðlað gætu að bættri líðan. Það var gert með einstaklingsviðtölum, bekkjarfundum og vinnu með smærri hópa. Eins vísaði ég málum til sálfræðings eða annarra fagaðila. Samstarf við sálfræðing skólans var mjög gott, svo og samstarf við deildarstjóra yngra og eldra stigs. Að hausti var farið yfir málefni allra þeirra nemenda sem talin var þörf á að fylgjast sérstaklega með. Deildarstjórar fylgdust með framgangi mála hjá nemendum og höfðu samband við námsráðgjafa eftir því sem þurfa þótti og báðu um aðstoð. Samstarf við aðra skólastjórnendur var einnig gott. Rædd voru mál einstaka



nemenda og námsráðgjafi beðinn að aðstoða við þau mál sem talið var að hann gæti haft góð áhrif á.

### 3.2. Viðtöl

Flestir nemendur koma í viðtöl vegna tilvísunar, annað hvort frá kennara, skólastjórnendum, skólasálfræðingi og/eða foreldrum. Viðtölin snérust m.a. um námstækni, prófkvíða, heimanám, samskiptavandamál og um líðan bæði í skólanum og utan hans. Reynt var að styrkja sjálfstraust þeirra og félagsfærni, kenna þeim námstækni, hvernig best er að skipuleggja nám sitt og tileinka sér betri vinnubrögð í námi.

### 3.3. Vinna með hópa – hópráðgjöf.

Áhersla er lögð á að þjónusta námsráðgjafans sé fyrir alla nemendur skólans. Strax í upphafi skólaárs fór námsráðgjafi á fundi með kennurum allra árganga skólans og bauð fram þjónustu sína, ásamt því að koma með hugmyndir, bæði að samstarfi, námstækni og félagsfærni í árgöngunum. Undirtektir kennara voru mjög góðar.

Námsráðgjafi var með lífsleiknikennslu í öllum 5. og 6. bekkjum í vetur. Verkefni voru byggð á aðalnámsskrá í lífsleikni og yfirleitt haldnir bekkjarfundir einu sinni í mánuði þar sem ýmis mál voru tekin fyrir. Einnig var unnið með námstækni.

Námsráðgjafi var með félagsfærni og námstækni í hinum árgöngum skólans s.l. vetur, ýmist með hálfan bekk eða smærri hópa.

Námsráðgjafi bauð kennurum upp á aðstoð við bekkjarfundi sem nokkrir kennarar nýttu sér. Námsráðgjafi aðstoðaði deildarstjóra við líðan og áhugakannanir í yngri bekkjum skólans..

### 3.4. Eineltismál

Námsráðgjafi heldur utan um eineltismál skólans. Námsráðgjafi vinnur að þeim málum í nánú samstarfi við viðkomandi bekkjarkennara og deildarstjóra. Hann er einnig í eineltisteymi grunnskólanna í bænum, sem heldur utan um þau mál í skólunum og heldur reglulega fundi.

## 4. Önnur verkefni – viðhald fagþekkingar

Skólafærni SMT (School Management Training). Námsráðgjafi stjórnar vinnuhópi sem heldur utan um SMT vinnu í skólanum. Haldnir voru sautján fundir í hópnum ásamt annarri vinnu sem tengist SMT.

Í vinnuhópi um gerð nýrrar námsskrár í lífsleikni í Garðabæ

Fundir með umsjónarkennurum, foreldrum og deildarstjórum vegna ýmissa mála.

Kennarafundir.

Nemendaverndarráðsfundir

Fyrirlestrar á vegum Félags náms- og starfsráðgjafa

Fyrirlestrar á vegum Lionshreyfingarinnar um úrræði á erfiðum tímum

Í eineltisteymi grunnskólanna í Garðabæ

Í áfallateymi skólans

Í fagráði Félags náms- og starfsráðgjafa

Sótti ráðstefnu í Bandaríkjunum fyrir námsráðgjafa í grunnskólum, „Changing Lives, Building Futures“.

## 5. Lokaorð

Ég hef hér reynt að gera grein fyrir helstu þáttum í starfi mínu starfsárið 2009-2010. Starfið hefur verið fjölbreytt og nemendum sem komið hafa til námsráðgjafans hefur fjölgað á milli ára, nema s.l. ár hefur heldur fækkað þrátt fyrir kreppu í þjóðfélaginu. Markmið mitt í vetur var að halda áfram því fyrirbyggjandi starfi sem byrjað var á. Ég tel að það hafi tekist.

Ég ásamt nokkrum námsráðgjöfum í grunnskólum skipulögðum námsefni í félagsfærni og námstækni fyrir 1.-10. bekk. Hef ég þróað það og endurbætt og hefur það nýst vel í starfi mínu hér.

Ekki er mögulegt að skrá alla þætti starfsins, þætti sem geta verið jafn mikilvægir og þeir skráðu. Það eru þættir eins og símtöl, „fundir“ á göngum og kaffistofu og ýmis undirbúningsvinna og skráningar.

Til að starf námsráðgjafa skili árangri þarf gott samstarf við alla aðila að vera fyrir hendi. Ég hef átt gott samstarf við starfsfólk skólans, svo og foreldra. Það er ómetanlegt og vil ég þakka það.

Ásta Bára Jónsdóttir, námsráðgjafi



Góðir vinir í Flataskóla

## **Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu - og upplýsingatækni**

### **Starf kennsluráðgjafa**

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun í tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfinu. Hann vinnur með nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans. Hann vinnur einnig með tölvuumsjónarmanni skólans og er í nánú samstarfi við hina kennsluráðgjafana í tölvu- og upplýsingatækni í skólum Garðabæjar. Upplýsingamiðlun er stór hluti af starfi hans og hann hefur umsjón með vef skólans, útbýr upplýsingar um kennsluefni og leiðbeiningar til að auðvelda aðgengi að tölvu- og tækjakosti skólans. Kennsluráðgjafi tók þátt í þemadögum, íþróttadögum og sá um að taka myndir af sérstökum atburðum á vegum skólans og setja á vefsíðu. Námsáætlanir í tölvu- og upplýsingatækni voru uppfærðar í nánú samstarfi kennsluráðgjafa grunnskólanna í Garðabæ.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni við grunnskóla Garðabæjar héldu fundi reglulega og ræddu um reglur varðandi öryggismál, vefi skólanna, sameiginleg hugbúnaðarkaup og framkvæmd verkferla. Einnig kynntu þeir sér hugbúnað sem stóð til boða og hægt er að nota í skólastarfinu. Þá fjölluðu þeir um aðgengi kennara að nemendasvæðum, fóru yfir reglur vegna tölvupósts og hvernig aðgengi nemendur hafa að tölvukerfi skólans og internetinu úr tölvum skólans. Unnar voru leiðbeiningar fyrir



nemendur og kennara um tölvunotkun í skólum, einnig voru bornar saman og samræmdar tölvureglur fyrir skólana. Ráðgjafarnir skipulögðu námskeið fyrir starfsfólk og sótt var um styrk fyrir næsta skólaár til að halda námskeið í tölvu- og upplýsingatækni fyrir starfsfólk skólanna og fékkst talsverð upphæð til þess árna. Einnig var sótt um styrk hjá Comeníusi til að fara á námskeið erlendis og fékkst jákvætt svar. Farið verður á vikunámskeið í september 2010 þar sem meginmarkmiðið verður hvernig nýta má tölvur og upplýsingatækni í skólastarfi.

Breyting á tölvudeildinni tók gildi nú um áramótin 2009-2010 og eru nú tölvuumsjónarmenn með aðsetur á bæjarskrifstofunni en hafa mismunandi viðveruskyldu í skólunum.

### Aðstaða til kennslu

Tvær samliggjandi tölvustofur eru í skólanum þar sem önnur er með 12 tölvur (frá árinu 2007) og í hinni eru 15 tölvur (frá árinu 2006) einnig eru skjávarpar í báðum stofunum sem hægt er að samtengja frá annarri hvorri kennaratölvunni. Settar voru upp slár í tölvustofunum til að geyma heyrnartækin. Þótti það til bóta og koma þau betur undan vetri en áður. Keypt voru ný heyrnartól í lok vorannar bæði fyrir fartölvuvagn og tölvustofur.

Á bókasafni eru átta tölvur (frá árinu 2007) og skjávarpi sem bókasafnsfræðingur notar við kennslu og ýmsar aðrar upptækur á safninu.

Þrjár til fjórar tölvur eru í þremur sérkennslustofum (frá árinu 2003). Þá var gagnvirk tafla „Smart Board“ (frá árinu 2008) sú eina sinnar tegundar í skólanum og var hún notuð við kennslu í öðrum bekk í vetur.

Í skólanum eru því um 70 nemendatölvur þannig að 4,3 nemendur eru á hverja tölvu.

### Nám og kennsla

Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni í Garðabæ voru hafðar til hliðsjónar við kennslu í tölvu- og upplýsingatækni.

Kennsla í tölvustofu, tölvunotkun nemenda og nýting upplýsingatækni miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér tölvurnar í tengslum við annað nám. Í vetur var kennurum veittur aðgangur að heimasvæðum nemenda til að skoða verkefni og fleira sem þeir höfðu unnið og sett á heimasvæðið sitt.

Kennsluráðgjafi vakir yfir starfi umsjónarkennara og leitar að tengslum við tölvu- og upplýsingatækni þar sem við á. Umsjónarkennarar og bókasafnsfræðingur unnu saman um afmörkuð verkefni í öllum árgöngum. Öll vinnan miðaðist að sjálfsögðu við markmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni. Þjálfunarforrit voru nýtt þar sem við átti.

#### 1. - 2. bekkur


Nemendur í 1. bekk og 2. bekk fengu einn tíma á viku í tölvuveri allan veturinn. Nemendur lærðu að skrá sig inn í tölvurnar og nota kennsluforrit og ritvinnslu. Einnig lærðu þeir að fara á netið og vinna með hugbúnað í tengslum við námsefni t.d. af vef Námsgagnastofnunar.

#### 3. - 6. bekkur


Nemendur í 3. til 6. bekk fengu einn tíma á viku heill bekkur en auk þess fékk hálfur bekkur í hverjum árgangi einn tíma á viku hálfan veturinn á móti annarri námsgrein (tónmennt).

Kennarar höfðu náms-áætlanir frá kennsluráðgjafa sem viðmið við notkun tölvu- og upplýsingatæknina sem verkfæri í skólastarfi.

Færni nemenda á lyklaborðið var könnuð svo og hraði tvisvar yfir veturinn hjá 6. bekk en einu sinni á miðjum vetri hjá 5. bekk. Á myndinni má sjá að betur má ef duga skal. Við þurfum að fá fleiri nemendur í grænu og hvítu súlurnar. Viðmið í hraða fyrir 6. bekk eru 100 slög á mínútu. Við kannanirnar var notaður hugbúnaðurinn Typing Master sem hlaðið var niður af netinu endurgjaldslaust. Hægt er að kaupa hugbúnaðinn sem gefur þá fleiri tækifæri til að halda utan um og kanna færni og framvindu hjá nemendum. Nemendur í 6. bekk unnu verkefni í landafræði á vef (sjá verk nemenda á vefsíðu skólans) sem kennsluráðgjafi aðstoðaði við. Vefurinn var unninn í Wikispaces.



## 7. bekkur



Nemendur í 7. bekk voru með einn tíma skráðan í töflu í tölvuveri. En kennarar nýttu sér einnig lausa tíma í tölvuveri og fartölvuvagninn. Könnun á hraða og í að nota lyklaborðið og var lögð fyrir nemendur í 7. bekk tvisvar yfir veturinn. Eins og sjá má á myndinni verðum við að taka okkur á í þessum málum. Við viljum að sem flestir raði sér í hvítu súluna. Viðmið í hraða fyrir 7. bekk eru 120 slög á mínútu.

Kennsluráðgjafi óskaði eftir kennsluáætlunum frá kennurum um hvernig þeir hygðust nota tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfinu en aðeins fjórir kennarar skiluðu þeim. Allir nemendur voru með aðgang að innraneti skólans og tölvupóstfangi sem var jafnframt aðgangsorð þeirra að innranetinu.

Nokkrum nemendum úr 5. til 7. bekk var boðið á kvikmyndanámskeið í tengslum við RIFF hátíðina í Reykjavík í september 2009. Kennsluráðgjafi tók að sér verkefnið og fór með sjö nemendur í Norræna húsið í eina viku og þar fengu þeir fyrirlestra um gerð handrita, upptökur og klippingu myndbanda. Verklegr vinna fór fram eftir fyrirlestrana og afrakstur var myndband sem sýnt var á hátíðinni. Skólinn var með áskrift að skólavefnum, ordabok.is og stærðfræði- og tölvulæsisvefnum rasmus.is.

### Mentor.is


Kennarar skráðu ástundun nemenda, færðu dagbók, verkefnabækur og einkunnir í hugbúnað á Netinu sem kallast mentor sem heldur utan um gögn nemenda frá leikskólaaldri til framhaldsskólaaldurs. Forráðamenn höfðu veflykil sem veitti þeim aðgang að upplýsingunum þar þannig að þeir gátu fylgst með ástundun og framvindu náms barna sinna. Kennarar notuðu einnig tölvupóst í mentor til samskipta við forráðamenn en um 99% heimila nemenda í Flataskóla eru með skráð netföng inni í mentor. Ný aðgerð á mentorvefnum kom á árinu en nú geta notendur náð sér sjálfir í ný lykilorð ef þeir hafa gleymt því.

Upplýsingar um skólastarf voru einnig settar á suma kennaravefi en allir árgangar í Flataskóla voru með vef sem getur gefið gagnlegar upplýsingar um skólastarfið í hverjum árgangi fyrir sig. Einnig voru vefir frá verk- og listgreinakennurum á vefsíðu skólans þar sem m.a. mátti lesa um tónlistarstarfið, matreiðslu og uppskriftir, verkefni og viðburði á bókasafni. Þá eru myndasýnishorn af smíðisgrípum sem nemendur eiga kost á að vinna.

### Ritþjálfari - vélritun

Vélritunarkennsla í 4. - 7. bekk fór fram í tölvuverum og var þá stuðst við kennsluforritið Ritfinn. Einnig var stuðst við hugbúnað á gagnvirkum vefjum eins og <http://www.typingweb.com/> og <http://sense-lang.org/typing/>. Nemendur í 1. - 3. bekk fengu fimm til sex vikna námskeið í fingrasetningu einu sinni á hvorri önn. Til þess var notuð lítil sjálfstæð forrituð tölva (ritþjálfari) ætluð til lyklaborðs- og fingrasetningaþjálfunar.

### Fartölvuvagn



Á súluritinu má sjá hve margar kennslustundir fartölvuvagninn (15 tölur frá árinu 2006) var notaður síðastliðin tvö skólaár.

Ráðstefnur, málstofur, fundir, heimsóknir o.fl.

Kennsluráðgjafi sótti eftirfarandi námskeið og kynningar:

- Haustráðstefna Samtaka áhugafólks um skólabróun haldin í Breiðholtsskóla. Ráðstefnan fjallaði um listir og sköpun í skólastarfi og var haldin í ágúst 2009.
- Ráðstefna í október 2009 um skapandi skólastarf sem 3F og Rannum héldu um opnar leiðir í námi og kennslu, haldin í Kennaraháskólanum við Stakkahlíð.
- Ferð í október 2009 til London á vegum Comeníusarverkefnisins Vængjaðir vinir.
- Hádegisfundur í október 2009 í Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð vegna stærðfræðileika Sveins Ingimarssonar, kennara við Hagaskóla og meistaranema og Þorbjargar Þorsteinsdóttur vefstjóra í tengslum við tungumálaver Laugalækjaskóla.


- 29. og 30. október - málvísindasvið Háskóla Íslands - Föruneyti barnsins, velferð og veruleiki.
- 19. nóvember 2009 - Skóli án aðgreiningar, áskoranir og hindranir. Kastljósi beint að starfsfólki skólasamfélagsins. Ráðstefna haldin í húsnæði Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð
- 24. nóvember 2009 - kynning hjá Nýherja um nýjungar í Office 2007.
- Nordplus námstefna 11. desember 2009 á Hótel Sögu - námsstyrkjakynning
- Fyrirtækið Atmos bauð á kynningu á Google Apps Education Edition 9. mars 2010 í sal Hugmyndahúsi háskólanna.
- Fékk boð um að taka þátt í fimm ára afmælisráðstefnu eTwinning í Seville í febrúar 2010 í boði Alþjóðaskrifstofunnar á Íslandi.
- Verðlaunaafhending á veitingastað í Lækjargötu vegna Schoolovision 2009 en verkefnið vann til verðlauna á Íslandi og fékk myndbandsvél í sinn hlut.
- Kaffifundur hjá Mentor - kynning á nýjungum og fleiri gagnlegum atriðum.
- Sat mánaðarlega fundi með Völu Dröfn og kennsluráðgjöfum grunnskóla Garðabæjar á Bæjarskrifstofu Garðabæjar. Sat einnig nokkra fundi með tölvuumsjónarmanninum Jóni Sigþóri Jónssyni, Völu Dröfn og Sigurveigu Sæmundsdóttur skólastjóra um sértæk mál Flataskóla.
- Kennsluráðgjafi situr í sjálfsmatsnefnd skólans. Hann lagði fyrir nokkrar kannanir í vetur, foreldrakönnun, líðankönnun í eldri bekkjum og starfsmannakönnun sem unnin var eftir stefnukorti Flataskóla. Einnig vann hann að eineltiskönnun sem lögð var fyrir nemendur í öllum grunnskólum bæjarfélagsins. Hann vann úr foreldra- og starfsmannakönnunum og kynnti niðurstöður þeirra á starfsmannafundi í apríl 2010. Niðurstöður þeirra birtast annars staðar í þessari skýrslu.
- Kennsluráðgjafi skipulagði í janúar 2010 heimsókn Dana, Letta og Litháa í tengslum við undirbúning á verkefninu The Rainbow of Folklore á vegum Nord Plus samtakanna.

## Örnámskeið

Nokkur örnámskeið fyrir starfsfólk skólans voru haldin með jöfnu millibili á skólaárinu, aðallega á haustönn. Þar má nefna eftirfarandi: FreeMind, tækninámskeið (í hátíðarsal), Power Point, Outlook pantanakerfið, Google Earth, Mentor, vefumsjónarkerfið Lísa, Picture Manager og tölvupóstur. Þetta voru klukkustundarlöng námskeið haldin í skólanum síðdegis og leiðbeinandi var kennsluráðgjafi skólans. Sum námskeiðin voru haldin tvisvar í sömu vikunni til að koma til móts við sem flesta.


## Heimasíða

Kennsluráðgjafi sér um að halda úti heimasíðu skólans. Vefsíðan er unnin í vefumsjónarkerfinu Lisu. Áhersla er lögð á að setja á heimasíðuna nýjar upplýsingar um skólastarfið nokkrum sinnum í viku. Fréttir og myndir af skólastarfinu eru vinsælt skoðunarefni. Einnig er þar að finna sýnishorn af vinnu nemenda. Mikið af verkefnum sem nemendur hafa unnið í samstarfi við bókasafnsfræðinginn er að finna þar. Frá ágúst 2009 til júní 2010 hafa vikulega komið um það bil 1000 mismunandi notendur inn á




heimasiðu skólans. Daglega mælum við um 100 - 150 notendur á síðunni. Á myndinni sést að heimsóknir á kennaravefina eru í næstefsta sæti hvað varðar fjölda heimsókna. Síður sem oftast var farið inn á voru kennaravefirnir, fréttir og krækjusafnið.

Fjöldi einstakra notenda á mánuði



Hver notandi telst aðeins einu sinni í hverjum mánuði.

Fjöldi allra notenda á mánuði.



Notendur á mánuði eru að meðaltali í kringum 6300 en fóru upp í 7786 í mars mánuði 2010.

## Samskiptaverkefni

Í Flataskóla voru unnin allmörg rafræn verkefni á vegum eTwinning í vetur. eTwinning er rafrænt skólasamstarf í Evrópu. Kennsluráðgjafi var milligöngumaður um að óska eftir samstarfi við aðra skóla í eTwinning. Verkefnin sem unnin voru í vetur voru: Schoolovision, A Snapshot of Europe, Let's read, write and talk together, Books make friends og Crossroads of Culture. Lesa má um þau á heimasíðu skólans. Hefur skólinn hlotið margar viðurkenningar fyrir þessi samskipti bæði erlendis og hérlendis. Skólinn hlaut meðal annars myndbandsvél í haust fyrir verkefnið Schoolovision frá Alþjóðaskrifstofunni á Íslandi. Allmargir kennarar skólans skráðu sig á vefinn hjá eTwinning í vetur og eru nú að þreyfa sig áfram á þeim vettvangi. Eitt verkefni var unnið í vetur í Comeníusi, það var verkefnið Vængjaðir vinir (sjá vefsíðu skólans). Þetta verkefni verður líka unnið næsta vetur og stýrir Hjördís Ástráðsdóttir verkefninu. Sótt var um styrk til Nord Plus til að vinna verkefni um menningu og mannlíf næsta ár (The Rainbow of Folklore) og fékkst hann. Það verkefni er unnið með Dönun, Lettum og Litháum. Einnig var sótt um styrk til Comeníusar til að vinna með verkefni á bókasafninu sem tengist læsi. Enn er óljóst hvort styrkurinn fæst. Fimmtu til sjöundu bekkir tóku þátt í stærðfræðiverkefni á netinu - Athletics ([www.mathletics.co.uk](http://www.mathletics.co.uk)) - viku í maí. Þau fengu aðgangsorð á vefinn og gátu unnið heima líka. Nemendur unnu með nemendum út um allan heim en einnig unnu þeir sjálfstætt hverjir fyrir sig. Vakti þetta mikla lukku meðal nemenda og er von okkar að hægt sé að endurtaka leikinn að ári.

## Samstarf við bókasafnsfræðing

Mikið og gott samstarf var með bókasafnsfræðingi og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni. Áætlanir voru gerðar í öllum árgöngum þar sem nemendur var gert að vinna markvisst að því að nýta sér upplýsingatæknina við öflun og vinnslu verkefna ásamt því að mismunandi aðferðir voru kenndar og notaðar við að kynna verkefnin í lok vinnunnar. Lesa má um verkefnin á heimasíðu skólans og einnig er þar hægt að sjá dæmi um útfærslu nokkurra verkefna.

## Framtíðarsýn

- að efla frekar og þjálfa rétta lyklaborðnotkun hjá nemendum
- setja niður stefnu 2 til 3 ára í notkun tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfi Flataskóla
- fá skjávarpa í allar kennslustofur
- fá a.m.k. eina nemendatölvu í hverja stofu
- fá fleiri myndbandsvélar til að vinna myndbönd með nemendum
- fá eina stafræna myndavél fyrir hvern árgang og eina fyrir verk- og listgreinar
- fá eina góða stafræna myndavél og öflugt flass til að nota við „hátíðleg“ tækifæri

*Kolbrún Svala Hjaltadóttir, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni*



## Skýrsla skólabókasafns

Skólasafnið er í glæsilegu húsnæði í nýlegri viðbyggingu skólans. Aðstæður þar eru mjög góðar bæði fyrir nemendur og starfsmenn safnsins. Safnið er mjög bjart og vel skipulagt en í aðalrými þess er útlánaaðstaða, vinnuaðstaða fyrir nemendur og setkrókur fyrir sögustundir. Á safninu starfa Ingibjörg Baldursdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur í fullu starfi og Sólveig Jóhannsdóttir í 50 % starfi.

### Safnkostur

Skráður safnkostur er um 21.331 eintök og skiptist þannig að bækur eru 19.533 eintök en tímarit, hljóðbækur, myndbönd og margmiðlunardiskar eru 1.798 eintök.

Bókasafnsfræðingur sem veitir safninu forstöðu sér um skráningu og flokkun allra safngagna en safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfi sem heitir Gegnir sem Landskerfi bókasafna rekur og hefur umsjón með.

Skráður safnkostur -eintök	Heildar fjöldi útlána	HópaVinna á safni og bókasafnskennsla - kennslust.
21.331	10.241	498

### Safnkennsla / Upplýsingamennt

Bókasafnsfræðingur hefur í vetur kennt nemendum í 1.-3. bekk upplýsingamennt vikulega allan veturinn. Markmiðið með upplýsingamennt er að þjálfar nemendur í að afla, meta og flokka upplýsingar og skila niðurstöðum á skipulegan hátt. Nemendur eru einnig hvattir til að lesa sem mest sér til ánægju og fá þeir því kynningu á margs konar barnabókmenntum og verkum ýmissa rithöfunda.

### Verkefnavinna

Mikið og fjölbreytt starf hefur verið unnið á skólasafninu í vetur. Það er mjög ánægjulegt að sjá hve safnið hefur festis í sessi í skólanum sem allsherjar upplýsingamiðstöð. Það sést meðal annars á því að verkefnavinna á safninu er mikil og er samþætt flestum námsgreinum. Góð samvinna hefur verið með bókasafnsfræðingi, bekkjarkennurum og kennsluráðgjafa í tölvum í þessum verkefnum. Vinnan felst meðal annars í því að nemendur leysa verkefni sem tengjast námi þeirra í skólanum með upplýsingaleit í bókum, af Netinu og margmiðlunardiskum. Flest verkefni hafa verið kynnt fyrir öðrum nemendum, foreldrum og stjórnendum skólans. Mikil vinna hefur verið lögð í að gera kynningarnar sem fjölbreyttastar meðal annars með talsetningu á glærum nemendanna og fleiri nýjungum.

#### 1. bekkir

Nemendur í 1. bekk unnu verkefni um steina. Bókasafnsfræðingur las fyrir nemendur sögur og ljóð um steina en síðan horfðu þeir á kynningu þar sem Oddur Sigurðsson, jarðfræðingur fræddi þá um mismunandi steina. Farið var í vettvangsferð út í hraun og útbúin tröllaandlit í steinunum. Kennari í Flataskóla lánaði steinasafnið sitt til þess að nemendur gætu skoðað mismunandi steina. Nemendur lærðu að þæfa utan um steina í Textilmennt. Afraksturinn varð að PhotoStory kynningu sem bókasafnsfræðingur útbjó með nemendum. Verkefnið er hægt að skoða á heimasíðu skólasafnsins.

#### 4. bekkir

Nemendur í 4. bekk unnu nokkur þemaverkefni á skólasafninu. Fyrsta þemaverkefnið var um dýr sem skipta litum eftir árstíðum. Nemendur leituðu að upplýsingum um dýrin í bókum á skólasafninu og skráðu hjá sér. Þeir útbjuggu veggspjöld með upplýsingunum og myndskreyttu.

Nemendur unnu verkefni með dýr sem lifa í fjörunni. Þeir völdu sér eitt fjörudýr og öfluðu upplýsinga um það og skráðu hjá sér. Afraksturinn var bæklingur sem nemendur unnu í tölvu og myndskreyttu.

Á vorönninni var unnið stórt verkefni um fiska. Bekknum var skipt í sex hópa og hver hópur fékk úthlutað fisk til þess að vinna með. Fyrst öfluðu nemendur upplýsinga úr bókum og skráðu þær hjá sér. Næst fundu þeir lykilorð eða aðalatriði úr textanum sínum og settu það á Power point glærur. Glærurnar voru skreyttar með myndum sem nemendur fundu á Netinu og hæfðu efninu, þeir talsettu síðan glærurnar og sýndu foreldrum sínum á uppskeruhátíð í lok vetrar.

#### 5. bekkir.

Nemendur í 5. bekk unnu verkefni um landnámið. Þeir völdu sér landnámsmann sem þeir vildu fræðast um, öfluðu upplýsinga um hann og skráðu hjá sér. Þeir teiknuðu myndir af landnámsmönnum, útbjuggu líkön af húsum, skipum og áhöldum frá landnámstíma og skreyttu veggj og ganga skólans.

Þessi árgangur vann einnig stórt verkefni í landafræði Íslands á skólasafninu. Hverjum bekk var skipt í átta hópa og fékk hver hópur einn landshluta til að vinna með.

Þeir öfluðu upplýsinga um landshlutana í bókum, af Netinu og Margmiðlunardiskum. Nemendur útbjuggu powerpoint glærur og talsettu þær. Hver hópur valdi þjóðsögu sem á að hafa gerst í landshlutanum þeirra og endursögðu hana inn á glæru.

Nemendur notuðu hugbúnaðinn "Google Earth" til að bera saman upplýsingar úr gögnum sínum og afrituðu myndir þaðan sem þeir notuðu í kynningar sem þeir sýndu foreldrum sínum.

#### 6. bekkir.

Nemendur í 6. bekk unnu tvö stór verkefni á safninu í vetur og tengist annað þeirra Vífilsstaðavatninu. Verkefnið hófst strax á fyrstu dögum skólans því mikilvægt er að nemendur skoði gróður og dýralíf þar eins fljótt og auðið er og áður en vetur gengur í garð. Nemendur öfluðu auk þess upplýsinga úr bókum og af Netinu og skráðu hjá sér eftir að hafa umorðað textana. Afraksturinn var mappa sem inniheldur m.a. þurrkaðan gróður, teikningar og ýmsar upplýsingar um náttúru Vífilsstaðavatns.

Nemendur útbjuggu einnig stutta glæru-kynningu sem þeir talsettu.

Seinna verkefnið unnu nemendur á vorönninni um Norðurlöndin. Hverjum bekk var skipt í sjö hópa og fékk hver hópur eitt Norðurlandanna til að vinna með. Hver hópur aflaði upplýsinga í bókum, af Netinu og úr bæklingum. Brýnt var fyrir nemendum að taka aldrei beint upp úr heimildum heldur umorða eða endursegja það sem þeir skráðu hjá sér.

Nemendur fundu á Netinu myndir, myndbönd, tónlist, skjaldarmerki og ýmislegt fleira sem tengist hverju landi fyrir sig. Þessi gögn ásamt upplýsingunum settu nemendur á Wikispaces síður sem þeir stofnuðu fyrir löndin. Nemendur buðu foreldrum sínum á kynningu á vordögum og kynntu fyrir þeim afrakstur þessara vinnu.

#### 7. bekkir.

Nemendur í 7. bekk unnu verkefni í landafræði um borgir í Evrópu. Bekkjunum var skipt í nokkra hópa sem hver um sig aflaði upplýsinga úr bókum, bæklingum og af Netinu um eina borg í Evrópu. Bókasafnsfræðingurinn kynnti verkefnið fyrir nemendum í „*Gettu betur*“ formi og vaknaði þar strax mikill áhugi á að fræðast meira um borgir í Evrópu. Glæsilegir bæklingar sem nemendur útbjuggu í tölvuforritinu Publisher var afrakstur þessa verkefnis.

### Lestaráttak

Á haustönn tóku nemendur í 3.,4.,5.,6. og 7. bekk þátt í lestrarátaki sem hófst á skólasafninu. Hvert áttak stóð yfir í eina viku og hafði skólasafnið umsjón með þeim. Farið var yfir reglur og skráningarkerfi lestrarátaksins sem starfsmenn safnsins héldu utan um. Bekkirnir sem unnu keppnina í sínum árgangi fengu bikar en einnig fengu mestu lestrarhestarnir viðurkenningarskjöl og/eða bókaverðlaun.

### Lestrarsprettur

Á vorönn tók 5. bekkur þátt í lestrarspretti sem stóð yfir í fimm daga. Bókasafnsfræðingur skólans fyllti stóra kassa af skemmtilegum bókum og setti í allar bekkjarstofur árgangsins. Nemendur völdu sér bækur úr kössunum til að lesa og reyndu að lesa sem flestar þeirra á meðan lestrarspretturinn stóð yfir. Nemendum gafst tækifæri til að lesa í a.m.k. 15 mínútur á dag í skólanum en einnig lásu þeir í bókunum heima. Nemendur skiptust á að lesa upp úr bókunum í skólanum fyrir bekkjarfélagana og æfðu sig þannig fyrir upplestrarkeppnina um vorið. Þeir skráðu umsagnir sínar og gáfu bókunum einkunn á Wallwisher en það er vefsíða á Netinu sem búin var sérstaklega til fyrir þetta verkefni. Nemendur sýndu verkefninu mikinn áhuga og kepptust við að lesa og skrá umsagnir um bækurnar á vefinn og æfðu sig jafnframt í upplestri með því að lesa fyrir bekkjarfélagana. Hægt er að sjá afraksturinn á heimasíðu skólasafnsins.

### Viðburðir

Á skólasafninu eru skipulagðir ýmsir viðburðir eftir því sem tilefni er til. Bangsavika er haldin árlega á skólasafninu í kringum Alþjóðlega bangsadaginn sem er 27. október ár hvert. Yngstu nemendur skólans koma þá með bangsa að heiman í bókasafnstímann. Við lesum bangsasögur, semjum sögur, teiknum myndir og fræðumst um það hvernig fyrsti leikfangabangsinn varð til fyrir rúmum 100 árum.



Við fengum skólahóp frá leikskólanum Bæjarbóli í heimsókn í byrjun bangsavikunnar og tóku börnin þátt í bangsadagskrá skólasafnsins.

Bangsavikan í ár var dálítið óvenjuleg því við höfum eignast sérstakan ferðabangsa sem heitir Sveinbjörn. Hann hefur ferðast töluvert með nemendum og starfsfólki skólans og fengu nemendur að hlusta á ferðasögur hans í bangsavikunni. Mikill áhugi er hjá yngstu nemendum að ferðast með Sveinbjörn og hvetjum við alla til að lesa ferðasögurnar hans á heimasíðu skólasafnsins.

Norræna bókasafnsvikan er haldin hátíðleg í mörgum almennings- og skólasöfnum á Norðurlöndunum á hverju ári. Að þessu sinni var hún haldin dagana

9. til 16. nóvember. Í ár var þemað „Stríð og friður á Norðurlöndunum“ Á skólasafni Flataskóla var lesið upp úr „Einar Áskell og stríðspabbinn“ fyrir yngstu nemendur skólans í bókasafnstímanum þeirra. Lesið var við kertaljós og reynt að skapa notalega og rólega lestrarstund. Athygli nemenda var vakin á ýmsum öðrum skemmtilegum barnabókum sem til eru á safninu eftir norræna rithöfunda.

Í tilefni af degi bókarinnar föstudaginn 23. apríl var boðið upp á upplestur úr skemmtilegum bókum á skólasafninu. Nemendur í fjórða bekk lásu upp úr fyrstu bókinni um „Skúla skelfi“ og fluttu nokkur ljóð eftir Þórarinn Eldjárn. Nemendum í öðrum bekk var boðið að hlýða á upplesturinn.

Nokkrir nemendur í 3. bekk lásu einnig upp úr skemmtilegum bókum sem nemendur í fyrsta bekk hlýddu á. Upplstur af þessu tagi er mikil lestrarhvatning fyrir þá sem á hlýða og eldri nemendurnir fá góða þjálfun í að koma fram og lesa fallega upp úr bókum.

Lestrarmaræðun 7. bekkjanna var haldið í vetur eins og undanfarin ár en hver bekkur gisti á safninu eina nótt með bekkjarkennaranum og bókasafnsfræðingnum og lásu la ngt fram eftir. Markmiðið með lestrarmaræðuninu er að lesa sem mest. Fyrir valinu í ár varð bókin „Draugaslóð“. Mikið var lesið þessi kvöld enda lesefnið mjög spennandi. Kristín Helga Gunnarsdóttir, höfundur bókarinnar kom í heimsókn og ræddi við nemendur um söguvið bókarinnar og sagði þeim frá þjóðsögum sem tengjast sögunni. Ýmislegt óvænt gerðist í myrkrinu sem gerði kvöldin enn eftirminnilegri. Eftir gistinguna unnu nemendur verkefni í tengslum við bókina sem þeir lásu um kvöldið og er hægt að skoða verkefni á Netinu.

Í vetur tók undirrituð ásamt Kolbrúnu Hjaltadóttur og Olgu Snorradóttur þátt í samstarfsverkefni með 4. OS og nemendum í enskum skóla "Carlton Primary School" í tengslum við lestur og ritun. Verkefnið kallast "Let's read, write and talk together".

Markmiðið með verkefninu er að efla læsi og lesskilning og tengjast m.a. við enskunám nemenda. Einnig á það að opna sýn inn í tölvu- og netheiminn þar sem nemendur spjalla á veffundum undir umsjón kennara. Verkefnið fólst í því að nemendur lásu sömu bókina á eigin móðurmáli og ræddu um innihald hennar og voru með vangaveltur um það sem þeir lásu. Bókin sem lögð var til grundvallar að þessu sinni er um „Skúla skelfi“ eftir Francesca Simon og teiknari er Tony Ross. Nemendur hittust á veffundum þrisvar þ.e. í febrúar, mars og júní. Þar var skyggst inn í umhverfi þeirra t.d. skólastofuna og bókasafn. Teknar voru myndir af umhverfi skólans og af nemendum við vinnu við verkefnið. Nemendur í 4. OS fengu margar sprurningar frá erlendu nemendum sem þeir svöruðu á ensku á veffundunum.



Vefsíða með upplýsingum um starfsemi skólasafnsins hefur nú verið þýdd á ensku. Meginástæða þess er sú að verið er að undirbúa Comenius verkefni um safnakennslu með sjö öðrum skólum í Evrópu. Vefsíður á ensku geta einnig verið gagnlegar fyrir foreldra erlendra nemenda í Flataskóla.

### Heimsóknir

Ákveðin hefð hefur skapast um heimsóknir á Bókasafn Garðabæjar með nemendur í 2. og 4. bekk. Nemendum er þá sýnt safnið og þeir fá fræðslu um starfsemi þess. „Sumarlesturinn“ er kynntur fyrir nemendum í 2. bekk og þeir nemendur í 4. bekk sem ekki áttu bókasafnsskírteini fengu þau gefins í þessari heimsókn. Ýmsir hafa heimsótt skólasafnið í vetur til þess að fá kynningu á hvernig starfseminni hér er háttað.

Af framangreindu er ljóst að fjölbreytt starf fer fram á skólasafninu og verður áfram unnið að því að þróa starfsemina þannig að safnið styðji vel við skólastarfið í Flataskóla.

*Ingibjörg Baldursdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur*

## Skýrsla tómstundaheimilis Flataskóla

Starfsemi Tómstundaheimilis Flataskóla er staðsett í Flataskóla og heitir Krakkakot. Starfið í Krakkakoti byrjar eftir að skóla lýkur og er til kl. 17:00. Í boði er dægradvöl fyrir 1-4 bekk en í vetur voru einungis börn úr 1., 2. og 3. bekk.

Fjöldi barna í vetur var 74 börn.

- 1. bekkur 24 börn
- 2. bekkur 30 börn
- 3. bekkur 20 börn

Í Krakkakoti störfuðu skólaárið 2009-2010 fjórir starfsmenn og einn stuðningsfulltrúi.

### Innra starf

Þar sem börnin eru í skipulögðu starfi á skólatímanum leggjum upp úr því að börnin hafi frjálst val þegar í Krakkakot er komið.

Í boði er að perla, lita, lesa, teikna, kubba, dúkkuleikur, bílaleikur, dansa og fönbra. Í vetur var tekið í notkun herbergi á efri hæð, þar leggjum við áherslu á rólegheit. Þar eru púðar og teppi og þar lesa börnin og spjalla saman.

Á þessu skólaári var bryddað upp á þeirri nýjung að kenna börnunum að þrjóna. Einu sinni í viku mega þau fara í tölvuverið í ca. eina klukkustund og er þeim skipt eftir aldri. Einnig höfum við nýtt okkur list- og verkgreinastofur skólans. Við förum í stærðfræðistofuna, lesurum og skoðum bækur á bókasafninu og farið er í græna salinn í íþróttahúsinu. Við horfum á kappleiki og höldum diskótek í hátíðarsalnum og síðast en ekki síst höfum við farið í heimilisfræðistofuna og börnin hafa fengið að baka fyrir alla í Krakkakoti.

Fyrir áramót var boðið uppá tæknilegónámskeið og var leiðbeinandi Jóhann Breiðfjörð. Starfsmenn Krakkakots hafa það að leiðarljósi að börnunum líði vel og að þau séu ánægð í Krakkakoti.



*Dóra Þórisdóttir, umsjónarmaður tómstundaheimilisins Krakkakots*